

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar.

Frá félags- og vinnumarkaðsráðherra.

### I. KAFLI

#### Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið o.fl.*

Lög þessi gilda um framkvæmd öryggisráðstafana, sem einstaklingar eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga, og framkvæmd öryggisvistunar á grundvelli annarra laga.

Þegar ákveðið er að öryggisráðstöfun sem barni er gert að sæta skuli framkvæmd með þeim hætti að barn skuli vera í barnaverndarúrræði gilda barnaverndarlög um framkvæmd vistunarinnar en um málsmeðferðina gilda ákvæði III., IV. og X. kafla þessara laga.

Þegar kveðið er á um sérreglur um börn í lögum þessum gildir hið sama um einstaklinga sem eru eldri en 18 ára að því marki sem unnt er að framlengja úrræði samkvæmt barnaverndarlögum eftir 18 ára aldur.

##### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið laga þessara er að framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sé í hvítetna í samræmi við vernd mannréttinda og að réttaröryggi þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum sé tryggt. Enn fremur að þeir sem sæta slíkum ráðstöfunum fái viðeigandi stuðning, þjálfun og meðferð sem og að gætt sé að sjálfsákvörðunarrétti og lífsgæðum þeirra að því marki sem annað leiðir ekki af ráðstöfuninni sem þeim er gert að sæta.

Markmið laga þessara er jafnframt að öryggisráðstafanir og öryggisvistun nái þeim tilgangi sínum að varna því að háski verði að einstaklingi. Þannig skal tryggja bæði öryggi þess sem sætir slíkum ráðstöfunum sem og öryggi og hagsmuni annarra.

Markmið laga þessara er enn fremur að tryggja samvinnu milli aðila sem koma að framkvæmd öryggisráðstafana og velferðarþjónustu.

##### 3. gr.

##### *Börn.*

Við framkvæmd öryggisráðstafana skulu hagsmunir barna ávallt hafðir að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau.

Barn á rétt til þátttöku í málum er það varða á grundvelli laga þessara. Veita skal barni upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Tryggja skal barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við

meðferð máls. Þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli laga þessara skal taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

## 4. gr.

*Skilgreiningar.*

Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

- a. **Öryggisþjónusta:** Samheiti yfir þá þjónustu eða ráðstafanir sem fólgnar eru í framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar.
- b. **Öryggisráðstafanir:** Samheiti yfir öryggisgæslu og aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæslu sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
- c. **Öryggisgæsla:** Öryggisráðstöfun samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga sem fólgin er í vistun einstaklings, sem er annað hvort ósakhæfur eða svo er ástatt um að refsing getur ekki borið árangur, á öryggisþjónustustað til að varna því að háski verði að honum.
- d. **Aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæsla:** Þær öryggisráðstafanir sem einstaklingi er gert að sæta samkvæmt dómi eða úrskurði á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga sem fela ekki í sér öryggisgæslu.
- e. **Öryggisvistun:** Vistun á viðeigandi öryggisþjónustustað á grundvelli sérlaga fyrir einstaklinga sem ekki hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga en eru taldir hættulegir sjálfum sér og/eða öðrum og hafa þörf á meðferð eða stuðningi.
- f. **Notandi:** Sá sem sætir öryggisráðstöfun eða öryggisvistun.
- g. **Öryggisþjónustustaður:** Sá staður sem einstaklingur, sem sætir öryggisgæslu eða öryggisvistun, dvelur og fær viðeigandi þjónustu. Til þeirra teljast m.a. sérútbúnað öryggisþjónustustofnanir og meðferðarstofnanir, þ. á m. geðdeild. Úrræði á vegum barnaverndar teljast ekki öryggisþjónustustaðir samkvæmt lögum þessum.
- h. **Tilsjónarmaður:** Einstaklingur sem er skipaður á grundvelli almennra hegningarlaga eða annarra laga til að hafa eftirlit með því að öryggisráðstafanir eða öryggisvistun sem notandi sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til.
- i. **Barn:** Einstaklingur yngri en 18 ára.
- j. **Barnaverndarúrræði:** Heimili, stofnanir og sérhæfð úrræði fyrir börn á vegum barnaverndar sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum.

## II. KAFLI

**Stjórnsýsla.**

## 5. gr.

*Yfirstjórn og eftirlit.*

Ráðherra fer með yfirstjórn öryggisþjónustumála og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

## 6. gr.

*Hlutverk Öryggisþjónustu ríkisins.*

Öryggisþjónusta ríkisins sér um framkvæmd öryggisráðstafana á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga og öryggisvistunar á grundvelli annarra laga, sem og önnur verkefni

í samræmi við ákvæði laga þessara og almennra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim.

Öryggisþjónusta ríkisins skal gæta þess að öryggisráðstafanir vari ekki lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

Öryggisþjónusta ríkisins hefur eftirlit og umsjón með öryggisþjónustustöðum sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt hefur Öryggisþjónustan eftirlit með öryggisþjónustustöðum sem reknir eru á grundvelli samnings, öryggisþjónustustöðum sem teljast vera heilbrigðisstofnanir og stöðum þar sem börn eru í öryggisgæslu.

Öryggisþjónusta ríkisins heldur skrá utan um alla sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun, óháð skyldu annarra aðila.

#### 7. gr.

##### *Forstjóri Öryggisþjónustu ríkisins.*

Ráðherra skipar forstjóra Öryggisþjónustu ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera með háskólapróf og víðtæka starfsreynslu sem nýtist í starfi. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

#### 8. gr.

##### *Starfsfólk öryggisþjónustustaðar.*

Forstjóri Öryggisþjónustu ríkisins ræður forstöðumann öryggisþjónustustaðar sem heyrir undir stofnunina. Forstöðumaður skal vera með háskólapróf og víðtæka starfsreynslu sem nýtist í starfi. Fleiri en einn öryggisþjónustustaður getur heyrt undir sama forstöðumann.

Starfsfólk öryggisþjónustustaða skal hafa nauðsynlega menntun og hæfni í samræmi við það starf sem því er ætlað að sinna og starfsemi öryggisþjónustustaðar.

Óheimilt er að ráða í störf öryggisþjónustustaðar þá sem hlotið hafa refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða öðrum lögum skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild forstjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðóm. Einnig skal liggja fyrir gilt starfsleyfi eftir því sem við á.

Við störf sín skal starfsfólk öryggisþjónustustaða bera áberandi skilríki samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að kveða á um einkennisfatnað starfsfólks í reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari kröfur um menntun, reynslu og hæfni starfsfólks öryggisþjónustustaða.

Ríkissjóður skal bæta starfsfólki öryggisþjónustustaða líkamstjón og munatjón sem það verður fyrir vegna starfs síns.

#### 9. gr.

##### *Þekking og færni.*

Öryggisþjónustustaður skal sjá til þess að starfsfólk hafi nauðsynlega þekkingu og færni til starfa á öryggisþjónustustað, þ. á m. á mannréttindum sem og þekkingu og færni í notkun aðferða til að koma í veg fyrir þörf á beitingu nauðungar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um kröfur til náms, þjálfunar, símenntunar og raunfærnimat starfsfólks öryggisþjónustustaða.

## 10. gr.

*Sérstakar starfsskyldur.*

Starfsfólk Öryggisþjónustu ríkisins og allra öryggisþjónustustaða skal í öllum samskiptum við notendur gæta þess að sýna þeim virðingu og hafa mannlega reisn notenda að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Starfsfólk skal virða vilja og val notenda eftir því sem unnt er. Starfsfólk öryggisþjónustustaða skal standa vörð um hagsmuni notenda og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

Verði starfsmaður þess áskynja að réttindi notenda séu fyrir borð borin skal hann tilkynna það viðeigandi aðila, t.d. yfirmanni, réttindagæslumanni og/eða eftirlitsaðila.

## 11. gr.

*Siðareglur.*

Heilbrigðisstarfsfólki og öðru starfsfólki, sem vinnur með notendum, ber að virða þær siðareglur sem gilda um starfsstétt þess.

## 12. gr.

*Þagnarskylda.*

Á þeim sem starfa samkvæmt lögum þessum hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnisýslulaga. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi notenda og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi öryggisþjónustustaða og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi eða notandi andist. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

## 13. gr.

*Matsteymi.*

Ráðherra skal skipa þverfaglegt matsteymi þriggja sérfræðinga sem starfar á vegum Öryggisþjónustu ríkisins. Sérfræðingarnir skulu hafa sérþekkingu á þjónustupörfum þeirra sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Félagsmálaráðherra skipar formann matsteymisins án tilnefningar en hinir sérfræðingarnir skulu tilnefndir af ráðherrum heilbrigðismála og dómsmála. Hlutverk matsteymisins er að meta og veita Öryggisþjónustunni álit á þjónustupörf notanda þegar öryggisþjónustustaður og öryggisstig er ákveðið.

Þegar matsteymi metur öryggisþjónustustað og öryggisstig í máli barns skal fulltrúi Barna- og fjölskyldustofu hafa sæti í teyminu.

## 14. gr.

*Samningar um öryggisgæslu.*

Öryggisþjónusta ríkisins er heimilt að semja við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu fyrir tiltekinn einstakling. Slíkur staður telst vera öryggisþjónustustaður samkvæmt lögum þessum og um hann gilda sömu reglur og um aðra öryggisþjónustustaði. Við gerð samnings skal tryggt að réttarstaða notenda verði ekki lakari en annars hefði verið.

Óheimilt er að semja við aðra einkaaðila en þá sem hafa gilt rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála í samræmi við ákvæði II. kafla laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

Öryggisþjónusta ríkisins skal hafa aðgang að öryggisþjónustustað sem rekinn er skv. samningi og fá þær upplýsingar sem þörf krefur til að geta sinnt eftirliti sínu. Öryggisþjónustan

getur krafist úrbóta verði stofnunin þess áskynja að öryggisþjónustustaður starfar ekki í samræmi við lög þessi, almenn stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra og samning um reksturinn. Öryggisþjónustan getur rift samningi ef sveitarfélag eða einkaaðili hefur ekki sinnt kröfum um úrbætur innan tiltekinna tímamarka, rekstrinum er verulega ábótavant eða sveitarfélag eða einkaaðili vanrækir skyldur sínar gagnvart notanda. Öryggisþjónustunni er heimilt að færa notanda, sem vistaður er á öryggisþjónustustað hjá sveitarfélagi eða einkaaðila, yfir á annan öryggisþjónustustað sé aðbúnaður eða þjónusta ekki fullnægjandi fyrir hann.

### III. KAFLI Tilsjónarmenn.

#### 15. gr.

##### *Skipun tilsjónarmanns.*

Nú er einstaklingi gert að sæta öryggisráðstöfun eða öryggisvistun og skal héraðsdómur þá skipa honum tilsjónarmann með bókun í þingbók. Dómari skal gefa einstaklingi kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður tilsjónarmaður nema slíkt sé bersýnilega tilgangslaust. Sé einstaklingi fyrst gert að sæta öryggisráðstöfun eða öryggisvistun fyrir æðri dómi skipar héraðsdómari tilsjónarmann svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn. Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf tilsjónarmanns verður ekki skotið til æðra dóms.

Engan má skipa sem tilsjónarmann nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem tilsjónarmenn þurfa að njóta,
2. sé lögmaður, og
3. yrði ekki vanhæfur til meðferðar máls samkvæmt 3. gr. stjórnisýslulaga sem notandinn ætti aðild að.

Þegar héraðsdómur hefur skipað notanda tilsjónarmann tilkynnir dómstóllinn Öryggisþjónustu ríkisins um skipunina.

Tilsjónarmönnum skal standa til boða námskeið um hlutverk sitt og skyldur.

Andist tilsjónarmaður, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum skv. 17. gr. skal héraðsdómari tafalaust skipa annan mann í hans stað. Biðjist tilsjónarmaður lausnar skal hann gegna starfinu áfram þar til nýr tilsjónarmaður hefur verið skipaður.

Kostnaður af störfum tilsjónarmanns skal greiddur úr ríkissjóði. Ráðherra setur reglugerð um ákvörðun þóknunar og kostnaðar.

#### 16. gr.

##### *Hlutverk tilsjónarmanns.*

Hlutverk tilsjónarmanns er að gæta þess að öryggisráðstafanir eða öryggisvistun sem notandi sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til.

Til að sinna skyldu sinni ber tilsjónarmanni að fylgjast reglubundið með högum notanda og aðbúnaði. Í því skyni skal hann heimsækja notanda eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi, ræða við þjónustuteymi viðkomandi um öryggisráðstafanirnar eða öryggisvistun sem viðkomandi sætir og skoða aðstæður og aðbúnað á þeim stað sem viðkomandi dvelur.

Tilsjónarmaður skal fá þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að sinna starfi sínu sem og hafa aðgang að öryggisþjónustustað eða barnaverndarúrræði.

17. gr.

*Lok skipunar.*

Skipun tilsjónarmanns gildir þar til öryggisráðstöfun eða öryggisvistun lýkur.

Notanda, trúnaðarmanni og réttindagæslumanni notanda er heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf tilsjónarmanns við héraðsdómara sem hefur skipað hann. Sé sá héraðsdómari ekki lengur við störf skal dómstjóri koma í hans stað. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist héraðsdómara með öðrum hætti vitneskja um að framferði tilsjónarmanns í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja tilsjónarmann á fund til að tjá sig um málefnið. Héraðsdómara er heimilt að kveðja fleiri á fund sinn af slíku tilefni.

Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið tilsjónarmanni kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði tilsjónarmaður ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum, skal héraðsdómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Héraðsdómari skal með sama hætti víkja tilsjónarmanni úr starfi ef hann fullnægir ekki lengur hæfisskilyrðum sem eru sett skv. 15. gr.

Fallist héraðsdómur ekki á að víkja tilsjónarmanni úr starfi skv. 3. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar héraðsdómara um hvort tilsjónarmanni verði víkið frá. Sömu aðilar og mælt er fyrir um í 2. mgr. geta krafist þess að héraðsdómari víki tilsjónarmanni úr starfi sökum þess að hann fullnægi ekki skilyrðum 15. gr.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein sæta kærui til Landsréttar.

## IV. KAFLI

**Öryggisgæsla, öryggisvistun og aðrar öryggisráðstafanir.**

18. gr.

*Tilkynningar o.fl.*

Ríkissaksóknari sendir Öryggisþjónustu ríkisins dóma og úrskurði um öryggisráðstafanir til framkvæmdar. Ríkissaksóknara er heimilt að fela öðrum handhöfum ákærvalds að senda dóma og úrskurði til framkvæmdar á ábyrgð embættisins.

Öryggisþjónusta ríkisins tekur við dómsúrlausn um öryggisvistun til framkvæmdar frá þeim aðila sem óskað hefur eftir vistuninni.

Öryggisráðstöfun og öryggisvistun skal framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að dómsúrlausn berst Öryggisþjónustu ríkisins.

Verjandi eða tilsjónarmaður skal gera notanda grein fyrir niðurstöðu og þýðingu dómsúrlausnar sem felur í sér að notandi skuli sæta öryggisráðstöfun. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem gætir hagsmuna aðila í máli þar sem aðila er gert að sæta öryggisvistun.

19. gr.

*Upphaf dvalar og flutningur á öryggisþjónustustað.*

Öryggisþjónusta ríkisins tilkynnir notanda með sannanlegum hætti, eins fljótt og auðið er, um upphaf öryggisgæslu eða öryggisvistunar, svo sem hvar og hvenær notanda beri að mæta og hvar hann verði vistaður liggi það fyrir. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Þegar notandi dvelur á annarri stofnun eða heimili en öryggisþjónustustað ber Öryggisþjónustunni að gera nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart þeirri stofnun eða heimili.

Nú er notandi á þeim öryggisþjónustustað sem hann skal vistaður og hefst þá öryggisgæsla eða öryggivistun þá þegar. Sé notandi á öðrum öryggisþjónustustað skal hann fluttur á þann öryggisþjónustustað, sem hann skal vistaður á, eins fljótt og auðið er.

Nú mætir notandi ekki í öryggisgæslu eða öryggisvistun á tilskildum tíma og felur þá Öryggisþjónustan sérhæfðu starfslíði sínu að færa hann á öryggisþjónustustað. Hlítu aðili því ekki er Öryggisþjónustunni heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við flutning á öryggisþjónustustað.

Flutningur notanda á öryggisþjónustustað svo og á milli öryggisþjónustustaða skal fara fram í sérútbúnum bifreiðum með bílstjóra og öðru starfsfólki með viðeigandi sérfræðipækkingu.

#### 20. gr.

##### *Öryggisstig á öryggisþjónustustöðum.*

Öryggisstig á öryggisþjónustustöðum skulu vera tvö, þ.e. almenn og ítrasta öryggisgæsla og öryggisvistun. Í trústu öryggisgæslu og öryggisvistun skulu gerðar auknar öryggiskröfur, t.d. um hlutfall starfsfólks á hvern notanda, umhverfi, heimsóknir á öryggisþjónustustað og leyfi af öryggisþjónustustað.

Öryggisþjónusta ríkisins ákveður öryggisstig á öryggisþjónustustöðum. Heimilt er að hafa mismunandi öryggisstig innan og á milli öryggisþjónustustaða.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um þær öryggiskröfur sem gerðar skulu í almenntri og ítrustu öryggisgæslu og öryggivistun, þ. á m. um öryggisgang og örugg herbergi.

#### 21. gr.

##### *Ákvörðun um öryggisþjónustustað og öryggisstig.*

Að því marki sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess í dómsúrlausn ákveður Öryggisþjónusta ríkisins öryggisþjónustustað notanda að fengnu rökstuddu álitu matsteymis skv. 13. gr. Í álitinu skal meta nauðsynlegar öryggiskröfur og þá þjónustu sem notandi hefur þörf fyrir. Matið skal byggjast á skoðun á notanda nema því verði ekki við komið. Jafnframt skal matið byggjast á núverandi högum og aðstæðum notanda. Tekin skal afstaða til þess í álitinu hvort notandi þurfi að sæta almenntri eða ítrustu öryggisgæslu eða öryggisvistun.

Við mat matsteymis skv. 13. gr. skal m.a. litið til:

- a. þeirrar hættu sem stafar af notanda gagnvart sjálfum sér og öðrum,
- b. stuðningsþörf notanda,
- c. hvort notandi hafi þörf fyrir mikið aðhald eða geti notið meira svigrúms,
- d. hvort og þá hvers konar heilbrigðis- og félagsþjónustu notandi þurfi á að halda og
- e. þess sem barninu er fyrir bestu þegar barn á í hlut.

Við val á öryggisþjónustustað og öryggisstigi skal ekki ganga lengra en þörf er á.

Öryggisþjónusta ríkisins getur ákveðið að notandi skuli vistaður í öryggisgæslu eða öryggisvistun á heilbrigðisstofnun, svo sem réttargeðdeild, og ber þá heilbrigðisstofnuninni að taka við notanda. Öryggisþjónustan getur jafnframt ákveðið að barn skuli vistað í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda og ber þá viðkomandi stofnun eða heimili að taka við notanda. Að jafnaði skal óska eftir afstöðu heilbrigðisstofnunarinnar, Barna- og fjölskyldustofu og viðkomandi barnaverndarúrræðis áður en ákvörðunin er tekin og skal hún veitt eins fljótt og auðið er.

Þegar nauðsyn ber til að vista notanda á öryggisþjónustustað áður en tekin hefur verið ákvörðun um hvar hann skuli dvelja getur Öryggisþjónustan ákveðið að viðkomandi skuli

vistaður til bráðabirgða á tilteknum öryggisþjónustustað án þess að álit matsteymis og annarra aðili liggi fyrir.

Notanda og tilsjónarmanni er heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdóms um ákvörðun Öryggisþjónustu ríkisins um öryggisþjónustustað. Málið skal sæta almennt meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Sóknaraðili telst vera notandi en Öryggisþjónustan varnaraðili. Nú er notandi vistaður á öryggisþjónustustað og skal þá varnarþing vera í þeirri þinghá þar sem öryggisþjónustustaður er. Nú er notandi ekki þegar vistaður á öryggisþjónustustað og telst þá varnarþing vera í þeirri þinghá þar sem hann á lögheimili. Krafa um úrlausn héraðsdóms frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Öryggisþjónustunnar. Dómara ber að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð. Dómari skal sjálfur afla sönnunargagna og annarra gagna sem hann telur þörf á. Dómari kveður aðila og vitni fyrir dóm ef þess er þörf. Úrskurður skal kveðinn upp án tafar og eigi síðar en 7 dögum frá því að krafan barst dómara. Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Nú er ákvörðun Öryggisþjónustu ríkisins felld úr gildi og ber þá stofnuninni að taka ákvörðun á ný svo fljótt sem auðið er að fengnu nýju álit matsteymis.

## 22. gr.

### *Aðrar öryggisráðstafanir.*

Öryggisþjónusta ríkisins framkvæmir dóma og úrskurði um aðrar öryggisráðstafanir. Skal það gert í samstarfi við það sveitarfélag þar sem notandi býr eftir því sem þörf er á. Að því marki sem nánari tilhögun ráðstöfunar hefur ekki verið ákveðin í dómi eða úrskurði ákveður Öryggisþjónustan hana. Öryggisþjónustunni er heimilt að óska eftir álit matsteymis.

Öryggisþjónustan skal tilkynna notanda með sannanlegum hætti, eins fljótt og auðið er, um upphaf annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu og nánari tilhögun ráðstöfunar liggi hún fyrir. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Öryggisþjónustunni er heimilt að boða aðila til fundar við sig þar sem farið er yfir framkvæmd fyrirhugaðrar ráðstöfunar og eftir atvikum óskað eftir afstöðu notanda til hennar. Heimilt er að halda fund á stað sem hentar högum notanda, svo sem þar sem notandi dvelst. Notanda er heimilt að hafa aðstoðarmann eða lögmann með sér á fundinum. Verði aðili ekki við boðun á fund er Öryggisþjónustunni heimilt að leita eftir aðstoð lögreglu til að færa aðila á fundinn. Öryggisþjónustunni er heimilt að krefjast þess að aðili sanni á sér deili með viðeigandi skilríkjum. Öryggisþjónustan skal skrá helstu upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar. Öryggisþjónustan skal kynna fyrir notanda á tungumáli sem hann skilur þær reglur sem gilda um framkvæmd ráðstöfunar.

Ákveði Öryggisþjónustan að aðili skuli sæta meðferð á tiltekinni heilbrigðisstofnun eða í barnaverndarúrræði þá ber þeim aðila að taka við notanda. Að jafnaði skal óska eftir afstöðu heilbrigðisstofnunarinnar eða Barna- og fjölskyldustofu áður en ákvörðun er tekin og skal hún veitt eins fljótt og auðið er.

Öryggisþjónustan á rétt á upplýsingum frá þeim aðilum sem koma að framkvæmd öryggisráðstöfunar sem stofnunin hefur þörf fyrir til að geta sinnt hlutverki sínu, svo sem um hvort notandi hlíti ráðstöfun.

Notanda er heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdóms um nánari tilhögun ráðstöfunar. Fer um málið eftir sömu reglum og kveðið er á um í 6. og 7. mgr. 21. gr.



## 23. gr.

*Um framkvæmd annarra öryggisráðstafana.*

Nú er notanda gert að sæta rafrænu eftirliti samkvæmt dómsúrlausn og getur þá Öryggisþjónustan ákveðið að hann hafi á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Hafi jafnframt verið ákveðið að notandi sé eða sé ekki á ákveðnum stað á ákveðnum tímum þá skal Öryggisþjónustan gera honum grein fyrir því sem og mögulegum afleiðingum þess ef hann fylgir því ekki.

Lúti öryggisráðstöfun að dvalarstað, vinnu eða umgengni við ákveðna einstaklinga þá er Öryggisþjónustunni heimilt að fylgjast með því hvort notandi hlíti henni. Öryggisþjónustunni er heimilt að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum aðilum í því augnamiði.

Nú er notanda gert að sæta meðferð og getur Öryggisþjónustan þá fengið upplýsingar frá meðferðaraðila um hana, svo sem hvort notandi mæti og hvernig almennt gangi.

Nú er notanda bannað að neyta áfengis eða vímuefna og er þá Öryggisþjónustunni heimilt að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum aðilum um það hvort notandi hafi verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Jafnframt er Öryggisþjónustunni heimilt að óska eftir því að notandi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Neiti notandi að undirgangast slíka rannsókn þá gerir Öryggisþjónustan honum grein fyrir mögulegum afleiðingum þess. Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Til að framkvæma öryggisráðstöfun er Öryggisþjónustunni heimilt að boða notanda reglulega á sinn fund og óska eftir upplýsingum frá honum um hvort og þá hvernig hann hefur fylgt eftir öryggisráðstöfun. Neiti notandi að veita upplýsingar þá gerir Öryggisþjónustan honum grein fyrir mögulegum afleiðingum þess.

Að öðru leyti en að framan greinir er Öryggisþjónustunni heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöldum, heilbrigðisstofnunum, vinnuveitanda notanda og öðrum aðilum sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þá öryggisráðstöfun sem notanda hefur verið gert að sæta með dómsúrlausn.

Nú hlítir aðili ekki öryggisráðstöfun, svo sem að mæta í meðferð, og er þá Öryggisþjónustunni heimilt að fela sérhæfðu starfslíði sínu að aðstoða við framkvæmd ráðstöfunar, svo sem að flytja aðila á milli staða. Gangi það ekki eftir er Öryggisþjónustunni heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framkvæmd ráðstöfunar. Flutningur notanda skal fara fram í sérútbúnum bifreiðum með bílstjóra og öðru starfsfólki með viðeigandi sérfræðipækingu.

## V. KAFLI

**Upphaf dvalar í öryggisgæslu og öryggisvistun.**

## 24. gr.

*Upphaf dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun.*

Við upphaf dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun skal einstaklingur sýna fram á það með framvísun skilríkja eða með öðrum sannanlegum hætti hver hann er. Þá skal taka andlitsmynd og skrá nafn hans og kennitölu ásamt upphafsdegi dvalar og dvalartíma. Jafnframt skal skrá þann dag sem í síðasta lagi skal endurmeta þá ráðstöfun sem notanda hefur verið gert að sæta. Á meðan dvöl varir ber að uppfæra upplýsingarnar eftir því sem tilefni er til.

Skoðun á líkamlegu og andlegu heilbrigði notanda skal fara fram við upphaf dvalar og þegar þörf krefur meðan á dvöl stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og persónulega hagi notanda auk þess hverja hann óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa

þykir vegna hagsmuna hans. Jafnframt skal skrá upplýsingar um tilsjónarmann. Á meðan dvöl varir ber að uppfæra upplýsingarnar eftir því sem tilefni er til.

Við upphaf dvalar skal afhenda og kynna, á tungumáli sem notandi skilur, þær reglur sem gilda um dvölinu, um réttindi og skyldur notanda, vinnu og nám sem stendur notanda til boða, reglur og ferla öryggisþjónustustaðarins, kvörtunarleiðir og málsmeðferð, svo og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Sé notandi færður á milli öryggisþjónustustaða skal hann fá þessar upplýsingar á ný.

25. gr.

*Einstaklingsbundin þjónustuáætlun.*

Við upphaf dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun skal gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir notanda. Skal notandi sjálfur koma að gerð áætlunarinnar ásamt þverfaglegu teymi starfsfólks öryggisþjónustustaðar. Í áætluninni skal skilgreina umfang og eðli þeirrar þjónustu sem notandi þarf á að halda meðan á dvöl stendur. Jafnframt skal tilgreina þau markmið sem stefnt er að. Áætlunina skal endurskoða á sex mánaða fresti og þess á milli ef ástæða er til.

Ef ástæða er til getur þverfaglegt teymi starfsfólks óskað eftir aðkomu félagsþjónustu sveitarfélags eða annars þjónustuveitanda sem notandi hefur fengið þjónustu hjá fyrir dvöl að gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar. Sömuleiðis er unnt að óska eftir aðkomu Barna- og fjölskyldustofu og viðkomandi barnaverndarnefndar þegar um barn er að ræða.

Notandi skal fá afrit af þjónustuáætluninni og hafa að jafnaði aðgang að henni eftir það.

26. gr.

*Trúnaðarmaður.*

Notandi skal hafa kost á því að velja sér trúnaðarmann sér til halds og trausts meðan á öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun stendur eigi hann ekki rétt á persónulegum talsmanni samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

## VI. KAFLI

### **Heilbrigðisþjónusta á öryggisþjónustustað og önnur þjónusta.**

27. gr.

*Heilbrigðis- og félagsþjónusta á öryggisþjónustustað.*

Notandi skal hafa aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni á öryggisþjónustustað. Notandi skal hafa aðgang að almennri heilbrigðisþjónustu að því marki sem það er í samræmi við vistun hans. Notandi skal njóta þeirrar geðheilbrigðisþjónustu sem hann hefur þörf fyrir. Leggja skal mat á þörf notanda fyrir slíka þjónustu við upphaf dvalar og síðan reglubundið eftir það. Slík þjónusta skal vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun notanda.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta, sem veitt er notanda, skal vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir hans.

28. gr.

*Samþykki.*

Óheimilt er að veita notanda í öryggisgæslu eða öryggisvistun meðferð eða aðra sambærilega heilbrigðisþjónustu nema hann hafi gefið frjálst og upplýst samþykki fyrir henni. Notandi skal fá viðeigandi upplýsingar fyrir fram um tilgang og eðli þjónustunnar svo og

afleiðingar þess og þá áhættu sem því fylgir. Notandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Víkja má frá 1. mgr. þegar:

- a. dómari úrskurðar að brýn nauðsyn sé á meðferð til að varna alvarlegu heilsutjóni notanda eða
- b. skilyrði til að beita nauðung skv. IX. kafla eru uppfyllt.

Ef meðferð er veitt án samþykkis notanda skal gæta meðalhófs og taka með í matið að hún sé veitt án samþykkis hans.

Þegar mál er borið undir dóm skv. a-lið 2. mgr. telst Öryggisþjónustan sóknaraðili en notandi varnaraðili. Tilsjónarmaður kemur fram fyrir hönd varnaraðila. Varnarþing skal vera í þeirri þinghá þar sem notandi er vistaður. Dómkrafa skal lúta að því að notanda sé veitt tiltekin meðferð. Kveða skal til setu í dómi sérfróðan meðdómsmann eða -menn. Að öðru leyti gildir 6. mgr. 21. gr. um meðferð málsins.

29. gr.

*Sjúkraskrá.*

Um meðferð og aðgang að sjúkraskrá fer eftir lögum um sjúkraskrá.

## VII. KAFLI

### Réttindi og skyldur.

30. gr.

*Sjálfsákvörðunarréttur og lífsgæði notanda.*

Virða skal sjálfsákvörðunarrétt notanda eins og kostur er og stuðla skal að því að notandi lifi eins sjálfstæðu lífi og unnt er miðað við þá öryggisgæslu eða -vistun sem hann sætir. Leita skal eftir afstöðu notanda til ákvarðana, sem varða hann, nema slíkt sé bersýnilega óraunhæft. Taka skal tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Stuðla skal að lífsgæðum notanda eins og kostur er miðað við þá öryggisgæslu eða -vistun sem hann sætir.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um aðrar öryggisráðstafanir.

31. gr.

*Réttindi samkvæmt öðrum lögum.*

Notandi nýtur áfram réttinda samkvæmt öðrum lögum en þessum að því marki sem þau eru ekki skert samkvæmt lögum, ákvörðun dóms eða því sem leiðir af eðli þeirrar öryggisgæslu, öryggisvistunar eða annarra öryggisráðstafana sem notandi sætir.

32. gr.

*Næring og klæðnaður.*

Notandi skal hafa aðgang að viðunandi klæðnaði hafi hann ekki efni á eigin klæðnaði sem og næringarríkum mat og drykkjarföngum.

33. gr.

*Vistarverur notanda.*

Notandi skal hafa eigið herbergi eða íbúð á þeim öryggisþjónustustað þar sem hann dvelur. Notandi skal hafa aðgang að herbergi eða íbúð sinni og almennt getað lokað að sér.

Í vistarverum notanda skal vera gluggi og helstu húsgögn og munir sem nauðsynlegir eru, þ. á m. rúm, fataskápur, skrifborð og stóll. Herbergi og íbúðir skulu uppfylla kröfur um heilbrigði, hreinlæti og öryggi.

Notanda er heimilt að hafa persónulega muni í herbergi eða íbúð sinni, svo sem föt, bækur og skreytingar, svo framarlega sem munirnir eru ekki hættulegir eða ólögmætir og eru í samræmi við öryggisgæslu eða -vistun notanda. Notanda er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi, ávana- og fíkniefni, lyf og vopn. Notanda er þó heimilt í undantekningartilfellum að hafa lyf í vistarverum sínum, ef það telst nauðsynlegt vegna heilsu hans samkvæmt læknisráði og með samþykki forstöðumanns eða yfirlæknis.

Óheimilt er að takmarka aðgang notanda að persónulegum munum eða öðrum aðgengilegum munum í viðurlagaskyni eða til að þvinga notanda til ákveðinna athafna eða athafnaleysis.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um muni sem leyfilegt er að hafa á öryggisþjónustustað, m.a. um raftæki eins og sjónvarp og tölvur.

#### 34. gr.

##### *Samneyti kynja.*

Leyfa má kynjunum að taka þátt í daglegu starfi saman en aðskilja ber kynin að næturlagi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur forstöðumaður eða yfirlæknir, í samráði við Öryggisþjónustuna, ákveðið annað ef brýnir hagsmunir notandans eða annarra notenda krefjast þess.

#### 35. gr.

##### *Heimsóknir.*

Notandi sem sætir öryggisgæslu eða öryggisvistun getur fengið heimsóknir frá fjölskyldu og vinum eigi sjaldnar en vikulega. Þó er í sérstökum tilfellum heimilt að takmarka þennan rétt tímabundið ef það telst vera skaðlegur þáttur í meðferð hans eða aðstæður leyfa ekki heimsóknir.

Öryggisþjónusta ríkisins setur nánari reglur um heimsóknir, þ. á m. um aðstæður, tímasetningar og skilyrði. Reglurnar mega vera mismunandi milli öryggisþjónustustaða og eftir ólíkum öryggisstigum.

#### 36. gr.

##### *Takmarkanir á heimsóknnum.*

Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum öryggisþjónustustaðar eða með því að banna líkamlega snertingu gests og notanda eða banna tilteknum mönnum að heimsækja notanda ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða ef ástæða er til að ætla að heimsóknin verði misnotuð að öðru leyti. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Heimsókn lögmanns, tilsjónarmanns, trúnaðarmanns, réttindagæslumanns og persónulegs talsmanns til notanda skal ávallt vera án eftirlits nema viðkomandi eða notandi óski annars.

## 37. gr.

*Heimsóknargestir.*

Öryggisþjónustustaðir geta kannað bakgrunn og sakaferil heimsóknargests, eftir atvikum með aðstoð Öryggisþjónustu ríkisins, áður en forstöðumaður eða yfirlæknir samþykkir heimsóknina. Við könnunina er heimilt að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglunnar fimm ár aftur í tímann og úr sakaskrá til yfirvalda. Leggja skal heildstætt mat á það hvort óhætt sé að heimila heimsókn en aldrei má þó ganga lengra við könnun á bakgrunni og sakaferli en þörf er á hverju sinni.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja notanda. Leit getur annars vegar verið leit í fatnaði og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki skal heimsóknin fara fram með öðrum hætti eða synjað um hana, sbr. 1. mgr. 36. gr.

Heimilt er að skoða muni og annað sem farið er með til notanda. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og notanda er óheimilt að hafa á öryggisþjónustustað skulu vera í vörslu öryggisþjónustustaðar á meðan á heimsókn stendur.

Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til notanda um þær reglur er gilda um heimsóknir.

## 38. gr.

*Heimsóknir barna.*

Forstöðumanni eða yfirlækni öryggisþjónustustaðar ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið í heimsóknir í barnvænu umhverfi og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan öryggisþjónustustaðar vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda.

Heimsóknir barna yngri en 18 ára skulu að jafnaði fara fram í fylgd forsjáradila eða annars aðstandanda enda liggja fyrir skriflegt samþykki forsjáradila fyrir því.

Rjúfa skal heimsókn þar sem börn eru ef talið er að hún samrýmist ekki hagsmunum þeirra.

## 39. gr.

*Heimsóknarleyfi frá öryggisþjónustustað.*

Markmið heimsóknarleyfis er að stuðla að bættri líðan og aukinni þátttöku notanda og undirbúningi fyrir lok dvalar í öryggisgæslu eða -vistun. Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur að fengnu samþykki Öryggisþjónustunnar veitt notanda leyfi til heimsókna frá öryggisþjónustustað ef slíkt telst ekki vera skaðlegur þáttur í öryggisgæslu eða -vistun sem viðkomandi sætir og er forsvaranlegt út frá öryggissjónarmiðum. Við mat á því skal m.a. líta til áhættumats, brotaferils og eðli brota.

Tímalengd heimsóknarleyfis skal tiltekin og setja má leyfinu skilyrði, svo sem að leyfi fari fram með fylgd starfsfólks sé það talið æskilegt og hún fari fram á tilteknum stað eða stöðum. Jafnframt má setja skilyrði um að notandi megi ekki neyta áfengis eða vímuefna í heimsóknarleyfi sem og að hann haldi áfram að taka lyfin sín.

Brjótandi notandi í bága við þau skilyrði sem sett voru fyrir heimsóknarleyfi, sýni af sér ógnandi hegðun eða að háttsemi hans gefur á annað borð tilefni til að ætla að hætta stafi af honum gagnvart sjálfum sér eða öðrum er heimilt að binda endi á heimsóknina þá þegar. Sé endir bundinn á heimsókn ber að skrá ástæður þess og tilkynna Öryggisþjónustunni um atvikið. Notandi og tilsjónarmaður skulu fá afrit af atvikaskráningunni og eiga kost á að gera athugasemdir við hana áður en hún er send Öryggisþjónustunni.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði til að veita leyfi til heimsóknna af öryggisþjónustustað, t.d. reynslu úr fyrri heimsókn, og skilyrði í leyfi frá öryggisþjónustustað.

## 40. gr.

*Aðkoma aðstandenda.*

Standi vilji notanda til þess er heimilt að veita tilteknum aðstandanda upplýsingar um öryggisþjónustu notanda. Ganga skal úr skugga um hver vilji einstaklings sé, eftir atvikum með aðstoð réttindagæslumanns, um hverjum veita megi upplýsingar og um hvað. Notandi getur hvenær sem er afturkallað heimildina.

Hafi notandi veitt heimild til að veita tilteknum aðstandanda upplýsingar um öryggisþjónustu sína skal það bókað í einstaklingsbundna þjónustuáætlun hans. Einnig skal bóka hvort og þá hvaða réttindagæslumaður veitti aðstoð við ákvörðunina.

## 41. gr.

*Samskipti á máli sem notandi skilur.*

Samskipti við notanda skulu vera á tungumáli sem hann skilur verði því við komið. Jafnframt skulu samskipti vera á auðskildu máli þegar það á við.

## 42. gr.

*Símtöl.*

Notandi á rétt á símtölum við fólk utan öryggisþjónustustaðar á þeim tímum dags sem reglur öryggisþjónustustaðar segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauðsynlegt reynist til að aðrir notendur fái notið réttar þessar.

Heimilt er að hlusta á eða taka upp símtöl notanda ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits til að viðhalda góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti notanda hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn notanda.

Ákvörðun um að hlusta á eða taka upp símtal skal tilkynnt notanda fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem starfsmaður skilur en ella þýði túlkur samtalið. Eyða skal upptökum þegar þeirra er ekki lengur þörf. Upptökur skulu ekki geymdar lengur en í 90 daga nema sérstakar ástæður leiði til þess að nauðsynlegt sé að varðveita þær lengur.

Ekki er heimilt að hlusta á símtöl notanda við lögmann, tilsjónarmann, trúnaðarmann, réttindagæslumann, persónulegan talsmann, prest eða annan sambærilegan fulltrúa trúfélags eða líffsskoðunarfélags sem notandi tilheyrir, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt beiðni réttthafa símanúmers getur forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr öryggisþjónustustað.

Notandi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, tilsjónarmanns, trúnaðarmanns, réttindagæslumanns, persónulegs talsmanns, ráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis, Öryggisþjónustu ríkisins og sendiráðs lands erlends notanda eða ræðismanns þess.

## 43. gr.

*Bréfaskipti.*

Notanda er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur ákveðið að opna og lesa bréf til og frá notanda í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað

eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti notanda hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn notanda. Forstöðumaður eða yfirlæknir getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti notanda við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá notanda. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem starfsmaður skilur en annars verði skjalabýðanda falið að þýða bréf.

Ekki skal skoða bréfaskipti milli notanda og lögmanns, tilsjónarmanns, trúnaðarmanns, réttindagæslumanns, persónulegs talsmanns, opinberra stofnana, prests eða annars sambærilegs fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem notandi tilheyrir eða umboðsmanns Alþingis.

Ákvörðun um að lesa bréf eða leggja hald á það skal tilkynnt notanda og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

Pegar öryggisþjónustustaður útvegar notanda bréfsefni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður á öryggisþjónustustað.

Notandi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir nema til lögmanns, tilsjónarmanns, trúnaðarmanns, réttindagæslumanns, persónulegs talsmanns, Öryggisþjónustu ríkisins, opinberra stofnana, umboðsmanns Alþingis eða sendiráðs lands erlends notanda eða ræðismanns þess.

#### 44. gr.

##### *Aðgangur að fjölmiðlum.*

Notandi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp.

Öryggisþjónusta ríkisins ákveður hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við notanda. Slíkt skal ekki heimila ef það er andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotaþola. Öryggisþjónusta ríkisins setur reglur um nánari framkvæmd fjölmiðlaviðtala við notendur.

#### 45. gr.

##### *Virkniúrræði.*

Notanda skulu standa til boða fjölbreytt virkniúrræði á öryggisþjónustustað sem henta honum. Til virkniúrræða teljast m.a. nám, vinna, hæfing og endurhæfing.

#### 46. gr.

##### *Útivera og tómsundur.*

Notandi á rétt á útiveru og að iðka tómsundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður leyfa. Slík ástundun skal vara í að minnsta kosti eina og hálf klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað.

Öryggisþjónustustaður skal móta sér stefnu um hvernig útivera og tómsundur skuli framkvæmdar.

#### 47. gr.

##### *Bókakostur.*

Notandi á rétt á aðgangi að bókum.

#### 48. gr.

##### *Réttindi erlendra notanda.*

Erlendur notandi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

Nú er notandi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal öryggisþjónustustaður þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga. Ekki skal hlusta á símtöl eða taka upp bréf til og frá þessum aðilum. Samskipti notanda við þessa aðila skulu vera honum að kostnaðarlausu.

Erlendur notandi á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í öryggisráðstöfun eða -vistun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann eða tilsjónarmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

49. gr.

*Iðkun trúar eða siðar.*

Notandi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Gera skal notanda kleift að iðka trú sína eða sið og taka tillit til matarvenja og bænátíma í virkniúrræðum notanda eins og unnt er.

50. gr.

*Skylda til að hlýða fyrirmælum starfsfólks.*

Notanda er skylt að hlýða lögætum fyrirmælum sem starfsfólk öryggisþjónustustaðar gefur.

51. gr.

*Öryggi notenda.*

Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að varna gegn ofbeldi og misnotkun inn á öryggisþjónustustöðum sem og til að tryggja öryggi notenda og annarra.

52. gr.

*Haldlagning og upptaka.*

Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til á öryggisþjónustustað. Sama gildir um muni sem reynt hefur verið að smygla til notanda. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan öryggisþjónustustaðar ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

53. gr.

*Talsmenn notenda.*

Notendur geta kosið sér talsmenn úr röðum sínum til að vinna að málefnum notenda og til að koma fram fyrir þeirra hönd.

## VIII. KAFLI

### **Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.**

54. gr.

*Leit í vistarverum.*

Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar tekur ákvörðun um leit í vistarverum notanda ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

- a. refsivert er að hafa í vörslum sínum,



- b. hafa orðið til við refsiverðan verknað,
- c. smyglað hefur verið inn á öryggisþjónustustað,
- d. notanda er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í vistarverum samkvæmt reglum öryggisþjónustustaðar.

Einnig má leita í vistarverum notanda vegna almenns eftirlits og skoða vistarverur að öðru leyti þótt skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Notandi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í vistarverum. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði samkvæmt ákvörðun forstöðumanns eða yfirlæknis öryggisþjónustustaðar. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og notanda er óheimilt að hafa í vistarverum. Skýrslan skal send Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni.

Notanda skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í vistarverum áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í vistarverum notanda skal tekin með rökstuddri bókun.

Tilsjónarmanni skal tilkynnt um leit í vistarverum notanda og ástæður hennar.

#### 55. gr.

##### *Leit á notanda.*

Leita má á notanda og í fötum hans við komu á öryggisþjónustustað, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 54. gr.

Leit á notanda innanklæða skal gerð af starfsmanni öryggisþjónustustaðar sama kyns. Þó getur forstöðumaður eða yfirlæknir ákveðið annað ef brýnir hagsmunir notanda krefjast þess.

#### 56. gr.

##### *Líkamsrannsókn.*

Forstöðumaður eða yfirlæknir tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á notanda ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 54. gr. Einnig má taka öndunar-, blóð- eða þvagsýni eða annars konar lífsýni úr notanda ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu á öryggisþjónustustað og við almennt eftirlit.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á notanda skal taka með rökstuddri bókun. Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni skal tilkynnt um líkamsrannsókn og að jafnaði fá afrit af rökstuddri bókun.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal þá gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd. Skal hún send Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni.

#### 57. gr.

##### *Stjórnsýslukæra.*

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

## IX. KAFLI

**Bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað.**

58. gr.

*Bann við fjarvöktun og beitingu nauðungar.*

Öll beiting nauðungar umfram eðli vistunar á öryggisþjónustustað er bönnuð nema samkvæmt ákvörðun á grundvelli 60. gr. eða ef um er að ræða neyðartilvik skv. 61. gr. Fjarvöktun á herbergjum eða öðrum vistarverum notenda er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 60. gr.

Óheimilt er að grípa til nauðungar í refsiskyni.

Öryggisþjónustustaðir skulu sjá til þess að starfsfólk fái viðhlítandi fræðslu um hvað nauðung sé og til hvaða aðgerða megi grípa til þess að koma í veg fyrir að beita þurfi nauðung. Fræðsluefni um aðferðir til að draga úr nauðung sem og um heimildir til að beita nauðung skal einnig vera aðgengilegt notendum, aðstandendum þeirra og öðrum sem gæta hagsmuna notenda.

Lög þessi ganga framár V. kafla laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

59. gr.

*Skilgreiningar.*

Nauðung samkvæmt lögum þessum er athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum. Til nauðungar telst meðal annars:

- a. Líkamleg valdbeiting.
- b. Herbergi eða íbúð sem tilheyrir notanda er læst.
- c. Notanda er haldið aðskildum frá öðrum eða vistaður í öryggisherbergi.
- d. Notandi er fluttur milli staða gegn vilja sínum.
- e. Aðgangur notanda að eigum sínum er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja hans.
- f. Notandi er þvingaður til athafna, svo sem til að taka lyf eða nota hjálpartæki.
- g. Notanda er haldið föstum og gefið lyf í þeim tilgangi að draga úr skaðlegri hegðun.
- h. Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs.

Fjarvöktun í skilningi laga þessara er rafræn vöktun með myndavél eða hljóðnema.

60. gr.

*Undanþágur.*

Í sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum getur yfirlæknir eða forstöðumaður ákveðið að víkja frá banni 1. mgr. 58. gr. enda sé sýnt fram á að tilgangur nauðungar sé:

1. að koma í veg fyrir að notandi valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni. Það á einnig við um fyrirbyggjandi aðgerðir sem ætlað er að forða því að aðstæður komi upp sem leitt geta til líkamstjóns eða stórfellds eignatjóns; eða
2. að uppfylla grunnþarfir notanda, svo sem varðandi mat, heilbrigði og hreinlæti, eða til þess að draga úr hömluleysi sem af stuðningsþörf kann að leiða.

Fjarvöktun skal jafnframt uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd undanþága frá banni við beitingu nauðungar.

## 61. gr.

*Neyðartilvik.*

Sé nauðsynlegt að grípa inn í atburðarás til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða röskun á almannahagsmunum er heimilt að beita nauðung án undangenginnar ákvörðunar skv. 62. gr. Tafarlaust skal látið af nauðung þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá.

Öryggisþjónustustaðir skulu skrá öll slík tilvik þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir tilefni þess að nauðung var beitt, hvers eðlis hún var og hvaða hagsmunir voru í húfi.

## 62. gr.

*Ákvörðun um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.*

Áður en yfirlæknir eða forstöðumaður tekur ákvörðun samkvæmt 60. gr. um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun ber honum að leita eftir afstöðu notanda eftir því sem við verður komið. Einnig skal hann leita eftir afstöðu tilsjónarmanns notanda.

Við mat á því hvort víkja skuli frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun skal yfirlæknir eða forstöðumaður meðal annars líta til eftirfarandi atriða auk skilyrða 60. gr.:

1. hvort leitað hafi verið allra annarra leiða sem ekki fela í sér nauðung;
2. að nauðung sú sem fyrirhugað er að beita gangi ekki lengra en nauðsynlegt telst til þess að tilgangi hennar verði náð;
3. menntunar og reynslu þeirra sem bera faglega ábyrgð á framkvæmd nauðungar; og
4. hvort nauðung gagnvart notanda geti komið niður á öðrum notendum á öryggisþjónustustaðnum.

Ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun skal vera skrifleg og rökstudd samhliða eða svo fljótt sem unnt er. Í henni skal greina með skýrum hætti til hvers konar aðgerða hún tekur og kveðið skal á um gildistíma hennar. Heimildin skal vera tímabundin og aldrei veitt til lengri tíma en nauðsynlegt er, þó lengst til sex mánaða í senn. Í skriflegri ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns skal greina skilyrði þau sem sett eru fyrir beitingu nauðungarinnar, svo sem hvernig skuli staðið að henni, hvaða kröfur séu gerðar til starfsfólks sem henni beitir og annað sem hann telur mikilvægt. Sé veitt heimild til líkamlegrar valdbeitingar skal það gert að skilyrði að viðkomandi starfsfólk hafi sótt námskeið um líkamlega valdbeitingu.

Í ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns skal meðal annars koma fram:

- a. hver beri faglega ábyrgð á framkvæmd nauðungar;
- b. lýsing á þeim aðstæðum sem kalla á beitingu nauðungar og rökstuðningur fyrir beitingu hennar;
- c. nauðsynlegar upplýsingar um heilsu viðkomandi;
- d. hvort leitað hafi verið eftir afstöðu viðkomandi og hver hún sé;
- e. hvort leitað hafi verið eftir afstöðu tilsjónarmanns viðkomandi og hver hún sé;
- f. upplýsingar um fjölda starfsfólks sem kemur til með að sinna viðkomandi, menntun þess og þjálfun; og
- g. hvernig staðið verði að skráningu og innra eftirliti.

Verði breytingar á aðstæðum á meðan ákvörðun um undanþágu er í gildi, sem leiða til þess að ekki er lengur þörf á að beita nauðung, skal láta af nauðunginni strax.

Yfirlækni eða forstöðumanni ber að kynna ákvörðun sína notandanum og tilsjónarmanni viðkomandi. Einnig ber eftir atvikum að tilkynna réttindagæslumanni um ákvörðunina.

Jafnframt ber yfirlækni eða forstöðumanni að sjá til þess að notanda og tilsjónarmanni sé leiðbeint um sjálfkrafa kæru samkvæmt þessum kafla til úrskurðarnefndar velferðarmála og um rétt til að bera málið undir dómstóla. Að öðru leyti fer um málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, þar með talið um endurupptöku vegna atvika sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

## 63. gr.

*Skráning.*

Öryggisþjónustustaðir skulu halda nákvæma og ítarlega skrá um öll atvik þar sem einstaklingur er beittur nauðung, hvort sem henni er beitt á grundvelli undanþágu samkvæmt 60. gr. eða í neyðartilvikum samkvæmt 61. gr. Sama á við um fjarvöktun.

Við skráningu skal greina hvernig nauðungin eða fjarvöktunin var framkvæmd, hversu lengi hún stóð yfir, hverjir önnuðust framkvæmd hennar og önnur atriði sem þýðingu hafa, svo sem hvort einhver meiðsl hafi orðið eða eignatjón af hennar völdum.

Notandi skal fá tækifæri til að gera athugasemdir við skráninguna og fá afrit af henni.

Skrá um nauðung skal fylgja með sjúkraskrá notanda.

Öryggisþjónustustaðir skulu mánaðarlega senda Öryggisþjónustu ríkisins skýrslu um beitingu nauðungar og fjarvöktunar. Upplýsingar um beitingu nauðungar í neyðartilvikum skulu sendar Öryggisþjónustu ríkisins innan viku frá atviki.

## 64. gr.

*Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála.*

Ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun sætir sjálfkrafa kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála. Einnig er hægt að kæra beitingu nauðungar án þess að formleg ákvörðun liggja til grundvallar. Þegar ákvörðun er kærð skulu öll gögn málsins þegar send úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarnefndin skal kveða upp úrskurð innan fjögurra virkra daga frá því að kæra barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Upphafsdagur frestsins telst vera næsti virki dagur á eftir þeim degi þegar kæran berst úrskurðarnefndinni. Úrskurðarfrestur nefndarinnar gildir þó ekki ef kæra berst nefndinni eftir að gildistími ákvörðunar yfirlæknis eða forstöðumanns er liðinn. Nefndin skal þó ávallt leitast við að kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er, jafnvel þótt gildistími ákvörðunar sé liðinn.

## 65. gr.

*Málskot.*

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar velferðarmála samkvæmt 64. gr. undir héraðsdóm í þeirri þinghá þar sem viðkomandi notandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur innan árs frá birtingu úrskurðar. Héraðsdómur skal úrskurða í málinu innan viku frá því að kæra berst, jafnvel þótt aðgerðir sem málskot tekur til hafi liðið undir lok, en þó eigi síðar en ári eftir að nauðung súa sem mál varðar leið undir lok.

Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Landsréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Úrskurðir Landsréttar verða kærðir til Hæstaréttar í samræmi við 167. gr. laga um meðferð einkamála.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.

Hraða ber meðferð máls fyrir Landsrétti og Hæstarétti svo sem kostur er.

Málkostnaður, þar með talinn kostnaður við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiddast úr ríkissjóði.

## X. KAFLI

### Endurskoðun og lok dvalar.

66. gr.

#### *Endurskoðun öryggisþjónustustaðar.*

Öryggisþjónusta ríkisins, öryggisþjónustustaðir og Barna- og fjölskyldustofa skulu gæta þess að notandi sé vistaður á þeim stað þar sem þörfum hans er best mætt. Öryggisþjónusta ríkisins er heimilt að endurskoða öryggisþjónustustað notanda hvenær sem er en þó eigi sjaldnar en á árs fresti.

Öryggisþjónusta ríkisins ákveður hvort breyta þurfi öryggisþjónustustað notanda þegar notandi sjálfur, tilsjónarmaður hans, Barna- og fjölskyldustofa eða öryggisþjónustustaður þar sem notandi er vistaður, óskar eftir því.

Ákvæði 21. gr. gildir um ákvarðanir þessar að því marki sem það á við.

67. gr.

#### *Endurskoðun á framkvæmd annarra öryggisráðstafana.*

Öryggisþjónusta ríkisins skal gæta þess að framkvæmd annarra öryggisráðstafana sem ákveðnar eru með dómsúrlausn séu ekki umfangsmeiri en þörf er á. Öryggisþjónusta ríkisins er heimilt að endurskoða framkvæmd annarra öryggisráðstafana notanda hvenær sem er en þó eigi sjaldnar en á árs fresti.

Öryggisþjónusta ríkisins ákveður hvort breyta þurfi framkvæmd annarra öryggisráðstafana þegar notandi eða tilsjónarmaður hans óskar eftir því. Breytingar skulu gerðar í samráði við notanda.

Ákvæði 22. gr. gildir um ákvarðanir þessar að því marki sem það á við.

68. gr.

#### *Endurskoðun á öryggisráðstöfun eða öryggisvistun.*

Notandi eða tilsjónarmaður geta óskað eftir endurskoðun á öryggisráðstöfun fyrir dómi í samræmi við ákvæði þeirra laga sem ráðstafanirnar byggjast á. Sama gildir um Ríkissaksóknara.

Telji Öryggisþjónusta ríkisins tilefni til að endurskoða öryggisráðstöfun notanda skal stofnunin koma þeirri afstöðu á framfæri við Ríkissaksóknara. Telji öryggisþjónustustaður, þar sem notandi er vistaður, tilefni til að endurskoða öryggisráðstöfun notanda skal öryggisþjónustustaðurinn koma þeirri afstöðu á framfæri við Öryggisþjónustu ríkisins sem kemur henni á framfæri við Ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari fer með málið fyrir dómi í samræmi við ákvæði þeirra laga sem vistunin byggist á.

Um endurskoðun á öryggisvistun fer eftir ákvæðum þeirra laga sem vistunin byggist á. Telji Öryggisþjónustan tilefni til að endurskoða öryggisvistun kemur stofnunin þeirri afstöðu á framfæri við viðeigandi aðila. Telji öryggisþjónustustaður, þar sem notandi er vistaður, tilefni til endurskoðunar á öryggisvistun skal öryggisþjónustustaðurinn koma þeirri afstöðu á framfæri við Öryggisþjónustuna sem kemur henni á framfæri við viðeigandi aðila.

69. gr.

*Þjónustuáætlun við lok dvalar.*

Áður en dvöl lýkur er Öryggisþjónustunni heimilt að hlutast til um að gerð sé áætlun um þjónustu og stuðning og eftir atvikum áframhaldandi meðferð notanda eftir að dvöl lýkur í samvinnu við viðeigandi þjónustuveitanda. Þjónustuveitanda er skylt að gera þjónustuáætlun. Notandi skal koma að gerð áætlunarinnar.

Hafi notanda verið gert að sæta öðrum öryggisráðstöfunum en öryggisgæslu eftir að dvöl lýkur skal Öryggisþjónustan jafnframt koma að gerð áætlunar svo unnt sé að samþætta öryggisráðstöfunina og þjónustuna.

70. gr.

*Eftirfylgni.*

Öryggisþjónusta ríkisins veitir faglegan stuðning og eftirfylgni til þeirra sem veita notanda þjónustu í allt að sex mánuði eftir lok öryggisgæslu eða öryggisvistunar eða eftir þörfum.

## XI. KAFLI

**Lokaákvæði.**

71. gr.

*Réttur til bóta.*

Notandi á rétt til bóta úr ríkissjóði hafi lögmæt skilyrði brostið fyrir því að hann sæti öryggisráðstöfun eða öryggisvistun, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

72. gr.

*Kostnaður vegna öryggisráðstafana.*

Ráðherra ber ábyrgð skv. lögum þessum. Lögin hagma ekki ábyrgð annarra aðila samkvæmt öðrum lögum.

Kostnaðarskipting aðila vegna öryggisgæslu er með þeim hætti að lögheimilissveitarfélag greiðir ígildi SIS-framlags en ríkissjóður greiðir umframkostnað sem til fellur. Greiðslur skulu gerðar upp árlega.

Kostnaður vegna annarra öryggisráðstafana greiðist úr ríkissjóði.

73. gr.

*Vinnsla persónuupplýsinga.*

Öryggisþjónusta ríkisins er heimil vinnsla persónuupplýsinga vegna verkefna sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Heimildin tekur til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, svo sem upplýsinga um heilsufar, og upplýsinga sem talist geta viðkvæms eðlis, svo sem upplýsingar um fjölskylduhagi, félagslegan vanda og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, að því marki sem það er nauðsynlegt svo stofnunin geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum. Með sömu skilyrðum er þeim sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum heimil vinnsla persónuupplýsinga í þágu markmiða laganna. Þá er miðlun persónuupplýsinga milli stofnunarinnar og þeirra sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum heimil ef hún er nauðsynleg í þágu lögbundinna verkefna stofnunarinnar eða annarra aðila sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum.

Öryggisþjónusta ríkisins er jafnframt heimilt að miðla upplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem upplýsingum um heilsufar, og upplýsingum sem talist geta viðkvæms eðlis, svo sem upplýsingum um fjölskylduhagi, félagslegan vanda og upplýsingum um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, til þeirra aðila sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum að því marki sem það er nauðsynlegt til að stuðla að því að þau geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Í sama tilgangi er þessum aðilum heimilt að miðla persónuupplýsingum til Öryggisþjónustu ríkisins að því marki sem það er nauðsynlegt til að stuðla að því að stofnunin geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum.

Öryggisþjónusta ríkisins getur kafið þá sem lúta eftirliti stofnunarinnar um hverjar þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar við framkvæmd laga þessara.

Um vinnslu persónuupplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

74. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. júní 2023.

75. gr.  
*Breyting á öðrum lögum.*

a. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um *Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021*:

Í lok síðasta málsliðar 2. mgr. 1. gr. bætist við: og laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar.

b. Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á *almennum hegningarlögum, nr. 19/1940*:

1) 62. gr. laganna orðast svo:

Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr. eða niðurstaða dóms verður sú samkvæmt ákvæðum 16. gr. að refsing sé árangurslaus og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því að háski verði að mannum. Til ráðstafana þessa teljast öryggisgæsla sem og aðrar vægari öryggisráðstafanir. Meðal vægari ráðstafana eru trygging, eftirlit, þar á meðal rafrænt eftirlit, meðferð, þar á meðal geðmeðferð og meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar, ákvörðun dvalarstaðar, vinnu og umgengni við ákveðna einstaklinga. Heimilt er að beita fleiri en einni ráðstöfun í einu. Öryggisgæslu skal aðeins beitt ef aðrar vægari ráðstafanir teljast ekki fullnægjandi og að jafnaði aðeins í þeim tilvikum til að fyrirbyggja hættu sem stafar af manni fyrir líf, heilsu og frelsi annarra.

Við mat á því hvort og þá hvaða öryggisráðstöfun er nauðsynleg vegna réttaröryggis skal m.a. líta til:

- brottaferils og eðlis þess afbrots eða afbrota sem maður hefur framið,
- hættu á því að maður fremji afbrot að nýju,
- ástands manns sem getið er í 15. og 16. gr. þessara laga sem staðreynt er með nýlegu, hlutlausu sérfræðimati, og
- eðlis þeirrar ráðstöfunar sem ætlunin er að beita.

Nú er ákveðið að maður skuli vistaður í öryggisgæslu og skal sú ráðstöfun þá vera ótímabundin þegar hann hefur gerst sekur um manndráp, rán, frelsissviptingu, alvarlega

líkamsárás, brennu, nauðgun eða annað alvarlegt kynferðisbrot eða fyrir tilraun eða hlutdeild til slíkra brota.

Þegar ákvæðið er að vista mann, sem framið hefur önnur brot en greinir í 3. mgr., eða þegar öðrum ráðstöfunum en öryggisgæslu er beitt, skal hámarkstími ráðstafana ekki vera lengri en 5 ár. Að kröfu ákærvalds getur dómstóll framlengt þennan tíma um fimm ár í senn. Til tímans telst sá tími sem vægari ráðstöfunum kann að hafa verið beitt.

Nú er maður dæmdur til að sæta öryggisráðstöfun og skal þá skipa honum tilsjónarmann svo fljótt sem verða má. Um tilsjónarmenn gilda lög um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar.

2) 63. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur orðið svo ástatt um mann sem í 15. eða 16. gr. segir eftir að hann hefur framið refsiverðan verknað en áður en endanlegur dómur gengur í máli hans og má þá ákveða í dómi hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Nú eru skilyrði skv. 62. gr. fyrir hendi og má þá ákveða að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að fullnusta refsinguna.

Ákvæði 5. mgr. 62. gr. og 67. gr. a eiga við þegar ákvæðum 1. mgr. er beitt.

Nú er maður dæmdur til refsingar en fluttur í öryggisgæslu á grundvelli dóms skv. 1. mgr. og skal þá dvöl þar koma til frádráttar refsingu.

3) 65. gr. laganna fellur brott.

4) 67. gr. laganna orðast svo:

Sé maður dæmdur í fangelsi fyrir manndráp, stórfellda líkamsárás eða annað gróft ofbeldis- eða kynferðisbrot, eða tilraun til slíkra brota, og dómur telur verulegar líkur á því í ljósi sakaferils og andlegs ástands hans við lok afplánunar, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja ofbeldis- eða kynferðisbrot þegar afplánun lýkur og sé því hættulegur umhverfi sínu má dómari ákveða í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákærvaldsins eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok afplánunar enda komi reynslulausn ekki til greina, að beitt skuli öryggisráðstöfunum skv. 62. gr. að lokinni afplánun. Heimilt er að ákveða að vistun manns fari fram í fangelsi, enda verði sú ráðstöfun ekki talin andstæð hagsmunum hans. Um beitingu ráðstafana samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 3.-5. mgr. 1. tölul. b-liðar 75. gr. frumvarpsins, þ.e. 3.-5. mgr. 62. gr. hgl. og 5. tölul. b-liðar 75. gr. frumvarpsins, þ.e. 67. gr. a hgl.

5) Nýtt ákvæði kemur á eftir 67. gr. laganna, þ.e. 67. gr. a, sem orðast svo:

Ríkissaksóknari skal gæta þess að ráðstafanir sem dæmdar eru skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga vari ekki lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

Nú er vistun ótímabundin og leitar ríkissaksóknari þá úrskurðar dómstóls eigi síðar en 5 árum eftir uppkvaðningu dóms um hvort vistunin teljist enn nauðsynleg eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum í stað vistunar. Slíkt skal þó ekki gert hafi úrskurðar verið krafist innan síðustu tveggja ára. Síðan skal leita úrskurðar dómstóls að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

Að beiðni ríkissaksóknara, dómþola, tilsjónarmanns, öryggisþjónustustaðar þar sem maður er vistaður, eða Öryggisþjónustu ríkisins úrskurðar dómstóll hvort breyta skuli ráðstöfunum skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga eða fella þær niður. Þegar aðrir aðilar en ríkissaksóknari vilja leita úrskurðar um að breyta ráðstöfunum eða fella þær niður skal slík beiðni send ríkissaksóknara sem skal leggja málið fyrir dómstól til úrskurðar svo fljótt sem



verða má. Fallist dómstóll ekki á beiðni dómpóla eða tilsjónarmanns hans geta þeir ekki krafist úrskurðar á ný fyrir en að liðnu einu ári frá uppkvaðningu úrskurðar.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein sæta kæru til Landsréttar og Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru í sakamálum. Ríkissaksóknari og sá aðili sem sett hefur fram kröfu skv. 3. mgr. hefur rétt til að kæra samkvæmt þessari málsgrein. Ríkissaksóknari leggur kærana fram. Kæra á úrskurði um að breyta eða fella ráðstöfun úr gildi frestar réttaráhrifum hans.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.***Almennt.*

Hér á landi eru ekki til nein heildstæð lög um framkvæmd öryggisráðstafana. Í VII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er að finna heimild til að dæma ósakhæfa einstaklinga og þá sem ekki er talið að beri árangur að refsa vegna þess ástands sem lýst er í 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga til að sæta öryggisráðstöfunum. Í 62. gr. hegningarlaga, sem oftast er byggt á í framkvæmd, segir að sé maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, að ákveða megi í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manningum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Um framkvæmd þeirra ráðstafana sem menn kunna að vera dæmdir til að sæta er ekki kveðið á um með nánari hætti í lögum.

Skort hefur á samræmi í dómsúrlausnum í málum þar sem kveðið er á um ráðstafanir samkvæmt VII. kafla hegningarlaga. Hljóðar dómsorð stundum á þá leið að ákærði skuli sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, stundum er kveðið á um tiltekna meðferð sem ákærði skuli sæta, og stundum segir að ákærði skuli fá þjónustu í tilteknu búsetuúrræði. Af hálfu stjórnvalda hefur því ekki alltaf verið ljóst hvernig bregðast eigi við dómsúrlausn. Til að mynda hefur ekki alltaf verið ljóst til hvaða viðeigandi staðar eða stofnunar, þar sem hinn ákærði skuli sæta öryggisgæslu, dómsorð vísar. Hefur þetta leitt til mikillar réttaróvissu fyrir þá einstaklinga sem dæmdir hafa verið til að sæta slíkum ráðstöfunum. Einnig hefur ekki alltaf verið ljóst hver beri ábyrgð á að ráðstöfunum samkvæmt dómsorði sé framfylgt eða í hvaða farveg skuli setja mál. Afleiðingarnar hafa m.a. verið þær að einstaklingar hafa „týnst í kerfinu“ og ráðstöfunum ekki verið framfylgt. Enn fremur hafa einstaklingar verið í öryggisgæslu á stað sem ekki hentar þeim og hafa þar af leiðandi ekki fengið þá þjónustu, þ.e. ráðgjöf, stuðning, þjálfun og meðferð, sem þeir þurfa á að halda. Því er ljóst að ekki hefur verið unnt að tryggja að þeir sem sæta öryggisráðstöfunum njóti þeirra mannréttinda sem þeir eiga að njóta.

*Forsaga og undirbúningur.*

Þann 22. júní 2015 skipaði þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa. Markmið hópsins samkvæmt erindisbréfi var að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun/öryggisgæslu að halda yrði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.

Í júní 2016 skilaði starfshópurinn skýrslu um öryggisgæslu og öryggisráðstafanir á Íslandi. Í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um helstu ákvæði laga og reglugerða kemur fram að á Íslandi sé ekki að finna sérstaka löggjöf sem nær yfir svokölluð öryggisvistunar- eða öryggisgæsluúrræði. Þau ákvæði sem hefur verið stuðst við til þessa eru annars vegar ákvæði VII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 og hins vegar ákvæði V. kafla laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

Var það niðurstaða starfshópsins að æskilegt væri að sett yrði ítarleg löggjöf sem fjallaði um inntak vistunar, réttindi þeirra sem henni sæta og fleiri atriði sem hana varða líkt og gert var með lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Félagsmálaráðuneytið hefur átt í samráði við sveitarfélög og aðra þjónustuaðila um framkvæmd öryggisþjónustu og aðra álíka þjónustu við einstaklinga og hefur reynslan af henni sýnt enn frekar nauðsyn þess að ráðist yrði í gerð stefnu og laga um þjónustuna. Í framkvæmd komu upp ýmis álitamál, m.a. um heimildir starfsfólks til að grípa inn í eða bregðast við aðstæðum, um aðkomu aðstandenda, réttindi þeirra sem eru í öryggisgæslu o.fl. Hefur framkvæmd öryggisgæslu verið með ólíkum hætti eftir því hver veitti þjónustuna og túlkun þjónustuaðila á þeim fáu lagareglum sem um hana gilda. Nauðsynlegt er að gera breytingar á löggjöf til að skýra verkferla og ábyrgð, samræma þjónustu og tryggja mannréttindi og réttaröryggi.

Í því skyni að bæta úr stöðunni hafði félagsmálaráðuneytið frumkvæði að því í lok árs 2019 að stofnað yrði til óformlegs samráðs við heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga til að fjalla um þjónustu við tiltekna einstaklinga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Árið 2020 var síðan tekin ákvörðun um að fjalla ekki einungis um stöðu tiltekinn einstaklinga heldur horfa til aðstæðna stærri hóps sem gæti þurft á sérhæfðri aðstoð að halda. Var það gert vegna sífellt fleiri ábendinga til ráðuneytisins um fleiri einstaklinga sem þyrftu á slíkri þjónustu að halda.

Félagsmálaráðuneytið tók ákvörðun um fjórþætta aðkomu: að móta stefnu um öryggisþjónustu á Íslandi, gera nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi, tryggja viðeigandi húsnæði fyrir þjónustuna, og koma á samráði ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og dómsmála um bráðavanda einstaklinga. Settir voru á fót fjórir vinnuhópar, einn um hvert þessara atriða.

#### *Stefnumótunarhópur*

Stefnumótunarhópurinn hefur skrifað stefnu í tveimur hlutum um öryggisþjónustu við fullorðna einstaklinga með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Í fyrri hluta stefnunnar er fjallað um þá hugmyndafræði sem starfsemi öryggisþjónustu á Íslandi á að byggja á og gerð grein fyrir þeim hugtökum sem notuð eru í umfjölluninni. Þá er gerð grein fyrir núverandi lagaumhverfi og þeim veikleikum sem það ber með sér í ljósi þeirra áskorana sem liggja fyrir og lýst helstu þáttum í nýrri löggjöf, markhópar öryggisþjónustunnar eru skilgreindir og dregin upp lýsing á stöðu þeirra og umfangi. Einnig er fjallað um hvernig hægt sé að leggja mat á kostnað við þjónustuna og hvernig megi skipta ábyrgð á milli ríkis og sveitarfélaga. Í seinni hluta stefnunnar eru niðurstöður dregnar saman og lögð til drög að stefnu sem inniheldur framtíðarsýn/tilgang og markmið og aðgerðaáætlun um framkvæmd öryggisþjónustu á Íslandi. Gert er ráð fyrir að slík stefna verði endurskoðuð árlega.

Í stefnumótunarhópnum voru Þór G. Þórarinnsson og Rán Þórisdóttir fulltrúar félagsmálaráðuneytis, Ingibjörg Sveinsdóttir fulltrúi heilbrigðisráðuneytis, Ragna Bjarnadóttir og Hanna Rún Sverrisdóttir fulltrúar dómsmálaráðuneytis, María Ingibjörg Kristjánsdóttir fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Aðalbjörg Traustadóttir fulltrúi Reykjavíkurborgar og Guðmundur Sævar Sævarsson fulltrúi réttargeðdeildar Landspítalans á Kleppi.

Samráð hefur verið haft við ýmsa hagsmunaaðila um einstaka þætti er lúta að framkvæmd þjónustunnar og hafa drög að stefnu verið send til hagsmunasamtaka, þar á meðal Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálp og Geðhjálp.

#### *Húsnæðishópur*

Hlutverk húsnæðishópsins var að tryggja húsnæði við hæfi fyrir starfsemi öryggisgæslu. Húsnæðishópurinn skoðaði húsnæðiskosti m.t.t. byggingar á nýju húsnæði eða að taka í notkun eldra húsnæði og vann að frumathugun og húsrýmisáætlun fyrir kjarna fyrir 7

einstaklinga sem þurfa á öryggisgæslu að halda. Áhersla var lögð á að umgjörð þjónustunnar til framtíðar verði með þeim hætti að húsnæði verði hannað og byggt í samræmi við ítrustu kröfur um þjónustu af þessu tagi. Þetta þýðir að allt einstaklingsrými og öll almenn umgjörð tryggji öryggi einstaklingsins og aðstoðarfólks og annarra sem eiga í samneyti við einstaklinginn. Gert ráð fyrir að húsnæðið verði fullbyggt fyrri hluta árs 2024.

Í húsnæðishópnum var Þór G. Þórarinsson fulltrúi félagsmálaráðuneytisins, Una Eydís Finnsdóttir og Örn Baldursson fulltrúar Framkvæmdasýslunnar og Guðmundur Sævar Sævarsson fulltrúi Landspítala. Jafnframt var haft samráð við fulltrúa Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fulltrúa búsetusviðs Akureyrarbæjar. Auk þess var leitað samráðs við samstarfsaðila á norrænum vettvangi.

#### *Samræming – viðbrögð við bráðavanda einstaklinga*

Stofnað hefur verið til samráðs ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og dómsmála um náðið samstarf um viðbrögð þegar upp koma aðstæður sem kalla á fumlauð viðbrögð við bráðavanda sem upp kann að koma hjá markhópnum eða við aðstæður þar sem einstaklingar úr hópnum dvelja.

Fulltrúar í ráðuneytum dóms-, heilbrigðis- og félagsmála munu því vinna saman undir forystu fulltrúa í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að hópurinn eigi með sér reglulegt samráð.

#### *Lagahópur*

Sett var á fót lagateymi með fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis til að fjalla um endurskoðun á lagaumhverfi og tryggja nauðsynlegar lagaheimildir fyrir vistun einstaklinga í öryggisgæslu og öryggisvistun. Ákveðið var að semja lagafrumvarp þetta um öryggisþjónustu og gera með því einnig ákveðnar breytingar á öðrum lögum, aðallega hegningarlögum. Í framhaldi af þessari vinnu er gert ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt lagafrumvarp um heimild til öryggisvistunar.

Í lagateyminu voru Guðlín Steinsdóttir fulltrúi heilbrigðisráðuneytis, Bryndís Helgadóttir og Elísabet Gísladóttir fulltrúar dómsmálaráðuneytis og Þór Hauksson Reykdal og Rán Þórisdóttir fulltrúar félagsmálaráðuneytis.

Lagafrumvarp þetta er byggt á vinnu stefnumótunarhópsins. Frumvarpið var samið í félagsmálaráðuneytinu í samvinnu og samráði við ýmsa aðila. Fyrirnefnt lagateymi kom að þeirri vinnu, en frumvarpsdrög og hlutar þess voru ræddir á fundum vinnuhópsins. Þá var haft samráð við hagsmunaaðila og sveitarfélög um frumvarpsdrögin í tveimur vinnuhópum.

Annar vinnuhópur setti félagsmálaráðuneytið á fót í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Í þeim hópi voru Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, f.h. Þroskahjálpar, Alma Ýr Ingólfsdóttir, lögfræðingur, f.h. Öryrkjabandalags Íslands, og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, f.h. Geðhjálpar.

Einnig var settur á fót vinnuhópur um lagasmíðina með fulltrúum sveitarfélaga. Í hópnum voru Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Þöll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður, f.h. Akureyrarbæjar og Helga Jóna Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur, f.h. Reykjavíkurborgar.

Þar að auki naut ráðuneytið aðstoðar Dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, lektors við Lagadeild Háskóla Íslands og Stipendiary Lecturer við Balliol College, Oxford háskóla.

Lagafrumvarp þetta snertir mörg svið. Það hefur snertifleti við réttarvörslukerfið þar sem það varðar einstaklinga sem ákærðir eru fyrir hegningarlagabrot; heilbrigðiskerfið og málefni

fatlaðs fólks þar sem hér er um að ræða einstaklinga sem eru ósakhæfir eða refsing er ekki talin bera árangur og er því oft um einstaklinga að ræða sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda vegna geðræns vanda, en einnig eru viðkomandi einstaklingar í sumum tilvikum með fötlun. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af ýmsum lagabálkum. Má þar m.a. nefna lög um fullnustu refsinga, lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög um heilbrigðisþjónustu.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

### *Tilefni lagasetningar.*

Hér á landi er ekki til heildstæð löggjöf um öryggisráðstafanir. Eins og áður segir eru aðeins nokkur ákvæði í hegningarlögum og réttindagæslulögum sem stuðst er við þegar einstaklingum er gert að sæta slíkum ráðstöfunum. Hefur þetta leitt til ýmissa vandkvæða í framkvæmd sem teflt hafa málum í tvísýnu þar sem dómur og úrskurðir eru á ýmsa vegu og ekki er skýrt hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Að auki er framkvæmd öryggisgæslu og öryggisvistunar með ýmsu móti, yfirsýn skortir yfir þá sem sæta slíkum ráðstöfunum og endurskoðun eða mat á aðstæðum er ekki með skipulegum hætti. Þetta hefur leitt til mikillar réttaróvissu fyrir þann viðkvæma hóp sem um ræðir.

Í 62. gr. almennra hegningarlaga er að finna heimild til að ákveða í dómi ráðstafanir í þágu réttaröryggis til að ekki stafi háski að manni sem hefur verið sýknaður á grundvelli þess að hann telst ósakhæfur eða þegar talið er að refsing beri ekki árangur. Verði ekki séð að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi að notum má ákveða að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Oftast er vísað til þessa ákvæðis þegar einstaklingur er dæmdur til vistunar á réttargeðdeild eða í viðeigandi úrræði hjá sveitarfélagi vegna fötlunar. Til að hægt sé að beita þessu ákvæði þarf viðkomandi að teljast ósakhæfur skv. 15. gr. sömu laga eða svo sé ástatt um hann vegna fötlunar, geðsjúkdóms eða annarra ástæðna að talið sé að refsing beri ekki árangur, sbr. 16. gr. Þannig verður heimild þessari ekki beitt gagnvart þeim sem teljast sakhæfir. Í 67. gr. hegningarlaga er þó að finna heimild til að ákveða í refsimáli eða í sérstöku máli að einstaklingur sem hefur verið dæmdur í fangelsi skuli sæta tilteknum öryggisráðstöfunum að afplánun lokinni. Er það bundið því skilyrði að sennilegt verði að telja, af því hvernig glæp hans og andlegu ástandi var háttáð sem og af undanfarandi breytni hans, að miklar líkur séu á ítrekun brots og að hann sé hættulegur umhverfi sínu. Þessari heimild hefur þó lítið sem ekkert verið beitt.

Varðandi þá einstaklinga sem ekki hafa hlotið dóma en teljast hættulegir umhverfi sínu eru lagaheimildir af skornum skammti. Í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk er kveðið á um aðgerðir til að draga úr nauðung; þar kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. að heimilt sé að veita undanþágu frá banni gegn beitingu nauðungar til að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni. Eigi það einnig við um fyrirbyggjandi aðgerðir sem ætlað sé að forða því að aðstæður komi upp sem leitt geti til líkamstjóns eða stórfellds eignatjóns. Þannig mætti á grundvelli þessarar heimildar meðal annars læsa einstakling inni, beita hann fjarvöktun og fleiru sem nauðsynlegt teldist til að forða tjóni. Hefur þessari heimild í einhverjum mæli verið beitt varðandi fatlaða einstaklinga sem búa í sérstöku húsnæðisúrræði sökum fötlunar sinnar.

### *Mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar.*

Á síðustu áratugum hefur Ísland gerst aðili að og fullgilt ýmsa alþjóðlega mannréttindasamninga og almenn þekking um og áhersla á mannréttindi aukist, þar með talið með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994 með lögum nr. 62/1994 og breytingu

á mannréttindakafli stjórnarskrárinnar árið 1995, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995. Að sama skapi hefur umræða í samfélaginu um meðferð frelsissviptra einstaklinga í þeirri stöðu sem fjallað er um í frumvarpinu aukist á undanförunum árum, m.a. með skýrslum um meðferð og aðbúnað barna á vistheimilum og nú síðast vistheimilinu Arnarholti á Kjalarnesi undir lok árs 2020.

Einnig hafa eftirlitsnefndir með samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og Evrópusamningi Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, þ.e. OPCAT-eftirlit sem umboðsmaður Alþingis sinnir og CPT nefnd Evrópuráðsins,<sup>1</sup> bent á það að bæta þurfi úr annmörkum laga hvað öryggisráðstafanir varðar. Í heimsóknarskýrslu OPCAT-eftirlits á réttargeðdeild, öryggisgeðdeild og sérhæfða endurhæfingargeðdeild Landspítalans á Kleppi frá 16. október 2019 segir m.a. að gera „verði breytingar á lögum með það að markmiði að tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga sem eru dæmdir til að vistast á stofnun, sbr. nú 62. gr. almennra hegningarlaga. Kveða þarf með skýrum hætti á um í lögum:

- Hvar sé heimilt að vista einstaklinga samkvæmt dómi, þ.e. hvaða úrræði eru tæk í því sambandi, en einnig hvaða sjónarmið skuli ráða för við val á vistunarstað.
- Þá þarf að vera skýrt hver hefur heimild til að taka slíkar ákvarðanir ef þær eru faldar stjórnvöldum.
- Hvert eigi að vera inntak og heimildir til meðferðar og eftir atvikum skerðinga á persónulegum réttindum þeirra einstaklinga sem vistaðir eru á þessum grundvelli og eru varin af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmálum.
- Með hvaða hætti halda skuli utan um og skrá miðlægt upplýsingar í tengslum við vistun einstaklinga á þeim grundvelli, framvindu hennar og hver beri ábyrgð á slíkri skráningu.
- Að eftirlit sé haft með að vistun sé í samræmi við niðurstöðu dóms og lög hverju sinni og hver skuli hafa slíkt eftirlit með höndum.
- Að ákvörðun um ótímabundna vistun einstaklings skuli endurmetin reglulega af dómara til að tryggja að vistun þeirra standi ekki lengur en nauðsyn ber til.
- Hugað verði að því hvort þeir sem vistaðir eru með dómi samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga geti að einhverju leyti fengið úrlausn um endurmat á vistunartíma og inntaki hennar hjá stjórnvöldum, og þá hver eigi að vera aðkoma dómara að slíkri úrlausn.
- Að frelsissviptir einstaklingar geti sjálfir með reglubundnum hætti óskað eftir endurmati á vistun fyrir dómstólum og eftir atvikum stjórnvöldum, og þá óháð því hvort þeir aðilar sem bera ábyrgð á vistun, t.d. heilbrigðisstofnun og/eða tilsjónarmaður, telji tilefni til að óska eftir slíku endurmati.
- Hvaða hlutverki tilsjónarmenn gegna gagnvart einstaklingum sem vistast á stofnun samkvæmt dómi og hver hafi eftirlit með því að þeir séu skipaðir og sinni starfi sínu.
- Að kostnaður við að fá endurmat á vistunartíma og inntaki vistunar takmarki ekki möguleika þess dæmda að fá úrlausn um slíkt endurmat, þ.m.t. af hálfu dómara.“<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Sjá skýrslu CPT nefndar eftir fimmtu heimsókn nefndarinnar til Íslands, frá 28. janúar 2020: <https://rm.coe.int/16809a3ee3>.

<sup>2</sup> Umboðsmaður Alþingis, *Heimsóknarskýrsla Landspítali Kleppur, OPCAT-eftirlit*, bls. 107.

Í ljósi þess sem að framan greinir er ljóst að brýnt er að setja heildstæða löggjöf um framkvæmd öryggisráðstafana á Íslandi, þar sem tekið er á ábyrgð og valdmörkum, framkvæmd, réttindum og skyldum o.fl. til að bæta réttarstöðu þeirra sem í hlut eiga.

#### *Markmið lagasetningar.*

Markmið lagasetningarinnar er að bæta úr fyrrgreindum annmörkum á framkvæmd öryggisráðstafana á Íslandi, setja skýrar lagaheimildir þar sem nauðsyn ber til að grípa inn í réttindi einstaklinga, skýra ábyrgð og framkvæmd til skýrleika fyrir alla sem að þessum málum koma og bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Markmiðið er einnig að tryggja að fólk sem þarf á öryggisráðstöfunum að halda fái bestu þjónustu, þ.e. ráðgjöf, stuðning, þjálfun og meðferð, sem kostur er á, í samræmi við þarfir þeirra á hverjum tíma, að tryggja að inngrip í réttindi þeirra vari ekki lengur eða sé meira íþyngjandi en nauðsyn ber til og bæta réttarvernd þeirra, ásamt því að tryggja almannahagsmuni og öryggi annarra einstaklinga. Þá er mikilvægur þáttur í þessu verkefni að tryggja samstarf milli þeirra ráðuneyta sem fara með þessi mál og undirstofnana þeirra, svo og á milli ríkis og sveitarfélaga.

Um er að ræða fyrsta frumvarp þessarar gerðar á Íslandi. Frumvarpið er unnið með hliðsjón af núgildandi framkvæmd og sjónarmiðum og þekkingu þeirra sem starfa við málaflökkinn. Viðbúið er að gera þurfi breytingar á lögnum eða einstaka þáttum þeirra eftir að reynsla kemst á framkvæmd þeirra, verði frumvarpið að lögum. Er því lagt til að þau verði endurskoðuð, t.d. að liðnum 5-7 árum. Eftir þann tíma ætti að hafa reynt á helstu þætti löggjafarinnar. Dómar og úrskurðir ættu að liggja fyrir, og einnig upplýsingar um flutning milli stiga þjónustunnar, útfærslu annarra öryggisráðstafana, reynslu notenda og þjónustuveitenda og samvinnu stjórnvalda og sveitarfélaga. Margt í þessu frumvarpi kemur fram í öðrum lögum en er einnig sett fram í þessu frumvarpi til áréttingar vegna mikilvægis þess.

### **3. Meginefni frumvarpsins.**

#### *Hugmyndafræði.*

Frumvarpið byggir á áherslum sem liggja að baki hugmyndafræði batamiðaðrar þjónustu (e. Recovery Model). Batamiðuð þjónusta byggist á þeirri grunnhugmynd að notandi þjónustunnar geti haft eins mikil áhrif á meðferðarumhverfi sitt eins og nokkur kostur er. Áhersla er lögð á að efla vitund einstaklings, sem býr við raskanir af ýmsum toga, til bata með því að auka vellíðan hans, styrk og þrautseigju. Með hliðsjón af hugmyndum um batalíkanið hefur í þessari vinnu verið horft til ýmissa aðferða sem eru líklegar til að tryggja framkvæmd batamiðaðrar þjónustu. Þessar aðferðir eiga það sammerkt að skilgreind eru áherslusvið sem stuðlað gætu að vitund um bata fyrir einstaklinga með raskanir. Þeim er jafnframt ætlað að leggja drög að skipulagi skuldbindinga og persónulegri þátttöku einstaklinga í bata og samstarfi. Hugmyndafræðin kallar því á breyttan skilning á geðsjúkdómum og öðrum röskunum og hvernig við veitum þjónustu á grundvelli þess skilnings. Batamiðuð þjónusta byggist á rannsóknum fjölda fræðimanna um þætti sem eru mikilvægir í bataferlinu. Má þar nefna:

- Að mikilvægt sé að hafa einstaklinginn sjálfan í forgrunni og að hann sé ekki skilgreindur út frá þjónustunni sem hann notar.

- Að virðing sé borin fyrir þeim sem þurfa á þjónustu að halda og þeim sem með þeim starfa.
- Að þeir sem starfa við að veita aðstoð hafi grundvallarþekkingu á mannréttindum og séu til þess hæfir að veita málsvörn og stuðning er þau atriði varða.
- Að reynt sé að stuðla að auknum lífsgæðum einstaklinga með félagslegri aðlögun eftir því sem unnt er í nánu samstarfi við þá sem veita aðstoðina.
- Að einstaklingurinn verði studdur til að taka þátt í þroskandi störfum og skapa sér lífsstíl innan marka geðrænna raskana og efla sig í verðugum hlutverkum.
- Að framtíðarsýn þjónustunnar sé skýr gagnvart skipulagi, skuldbindingum, gildum og venjum.
- Að til staðar sé stöðug hvatning til virkrar þátttöku í mati á framkvæmd þjónustunnar.
- Að byggt sé á vilja einstaklingsins og að hann stjórni bataferlinu eins mikið og mögulegt er.
- Að aðstoðarfólk fái markvissa þjálfun í þróun þekkingar og færni í batamiðaðri þjónustu og að það fái svigrúm til símenntunar til að efla sjálfstæði sitt og vellíðan í starfi.
- Að efla og hvetja aðstoðarfólk við að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga yfir lífi sínu og viðurkenna að mistök geti átt sér stað.
- Að efla einstaklinginn þannig að hann geti tekið stjórn yfir þáttum er snerta bata hans.
- Að einstaklingur geti átt aðgang að jafningjastuðningi með öðrum einstaklingum í bata þannig að hver geti lært af öðrum, lært sjálfstjórn og að taka ábyrgð á eigin lífi.
- Að lögð sé áhersla á að draga fram og auka styrkleika einstaklinga og viðurkenna þá.
- Að öll þjónusta við einstaklinginn byggist á heildstæðri nálgun (líkamlegri, félagslegri, tilfinningalegri og lífsskoðun) og að hann sé hvattur til að þróa sína heildstæðu bataáætlun á þeim grunni til að bæta líðan.
- Að von og hjartarsýni séu leiðarljós aðstoðarfólks í þágu einstaklingsins og að til staðar sé sú trú að bati sé mögulegur. Batahugmyndafræðin kallar á að unnið sé með breytingar á því hvernig endurhæfing sé framkvæmd og til almennra viðhorfa gagnvart þeim sem eru með raskanir af einhverju tagi.

#### *Efnisatriði frumvarps.*

Frumvarpið skiptist í 11 kafla.

Í fyrsta kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið og markmið þess ásamt skilgreiningum á helstu hugtökum. Vegna þess að um nýmæli er að ræða þykir rétt að skýra þessi atriði með nokkuð ítarlegum hætti.

Frumvarpið gildir um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sem ákvarðaðar eru með dómsúrlausn. Heimildir til að kveða á um að einstaklingur sæti öryggisráðstöfun eða öryggisvistun eru í öðrum lögum. Mælt er fyrir um öryggisráðstafanir í VII. kafla almennra



hegningarlaga nr. 19/1940. Gert er ráð fyrir því að færð verði heimild í lög um svokallaða öryggisvistun. Með öðrum orðum fjallar frumvarpið um framkvæmd ákvarðana sem eru teknar samkvæmt öðrum lögum.

Markmið frumvarpsins er margþætt. Stefnt er að því að tryggja að framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sé í samræmi við mannréttindi og réttaröryggi, tryggja þeim sem sæta fyrrnefndum ráðstöfunum viðeigandi stuðning, þjálfun og meðferð sem og að gæta að öryggi bæði þeirra sem sæta ráðstöfununum og annarra. Einnig er það markmið frumvarpsins að tryggja samvinnu milli aðila sem koma að framkvæmd þjónustu við markhópa frumvarpsins. Jafnframt er það áréttað að ávallt skal hafa það sem er barni fyrir bestu í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau.

Í II. kafla er að finna ákvæði um stjórnýslu öryggisþjónustumála. Ráðherra fer með yfirstjórn og eftirlit málaflokksins. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Öryggisþjónusta ríkisins, sem sér um framkvæmd öryggisþjónustu á Íslandi. Í kaflanum eru ákvæði um hæfniskröfur, þjálfun og starfsskyldur starfsfólks stofnunarinnar og öryggisþjónustustaða, þverfaglegt matsteymi, ásamt heimild til samningagerðar við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu.

Í III. kafla er fjallað um tilsjónarmenn sem skipaðir eru þeim sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Samkvæmt gildandi lögum er fjallað um tilsjónarmenn í 62. gr. almennra hegningarlaga. Þar er byggt á því að sé einstaklingur dæmdur eða úrskurðaður til að sæta svokallaðri öryggisgæslu skuli Hæstiréttur Íslands skipa honum tilsjónarmann. Hlutverk tilsjónarmanns sé að hafa eftirlit með því að dvöl á hæli verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þá getur tilsjónarmaður krafist þess þegar ár er liðið eða fyrr, ef ráðherra samþykkir, að mál skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls. Að öðru leyti eru ákvæði í íslenskum lögum fátækleg um tilsjónarmenn. Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði úr því. Kveðið er m.a. á um tilhögun skipunar, hæfisskilyrði, hlutverk tilsjónarmanna sem og heimildir þeirra. Er mikilvægt að mæla skýrar fyrir um þessi atriði í lögum enda fara tilsjónarmenn með þýðingarmikið hlutverk í þágu hagsmuna einstaklinga sem eru í afar viðkvæmri stöðu. Enn fremur er lagt til að hlutverk tilsjónarmanna verði aukið og munu þeir gegna ákveðnu eftirliti í þágu skjólstaðinga sinna. Þá er lagt til að ekki aðeins þeim sem eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisgæslu verði skipaðir tilsjónarmenn heldur einnig þeim sem gert er að sæta öðrum öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Er það í þágu réttaröryggis og jafnræðis þeirra einstaklinga sem sæta slíkum ráðstöfunum.

Skipun tilsjónarmanns er mikilvægur liður í ytra eftirliti með öryggisþjónustu. Með skipun tilsjónarmanns hefur hver og einn einstaklingur aðila utan öryggisþjónustustaðar eða annars þjónustuveitanda sem fylgist með framgangi þjónustunnar og getur óskað eftir endurskoðun á þeim öryggisráðstöfunum eða -vistun sem hann sætir. Það er til viðbótar þeirri skyldu öryggisþjónustustaða og Öryggisþjónustu ríkisins að gæta þess að öryggisþjónusta sé ekki umfangsmeiri, meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til, sbr. 2. mgr. 6. gr. og X. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um fyrstu skrefin eftir að dómsúrlausn um öryggisráðstöfun eða öryggisvistun liggur fyrir. Fjallað er um tilkynningar til þess aðila sem í hlut á sem og Öryggisþjónustunnar. Einnig er ákvæði um að Öryggisþjónustan tilkynni þeim sem dæmdur eða úrskurðaður hefur verið í öryggisgæslu eða -vistun um hvar hann kemur til með að dveljast og um upphaf dvalarinnar. Þá er tekið á því hvernig fer um mál ef viðkomandi er ekki í gæslu eða vistun þegar dómur eða úrskurður fellur eða ef hann mætir ekki á tilskildum tíma. Enn fremur eru ákvæði um öryggisstig á öryggisþjónustustöðum, ákvörðun um öryggisþjónustustað og um aðrar öryggisráðstafanir.

Í kafla V. er að finna ákvæði um upphaf dvalar í öryggisgæslu og öryggisvistun á öryggisþjónustustað. Þar sem barnaverndarúrræði teljast ekki öryggisþjónustustaðir samkvæmt frumvarpinu gildir þessi kafla ekki um dvölinu í barnaverndarúrræði. Við upphaf dvalar er þess gætt að um réttan einstakling sé að ræða, líkamlegt og andleg ástand hans er skoðað og skráðar eru nauðsynlegar upplýsingar um hann. Viðkomandi eru kynntar, á máli sem hann skilur, reglur og ferlar sem gilda um dvölinu, réttindi hans og skyldur, virkni og þjálfun sem stendur til boða sem og kvörtunarleiðir. Við upphaf dvalar eða eins fljótt og hægt er gera þjónustuteymi og notandi einstaklingsbundna þjónustuáætlun þar sem fram koma markmið með öryggisgæslunni og hvernig stefnt er að þeim.

Í VI. kafla er kveðið á um að notandi skuli hafa aðgang að heilbrigðis- og félagsþjónustu og að sú þjónusta skuli vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir viðkomandi. Þá er fjallað um samþykki notanda fyrir þjónustu, en skv. 28. gr. er óheimilt að veita notanda í öryggisgæslu eða öryggisvistun meðferð eða aðra sambærilega heilbrigðisþjónustu nema samþykki hans liggja fyrir. Er þetta áréttað hér til að undirstrika mikilvægi þess að notandi hafi valkosti um hvernig þjónustu við hann sé háttáð og að hann sé ekki beittur óþarfa þvingunum. Þá er kveðið á um þröngar undantekningar frá þessari reglu. Í lokin er áréttað að um meðferð og aðgang að sjúkraskrá fari eftir lögum um sjúkraskrá.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur þeirra sem eru í öryggisgæslu eða -vistun á öryggisþjónustustað. Þó gildir ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði notanda einnig um aðrar öryggisráðstafanir. Sama á við um ákvæðið um réttindi samkvæmt öðrum lögum sem og um réttindi erlendra notenda. Ákvæði kaflans eiga ekki við um dvöl barna í barnaverndarúrræði. Í kaflanum er áréttað mikilvægi þess að virða sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði notenda eins og kostur er og tekið fram að notendur njóti áfram réttar samkvæmt öðrum lögum en þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Í kaflanum eru tiltekin réttindi sem þeir sem sæta öryggisgæslu eða öryggisvistun skulu njóta, svo sem hvað varðar aðbúnað á öryggisþjónustustað, til að fá heimsóknir til sín og leyfi til heimsókna af öryggisþjónustustað, samskipti við umheiminn, útiveru, tómsundur, o.fl., en einnig skilyrði sem uppfylla ber til að takmarka réttindin.

Í VIII. kafla er fjallað um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn. Þar er að finna ákvæði um skilyrði fyrir leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, um ákvarðanatöku, tilkynningar vegna þeirra o.fl.

Kafla IX. fjallar um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað. Að baki ákvæðum kaflans býr það markmið að tryggja að nauðung sé ekki beitt nema í algjörum undantekningartilvikum. Mikilvægi meðalhófs verður seint undirstrikað nægilega í þessu sambandi. Jafnframt verður nauðung að vera framkvæmd faglega og af hæfum einstaklingum. Enn fremur verður að tryggja réttaröryggi notenda. Ákvæði kaflans eru að mörgu leyti sambærileg ákvæðum laga um hliðstæð efni, s.s. V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Í X. kafla er fjallað um endurskoðun öryggisþjónustustaðar, öryggisstigs og framkvæmd annarra öryggisráðstafana. Öryggisþjónusta ríkisins getur endurskoðað öryggisþjónustustað og öryggisráðstafanir innan marka dóms eða úrskurðar og gilda um þær ákvarðanir sambærilegar reglur og við upphaflega ákvörðun. Í kaflanum er einnig kveðið á um hvernig fara skal með mál þegar óskað er breytinga á öryggisgæslu eða -vistun eða öðrum öryggisráðstöfunum. Fer um þau mál eftir reglum þeirra laga sem öryggisráðstafanir eða öryggisvistun er byggð á. Í lokin er ákvæði um lok dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun. Þar er kveðið á um gerð einstaklingsbundinnar áætlunar um áframhaldandi stuðning og

þjónustu. Er það gert til að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu við einstakling þegar ábyrgð á þjónustu við hann flyst á milli þjónustuveitenda.

Í XI. kafla eru ýmis lokaákvæði. M.a. er þar kveðið á um rétt til bóta sem auðveldar notanda að sækja bætur hafi hann sætt öryggisráðstöfun eða öryggisvistun án þess að lögmæt skilyrði hafi verið uppfyllt eða lengur en efni stóðu til, eða ef að ráðstöfunum hefur verið staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Þá er kveðið á um ábyrgð á framkvæmd og kostnaði við öryggisþjónustu, kveðið á um gildistöku laganna og um vinnslu persónuupplýsinga. Í lokin er kveðið á um breytingar á öðrum lögum. Annars vegar er kveðið á um breytingu á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þannig að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laga þessara. Hins vegar eru lagðar til breytingar á VII. kafla hegningarlaga. Helstu breytingarnar eru að lagt er til að ákvæði 62. gr. verði skýrt nánar og kveðið á um mælikvarða sem dómari styðst við þegar metið er hvort einstaklingi skuli vera gert að sæta öryggisráðstöfun. Þá er lagt til að öryggisráðstafanir verði ótímabundnar þegar um alvarlegustu brot er að ræða en tímabundnar til mest 5 ára í senn í öðrum tilvikum. Einnig er lagt til að sett verði nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um reglulega endurskoðun á öryggisráðsöfunum. Að öðru leyti er að mestu um orðalagsbreytingar að ræða þar sem ákvæði eru skýrð og færð til nútímalegra horfs.

#### *Lýsing á lagaumhverfi.*

Með frumvarpinu er sett á laggirnar ákveðið ferli sem hefst þegar einstaklingur fær dóm eða úrskurð skv. ákvæðum VII. kafla almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir. Er þannig eytt þeirri óvissu sem nú ríkir þegar dæmt er skv. 62. eða 63. gr. hegningarlaga. Gert er ráð fyrir að dómari meti hvort nauðsynlegt sé að einstaklingur sæti öryggisráðstöfunum og þá tegund ráðstöfunar eða ráðstafana. Telji dómari það nauðsynlegt til verndar réttaröryggis getur hann ákveðið að einstaklingur skuli sæta öryggisgæslu.

Þegar einstaklingur hefur verið dæmdur til að sæta öryggisráðstöfunum, hvort sem er öryggisgæslu eða öðrum vægari ráðstöfunum, tekur ný stofnun, Öryggisþjónusta ríkisins, við dóminum frá Ríkissaksóknara og ber ábyrgð á því að honum sé framfylgt, sbr. 6. gr. Hafi einstaklingur verið dæmdur til annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu gilda ákvæði 22. og 23. gr. um framkvæmd ráðstafananna. Hafi einstaklingur hins vegar verið dæmdur til öryggisgæslu tekur Öryggisþjónustan við dóminum og tekur ákvörðun um öryggisþjónustustað og öryggisstig viðkomandi, að fengnu rökstuddu álitu þverfaglegs matsteymis sérfræðinga, sbr. 21. gr.

Öryggisþjónustustaðir eru þeir staðir þar sem þeir sem eru í öryggisgæslu dvelja. Gert er ráð fyrir að öryggisþjónustustaðir verði réttargeðdeildin á Kleppi og nýtt sérútbúið húsnæði sem byggt verður undir öryggisþjónustu. Þá veitir frumvarpið heimild til að semja við sveitarfélög eða einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 14. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum almennra hegningarlaga á þá vegu að almennt verði öryggisráðstafanir tímabundnar og kveðið á um lengd þeirra í dómi. Hámarkstími verði 5 ár, nema þegar viðkomandi hefur gerst sekur um manndráp, rán, frelsissviptingu, alvarlega líkamsárás, brennu, nauðgun eða annað alvarlegt kynferðisbrot eða fyrir tilraun eða hlutdeild til slíkra brota, en þá verði öryggisgæsla ótímabundin, sbr. 1. tölul. b-liðar 75. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 62. gr. almennra hegningarlaga.

Þess skal gætt að öryggisráðstafanir eða öryggisgæsla vari ekki lengur eða sé meira íþyngjandi en nauðsynlegt er. Því eru ráðstafanirnar endurskoðaðar þegar þurfa þykir, en að minnsta kosti á árs fresti, sbr. X. kafli og 5. tölul. b-liðar 75. gr. um nýtt ákvæði í 67. gr. a

almennra hegningarlaga. Sá sem sætir ráðstöfununum getur einnig óskað eftir endurskoðun. Þegar talið er að aflétta megi öllum ráðstöfunum sem ákveðnar hafa verið með dómi þarf að óska eftir dómsúrlausn um afléttingu, sbr. 68. gr. og 5. tölul. b-liðar 75. gr.

Þegar ljóst er að það styttest í að einstaklingur fari úr öryggisgæslu, t.d. þegar tími öryggisgæslu tekur enda, skal gera þjónustuáætlun við lok dvalar, sé þörf á því, sbr. 69. gr. Þar er kveðið á um áframhaldandi þjónustu og stuðning við viðkomandi eftir að dvöl í öryggisgæslu eða öryggisvistun lýkur. Sveitarfélag þar sem viðkomandi hefur lögheimili kemur þá að gerð áætlunarinnar og skal fá hæfilegan fyrirvara svo það geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, sér í lagi varðandi búsetuúrræði, hafi viðkomandi þörf fyrir slíkt. Þá er gert ráð fyrir því að Öryggisþjónustan veiti faglegan stuðning og eftirfylgni við þá sem veita notanda þjónustu í allt að sex mánuði eftir lok öryggisgæslu eða -vistunar eða eftir þörfum, sbr. 70. gr.

Sé um barn að ræða er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi að mestu leyti, en Barna- og fjölskyldustofa hafi aðkomu að málinu. Gert er ráð fyrir aðkomu varðandi mat þannig að fulltrúi Barna- og fjölskyldustofu komi inn í matsteymi sem veitir Öryggisþjónustu ríkisins álit á öryggisþjónustustað, sbr. 2. mgr. 13. gr. Þá má ákveða að barn sem dæmt hefur verið til öryggisgæslu sæti henni í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda, sbr. 4. mgr. 21. gr. Fer þá um vistunina skv. barnaverndarlögum, þó málsmeðferðarreglur þessa frumvarps gildi um meðferð máls, þ. á m. endurskoðun.

Í IX. kafla frumvarpsins er kveðið á um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað. Um beitingu nauðungar er einnig fjallað í V. kafla laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011. Þá er í frumvarpi um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, sem lagt var fram af heilbrigðisráðherra í annað sinn á 152. löggjafarþingi, kveðið á um beitingu nauðungar á heilbrigðisstofnunum. Frumvarp heilbrigðisráðherra var hins vegar tekið af þingi og ætlar heilbrigðisráðherra að fela starfshópi að fjalla um frumvarpið. Ákvæði þessara þriggja kafla eru um flest sambærileg. Helsti munurinn er á gildissviði, þ.e. til hvers/hvaða staða þau taka. Gildissvið þeirra getur hins vegar skarast í einhverjum tilvikum. Því er kveðið á um í 4. mgr. 58. gr. frumvarpsins að ákvæði þess gangi frammar V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um heimild til öryggisvistunar í þeim tilvikum sem einstaklingur hefur ekki brotið af sér og fengið dóm skv. VII. kafla hegningarlaga. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að slíkri heimild verði komið fyrir í lögum. Um er að ræða einstaklinga sem eru hættulegir sjálfum sér og/eða öðrum og ekki hefur tekist að þjónusta á heimili sínu. Gert er ráð fyrir að uppfylla þurfi strangar kröfur til að viðkomandi geti farið í öryggisvistun á vegum Öryggisþjónustunnar, m.a. að reynt hafi verið til hins ítrasta að veita viðkomandi þjónustu á heimili sínu. Þá þarf áhættumat að vera til staðar og þarf það að vera yfir ákveðnum mörkum. Er þá gert ráð fyrir að sömu reglur gildi að mestu um þá sem eru í öryggisgæslu á grundvelli hegningarlaga og þá sem eru í öryggisvistun á grundvelli umræddrar heimildar.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði frumvarpsins varða ýmis mannréttindi sem varin eru af ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (stjskr.), mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (MSE) og öðrum samningum sem Ísland er aðili að, svo sem samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Meðal réttinda sem frumvarpið varðar má nefna rétt til frelsis og mannhelgi, sbr. 67. gr. stjkskr. og 5. gr. MSE; bann við pyndingum, sbr. 68. gr. stjkskr. og 3. gr. MSE; engin refsing án laga, sbr. 69. gr. stjkskr. og 7. gr. MSE; rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE; rétt til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE; og rétt til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, o.fl., sbr. 76. gr. stjkskr.

Þá er markmið frumvarpsins að tryggja að heimildir stjórnvalda verði í samræmi við kröfur lögmætisreglunnar og lagaáskilnaðarreglna framangreindra stjórnarskrárákvæða.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli *Roman gegn Belgíu* (yfirdeild) og fleiri dómum hefur komið fram að markmið frelsiskerðingar samkvæmt e-lið 1. mgr. 5. gr. MSE sé ekki aðeins að vernda heldur einnig í meðferðartilgangi. Sú meðferð verði að vera einstaklingsbundin og viðeigandi.

MDE hefur jafnframt talið að það séu órjúfanleg tengsl milli lögmætis frelsisskerðingar og framkvæmdar hennar. Af því leiðir að einstaklingur verður að vera vistaður á viðeigandi stofnun miðað við ástand sitt. Sjá t.d. dóm MDE í máli *Ilseher gegn Þýskalandi* (yfirdeild). Eins og fram kemur í *Roman gegn Belgíu* þá er viðeigandi meðferð hluti af mati á lögmæti frelsisskerðingar.

Þó hefur MDE tekið fram að heimilt sé að skerða frelsi andlega vanheils einstaklings þótt lækni meðferð sé ekki fyrirhuguð svo lengi sem unnt sé að réttlæta skerðinguna sökum alvarleika ástands einstaklingsins og þarfarinnar á að vernda einstaklinginn og aðra. Sjá dóm MDE í máli *N gegn Rúmeníu* (mgr. 151).

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í dómaframkvæmd sinni sett fram tiltekin viðmið um þær kröfur sem gera verður til að vistun einstaklings í öryggisgæslu teljist lögleg skv. e-lið 1. mgr. 5. gr. MSE. Sjá í því sambandi dóma MDE í málum *Stanev gegn Búlgaríu* (yfirdeild), *Ilseher gegn Þýskalandi* (yfirdeild), *Winterwerp gegn Hollandi* og fleiri dóma. Þau atriði eru eftirfarandi:

1. Sýna þarf fram á á áreiðanlegan hátt, með hlutlægri lækni-fræðilegri sérþekkingu, að einstaklingurinn sé „andlega vanheill“ (e. „of unsound mind“), nema neyðarvistun sé nauðsynleg;
2. Geðröskun einstaklingsins verður að vera af því tagi sem krefst nauðungarvistunar. Sýna verður fram á að frelsissviptingin hafi verið nauðsynleg í aðstæðunum;
3. Geðröskunin, staðfest með hlutlægum lækni-fræðilegum gögnum, verður að vera viðvarandi allan vistunartímann.

Í dómi MDE í máli *Ilseher* og *Hutchiso Reid gegn Stóra-Bretlandi* kom fram að frelsisskerðing gæti verið nauðsynleg ekki aðeins vegna þarfar á meðferð eða lyfjagjafar heldur einnig til að einstaklingur sætti eftirliti og stjórn. Í *N gegn Rúmeníu* kom einnig fram að frelsisskerðing gæti verið nauðsynleg til að vernda aðra þótt meðferð væri ekki raunhæf.

Í *M.S. gegn Króatíu* (nr. 2) kom fram að réttaröryggisreglur verða að vera til staðar. Þá verður einnig að vera aðgangur að dómstólum, sbr. *Roman gegn Belgíu* og *M.S. gegn Króatíu* (nr. 2).

Þá hefur komið fram í öðrum dómum dómstólsins að þær aðstæður sem viðkomandi er vistaður í þurfa að vera við hæfi fyrir einstakling sem þarf á þessari þjónustu að halda, sjá m.a. *W.A. gegn Sviss nr. 38958/16 (2021)*.

Lagaáskilnaður 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu felur ekki aðeins í sér að landslög þurfa að vera til heldur verða þau lög að fullnægja ákveðnum kröfum, m.a. um skýrleika.

Í tengslum við 3. gr. MSE hefur mannréttindadómstóll Evrópu m.a. bent á að þeir einstaklingar sem eru andlega vanheilir og sæta frelsisskerðingu eru almennt séð í viðkvæmari

en aðrir og geta stundum ekki borið upp kvörtun með sama hætti og aðrir. Sjá t.d. *Slawomir Musial gegn Póllandi*.

Í *W.D. gegn Belgíu* lagði MDE áherslu á möguleikann á að aðlagast samfélaginu á ný.

Í *Strazimiri gegn Albaníu* var ríki fundið brotlegt vegna þess að ekki hefði verið komið á fót viðeigandi stofnun í lengri tíma.

Í *Naumenka* var bent á mikilvægi þess að sjúkraskrá gæfi til kynna hvort viðkomandi hefði samþykkt meðferð.

Litið hefur verið til framangreinda viðmiða við samningu frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins verði túlkuð til samræmis við framangreindar mannréttindareglur.

Hvað varðar aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar er rétt að geta samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem undirritaður var fyrir Íslands hönd árið 2007, fullgildur 24. september 2016 og til stendur að lögfesta skv. stjórnarsáttmála. Samningurinn viðurkennir mannréttindi fatlaðs fólks, sem eru þau sömu og annarra, en staðfestir jafnframt rétt fatlaðs fólks til að njóta þessara réttinda. Markmið samningsins, eins og fram kemur í 1. gr. hans, er að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og auka virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess.

Þar að auki var litið til ýmissa annarra alþjóðlegra sáttmála, tilmæla og athugasemda. M.a. Oviedo samnings Evrópuráðsins, Report of the Special rapporteur on the rights of persons with disabilities, General Comment No. 1 (2014) frá Committee on the Rights of Persons with Disabilities.

Horft var til þeirra krafna sem þessir samningar gera, bæði ákvæða samninganna og athugasemda, dómaframkvæmdar og annars frá eftirlitsaðilum samninganna, þar á meðal dómaframkvæmdar MDE og heimsóknarskýrslna OPCAT eftirlits og CPT nefndar.

## 5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst þá einstaklinga sem þurfa á öryggisráðstöfunum að halda og fólk sem starfar á þessu sviði, þar á meðal starfsfólk félagsþjónustu sveitarfélaga, starfsfólk í geðheilbrigðisþjónustu s.s. á geðdeildum Klepps. Þar að auki snertir þetta störf saksóknara og dómara og annarra innan réttarvörsluferfisins þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa verið dæmdir.

Við gerð frumvarpsins hefur verið mikið samráð milli ráðuneyta félags-, heilbrigðis-, og dómsmála. Einnig var haft samráð við fulltrúa úr félagsþjónustu og heilbrigðisgeira í gegnum stefnuvinnuhóp og lagahóp sem áður var sagt frá.

Þá var stofnaður hópur með fulltrúum frá Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um efnisatriði frumvarpsins. Auk þess var stofnaður hópur með fulltrúum hagsmunasamtakanna, þ.e. Öryrkjabandalag Íslands, Geðhjálp og Þroskahjálp. Vísað er í inngangskafli um nánari umfjöllun um hópana.

Þar að auki hefur verið haft samráð við ýmsa aðra aðila við gerð frumvarpsins. Meðal þeirra má nefna fund með Fangelsismálastofnun á fyrri stigum, fundi með fulltrúum Læknafélags Íslands, Geðlæknafélags Íslands og fleiri geðlæknum, og einnig réttargeðdeild Landspítala.

Frumvarpið ásamt stefnuskjölum verður sett í samráðsgátt stjórnvalda og munu allir sem láta sig málið varða hafa tækifæri til að senda inn umsögn þangað.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um I. kafla.

Í fyrsta kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið og markmið þess ásamt skilgreiningum á helstu hugtökum. Vegna þess að um nýmæli er að ræða þykir rétt að skýra þessi atriði með nokkuð ítarlegum hætti.

Frumvarpið gildir um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sem ákvarðaðar eru með dómsúrlausn. Heimildir til að kveða á um að einstaklingur sæti öryggisráðstöfun eða öryggisvistun eru í öðrum lögum. Mælt er fyrir um öryggisráðstafanir í VII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gert er ráð fyrir því að færð verði heimild í lög um svokallaða öryggisvistun. Með öðrum orðum fjallar frumvarpið um framkvæmd ákvarðana sem eru teknar samkvæmt öðrum lögum.

Markmið frumvarpsins er margþætt. Stefnt er að því að tryggja að framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sé í samræmi við mannréttindi og réttaröryggi, tryggja þeim sem sæta fyrrnefndum ráðstöfunum viðeigandi stuðning, þjálfun og meðferð sem og að gæta að öryggi bæði þeirra sem sæta ráðstöfununum og annarra. Einnig er það markmið frumvarpsins að tryggja samvinnu milli aðila sem koma að framkvæmd þjónustu við markhópa frumvarpsins. Jafnframt er það áréttað að ávallt skal hafa það sem er barni fyrir bestu í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn.

## Um 1. gr.

Samkvæmt nógildandi VII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. 62.-67. gr. þeirra, er unnt að dæma eða úrskurða einstakling til að sæta svonefndum öryggisráðstöfunum. Svo háttar til þegar einstaklingur er sýknaður vegna sakhæfisskorts skv. 15. gr. eða refsing er ekki talin bera árangur skv. 16. gr. en engu að síður er talið nauðsynlegt vegna réttaröryggis að ráðstafanir skuli gerðar til að varna því að háski verði að manni. Meðal slíkra ráðstafana eru vistun á viðeigandi stofnun, þ.e. svokölluð öryggisgæsla, trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða lögræðissvipting. Dómstólar hafa einnig dæmt einstaklinga samkvæmt þessu ákvæði til að sæta viðeigandi meðferð, svo sem lyfjameðferð eða geðmeðferð. Gert er ráð fyrir því að samhliða setningu laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar verði gerðar ákveðnar breytingar á VII. kafla almennra hegningarlaga.

Dómstólar ákveða hvort og þá hvaða öryggisráðstöfunum einstaklingur skuli sæta. Venja er fyrir því að dómstólar ákveði fyrst um sinn tegund ráðstöfunar og umfang hennar, byggt á mati sérfræðinga á þeim einstaklingi sem í hlut á. Nánari útfærsla og framkvæmd kemur þá í hlut stjórnvalda. Með lögum þessum er ætlunin m.a. að kveða á um framkvæmd öryggisráðstafana. Rétt er að taka allan vafa af um það að lögin eiga ekki við um lögræðissviptingu þótt vísað sé til hennar í nógildandi 62. gr. almennra hegningarlaga. Um hana gilda eftir sem áður lögræðislög, sbr. nú lög nr. 71/1997.

Lögin gilda jafnframt um framkvæmd öryggisvistunar. Með því er átt við úrræði þar sem fullorðinn einstaklingur er vistaður á öruggum öryggisþjónustustað til að tryggja öryggi hans sjálfs sem og öryggi og hagsmuni annarra. Um er að ræða frelsisskerðingu á grundvelli annarra laga en almennra hegningarlaga. Í 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga, eins og ákvæðin eru nú úr garði gerð, er gert ráð fyrir því að einstaklingur geti verið vistaður á viðeigandi stofnun, þ.e. í svokallaðri öryggisgæslu, þegar hann er ósakhæfur samkvæmt 15. gr. laganna eða að refsing sé árangurslaus samkvæmt 16. gr. laganna. Þegar um öryggisvistun er að ræða hefur einstaklingur ekki verið dæmdur eða úrskurðaður til að sæta öryggisgæslu í tengslum við refsiverða háttsemi en engu að síður þykir brýn nauðsyn til þess að vista hann á öruggum öryggisþjónustustað til að varna því að háski verði að honum. Gert er ráð fyrir því að slík

lagaheimild verði færð í lög. Þá er vert að áréttta að lög in taka ekki til svonefndrar nauðungarvistunar á grundvelli lögræðisлага.

Lagaheimildir til að dæma eða úrskurða einstakling til að sæta öryggisráðstöfun eða öryggisvistun eru, sem fyrr greinir, í öðrum lögum. Lög þessi fjalla um framkvæmd þessara ráðstafana.

Börn verða sakhæf 15 ára samkvæmt 14. gr. almennra hegningarlaga. Vegna þess kann sú staða að koma upp að barni, þ.e. einstaklingi yngri en 18 ára, sé eigi refsað á grundvelli 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga heldur gert að sæta öryggisráðstöfun á grundvelli VII. kafla þeirra. Lög þessi gilda um framkvæmd þeirra öryggisráðstafana sem börnum er gert að sæta með þeim frávikum sem mælt er fyrir um í lögum, eins og árétttað er í 2. mgr. 1. gr. Af því leiðir að Öryggisþjónusta ríkisins mun taka við málum þeirra eins og í tilvikum fullorðinna einstaklinga. Aftur á móti er gert ráð fyrir því að framkvæmd öryggisráðstafana verði í samráði og samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og þá barnaverndarnefnd sem starfar á því svæði þar sem barn á lögheimili eða dvelur. Til að mynda skulu Öryggisþjónustan og barnaverndaryfirvöld meta hvar barn, sem dæmt eða úrskurðað hefur verið til að sæta öryggisgæslu, skuli vistað og skal það gert með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Í 2. mgr. er jafnframt kveðið á um lagaskil þegar ákveðið er að framkvæma öryggisráðstöfun, sem barni er gert að sæta, með því að beita barnaverndarúrræði í staðinn. Þannig er heimilt að ákveða samkvæmt lögum þessum að barn vistist í úrræði á vegum barnaverndar eins og önnur börn sem sæta barnaverndarúrræðum. Þykir æskilegt að sama gildi um börn að því marki sem unnt er. Samkvæmt málsgreininni er gert ráð fyrir því að lög þessi gildi um málsmeðferð og ákvarðanatöku um framkvæmd ráðstöfunar, s.s. að barn skuli vera í barnaverndarúrræði og þá hvaða úrræði. Vegna þess að barnið mun vera í barnaverndarúrræði er gert ráð fyrir því að barnaverndarlög gildi um vistunina og vistunarstaðinn eins og í tilviki annarra barna sem sæta úrræðinu. Þannig er miðað við að ýmsar reglur sem gilda um öryggisþjónustustað samkvæmt lögum þessum gildi ekki um vistun og vistunarstað þeirra barna sem eru í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda. Meðal þeirra eru reglurnar í köflum V.-IX. um upphaf dvalar í öryggisgæslu og öryggisvistun, heilbrigðisþjónustu á öryggisþjónustustað og aðra þjónustu, réttindi og skyldur að því marki sem þær lúta að öryggisþjónustustað eða dvalarstað, leit, líkamsleit og líkamsrannsókn og beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað. Aftur á móti gilda lög þessi um ákvarðanatöku um dvalarstað, endurskoðun og lok dvalar sem og um tilsjónarmenn. Ákvæði um þessi atriði eru í III., IV. og X. kafla.

Miðað er við það í lögum þessum, þ.e. 3. mgr. 1. gr., að ákvæði um framkvæmd öryggisráðstafana, sem börnum er gert að sæta, geti einnig átt við um einstaklinga sem eru eldri en 18 ára en í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga er gert ráð fyrir því að unnt sé að framlengja ákveðin úrræði til 20 ára aldurs. Þykir rétt að hið sama eigi við um framkvæmd öryggisráðstafana. Ekki mun reyna á framkvæmd öryggisvistunar í tilviki einstaklinga sem eru 18 til 20 ára enda gilda barnaverndarlög um þá. Í lögum þessum er mælt fyrir um ýmsar sérreglur um málsmeðferð og ákvarðanatöku þegar börn eiga í hlut. Meðal þess er að leita eftir afstöðu barnaverndaryfirvalda þegar tekin er ákvörðun um það hvort einstaklingur skuli vera í barnaverndarúrræði og þá hvaða. Af 3. mgr. 1. gr. leiðir að fylgja þarf sömu reglum í tilviki einstaklinga sem eru eldri en 18 ára ef unnt er að framlengja úrræði samkvæmt barnaverndarlögum í þeirra tilviki. Vegna þess þarf Öryggisþjónusta ríkisins sem og aðrir sem koma að framkvæmd laga þessara að vera vakandi fyrir því að þar sem mælt er fyrir um sérreglur um börn í lögum þessum kann hið sama að gilda um einstaklinga sem eru 18 til 20 ára.



## Um 2. gr.

Markmið laganna eru fjölbætt. Í fyrsta lagi er það að tryggja vernd mannréttinda og réttaröryggi þeirra einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum og öryggisvistun. Er það þýðingarmikið enda fela slíkar ráðstafanir í sér töluvert inngríp í líf og hagsmuni þeirra. Vegna þeirrar viðkvæmu stöðu sem slíkir einstaklingar eru alla jafna í þykir ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að mannréttindum þeirra í hvívetna við framkvæmd ráðstafananna. Hér reynir ekki aðeins á mannréttindaákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttinasáttmála Evrópu, heldur einnig á ýmsa aðra sáttmála. Í því samhengi má nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og refsingu sem og Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Jafnframt er minnt á önnur alþjóðleg viðmið og tilmæli sem stafa frá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd ráðstafananna. Við framkvæmd laganna skal taka tillit til þessara alþjóðlegu viðmiða að því marki sem það á við. Einnig ber að gæta að réttaröryggi þeirra sem sæta ráðstöfunum í hvívetna og beita reglum sem hafa það að markmiði með hliðsjón af þeirri viðkvæmu stöðu sem þessir einstaklingar eru í.

Í öðru lagi er markmið laganna að þeir sem sæta ráðstöfunum fái viðeigandi stuðning, þjálfun og meðferð. Þeir skulu t.d. njóta þeirrar félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu sem þeir hafa þörf á. Enn fremur er það markmið laganna að gætt sé að sjálfsákvörðunarrétti og lífsgæðum þeirra sem sæta öryggisráðstöfunum og öryggisvistun að því marki sem unnt er, þ.e. innan þess ramma sem samrýmist því að tryggja öryggi þeirra og annarra sem og að framkvæma öryggisráðstöfunina samkvæmt dómsúrlausn. Mikilvægt er að virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem hafa verið sviptir frelsi sínu að því marki sem unnt er miðað við eðli vistunarinnar. Þannig ber að leitast við að fá afstöðu þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum til sem flestra ákvarðana er varða þá. Ber að hafa það að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og meðferð. Einnig ber að taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Að auki ber að huga að lífsgæðum þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum.

Í þriðja lagi lýtur markmið laganna að því að öryggisráðstafanir og öryggisvistun nái þeim tilgangi sínum að varna því að háski verði að einstaklingi. Í því sambandi þarf bæði að huga að öryggi þeirra sem sæta ráðstöfununum sem og að öryggi og hagsmunum annarra sem kann að stafa hætta af þeim. Annars vegar getur sá sem sætir ráðstöfunum stefnt öryggi sínu í hættu. Hins vegar getur hætta stafað af þeim einstaklingi gagnvart öryggi og hagsmunum annarra. Taka þarf tillit til beggja hagsmuna. Þannig getur þurft að grípa til ráðstafana sem skerða frelsi einstaklings til að tryggja öryggi, friðhelgi og réttindi annarra einstaklinga. Við hagsmunamatíð þarf sem endranær að gæta þess að ekki sé gripið til meira íþyngjandi ráðstafana en nauðsyn ber til í ljósi þess markmiðs sem að er stefnt hverju sinni. Í þessu sambandi er tekið fram að á íslenska ríkinu hvílir ákveðin skylda til að vernda líf og líkama annarra manna, sbr. t.d. á grundvelli 2. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.

Í fjórða lagi er markmið laganna að tryggja samvinnu og markvisst flæði milli ólíkra aðila í þjónustu sem hafa með málefni einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum að gera. Meðal þeirra eru félagsþjónustur sveitarfélaga, heilbrigðisstofnanir, Öryggisþjónusta ríkisins og handhafar ákærvalds. Mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman svo unnt sé að framkvæma

Þessi lög, VII. kafla almennra hegningarlaga sem og aðra þjónustu sem einstaklingar eiga rétt til samkvæmt öðrum lögum.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru áréttaðar meginreglur sem fara ber eftir þegar börn eiga í hlut. Í fyrri málsgrein er áréttuð sú regla að ávallt skuli hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og gera það sem barninu er fyrir bestu þegar ákvarðanir eru teknar um öryggisráðstafanir þeirra. Fleiri meginreglur eiga við um framkvæmd öryggisráðstafana barna eins og leiðir af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Í 2. mgr. er kveðið á um þátttöku barna í málum sem þau varða og að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra. Er þetta til viðbótar við almenna skyldu samkvæmt lögum þessum að leita eftir og taka tillit til skoðana og sjónarmiða notenda. Er þetta áréttað hér sérstaklega þegar um börn er að ræða, en í þeirra tilvikum þarf að tryggja að upplýsingar séu veittar á barnvænan hátt í samræmi við aldur og þroska barnsins. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. breytingarlög nr. 107/2021.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreiningar á helstu hugtökum sem varða framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar á grundvelli laga þessara.

**a. Öryggisþjónusta:** Öryggisþjónusta er samheiti yfir framkvæmd öryggisráðstafana, þ.e. öryggisgæslu og annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu skv. VII. kafla almennra hegningarlaga, og öryggisvistunar skv. öðrum lögum. Samhengisins vegna má geta þess að þjónusta er á ýmsum sviðum skilgreind á þremur þjónustustigum. Í þessu sambandi má nefna lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Fyrsta stigs þjónusta er grunnþjónusta. Til hennar telst t.d. almenn félagsþjónusta og snemmtækur stuðningur. Annars stigs þjónusta er markvissari stuðningur t.d. sérfræðinga. Í þriðja stigs þjónustu felst sérhæfðari þjálfun og meðferð sem veitt er á landsvísu. Öryggisþjónusta er skilgreind sem þriðja stigs þjónusta á ábyrgð ríkisins. Gert er ráð fyrir því að ný stofnun, Öryggisþjónusta ríkisins, annist framkvæmd öryggisþjónustu á Íslandi.

**b. Öryggisráðstafanir:** Öryggisráðstafanir er samheiti yfir öryggisgæslu og aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæslu sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga. Undir hugtakið fellur því ekki öryggisvistun samkvæmt öðrum lögum.

**c. Öryggisgæsla:** Samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga er unnt að vista einstakling, sem er annað hvort ósakhæfur eða svo er ástatt um að refsing getur ekki borið árangur, sbr. 15. og 16. gr. hegningarlaga, á öryggisþjónustustað til að varna því að háski verði að honum. Í núgildandi 62. gr. hegningarlaga er notað orðalagið „viðeigandi hæli“. Er þetta ein tegund öryggisráðstafana. Í framkvæmd hefur hugtakið „öryggisgæsla“ verið notað um slíka öryggisráðstöfun. Byggt er á því hugtaki í lögum þessum. Gert er ráð fyrir því að öryggisgæsla geti verið á misháum öryggisstigum í samræmi við þarfir notanda. Í öryggisgæslu er veitt einstaklingsbundin þjónusta, þ.e. ráðgjöf, stuðningur, þjálfun og meðferð. Eðli og umfang þeirrar þjónustu sem veitt er er eðli málsins samkvæmt mismunandi eftir þörfum einstaklinga. Um getur verið að ræða heilbrigðisþjónustu, t.d. geðmeðferð í formi samtals og/eða lyfja, eða sérhæfða þjálfun og meðferð á sviði félagsþjónustu, t.d. iðjuþjálfun, þjónustu þroskaþjálfara, félagsráðgjafa eða sálfræðinga eða hvers konar hæfingu eða endurhæfingu sem viðkomandi kann að þurfa á að halda. Í öryggisgæslu felst ákveðin skerðing

á frelsi og réttindum þess einstaklings sem sætir henni. Helsta skerðingin er á ferðafrelsi einstaklingsins þar sem hann getur ekki ráðið búsetu sinni eða farið frjáls ferða sinna þegar honum hentar. Nauðung sem er umfram það sem felst í öryggisgæslu fellur undir kafla IX. um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað.

**d. Aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæsla:** Samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga er unnt að gera einstaklingi að sæta ýmsum öryggisráðstöfunum, svo sem að setja tryggingu og sæta banni við dvöl á ákveðnum stöðum, sem teljast vera vægari ráðstafanir en öryggisgæsla. Þær teljast hér vera „aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæsla“, en til þeirra kann að vera vísað sem „aðrar öryggisráðstafanir“ til einföldunar og styttingar.

**e. Öryggisvistun:** Öryggisgæsla og aðrar öryggisráðstafanir eru ákveðnar á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga. Gert er ráð fyrir því að unnt verði að vista einstakling, sem talinn er hættulegur sjálfum sér og/eða öðrum, á viðeigandi öryggisþjónustustað á grundvelli annarra laga. Slík vistun er hér kölluð „öryggisvistun“. Gert er ráð fyrir því að Öryggisþjónusta ríkisins annist framkvæmd öryggisvistunar, hún sé tímabundin og að á meðan henni stendur sé notanda veitt viðeigandi og einstaklingsbundin stuðningur, þjónusta og meðferð. Öryggisvistun nær ekki til nauðungarvistunar samkvæmt lögræðislögum.

**f. Notandi:** Í lögum þessum er sá sem sætir öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun kallaður notandi.

**g. Öryggisþjónustustaður:** Öryggisþjónustustaður er sá staður sem einstaklingur, sem sætir öryggisgæslu eða öryggisvistun, dvelst á. Um er að ræða t.d. öryggisþjónustustaði á vegum Öryggisþjónustu ríkisins, meðferðarstofnun, þ. á m. réttargeðdeild, og mögulega annars konar dvalarstaði sem kann að vera komið á fót, svo sem sérútbúin heimili. Heimili sem einstaklingur býr á, hvort sem er eigin húsnæði eða á vegum félagsþjónustu sveitarfélags, telst ekki öryggisþjónustustaður, þó svo að notandi geti sætt öðrum öryggisráðstöfunum á því heimili. Samkvæmt lögum þessum er gert ráð fyrir því að mismunandi öryggisstig geti verið innan og á milli öryggisþjónustustaða. Dæmi um það er almenn öryggisgæsla á öryggisþjónustustað sem fyrirhugað er að byggja og ítrasta öryggisgæsla á réttargeðdeild Landspítalans. Þá verður heimilt að gera samning við sveitarfélög og einkaaðila um að þau annist vistun einstaklings. Slíkir staðir munu einnig teljast vera öryggisþjónustustaðir. Úrræði á vegum barnaverndar teljast ekki öryggisþjónustustaðir samkvæmt lögum þessum.

Sá munur er á öryggisþjónustustöðum á vegum Öryggisþjónustu ríkisins annars vegar og á vegum heilbrigðiskerfisins hins vegar er sú þjónusta sem er veitt þar. Eins og staðan er í dag er einn öryggisþjónustustaður á vegum heilbrigðiskerfisins, þ.e. réttargeðdeild, en það er sérhæfð geðdeild Landspítalans þar sem vistaðir eru ósakhæfir einstaklingar sem dæmdir hafa verið á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga. Hlutverk réttargeðdeildar er að sinna sérhæfðri geðmeðferð og endurhæfingu einstaklinga sem eru ósakhæfir, einkum vegna geðsjúkdóms, sem þurfa á ítrustu öryggisgæslu að halda. Öryggisþjónustustaðir á vegum Öryggisþjónustu ríkisins veita þeim þjónustu sem hafa verið dæmdir til öryggisgæslu en þurfa almennt á annars konar þjónustu að halda en veitt er á réttargeðdeild Landspítalans. Um getur verið að ræða þjónustu af meiri félagslegum toga en geðheilbrigðislegum. Oft er um að ræða fólk með fötlun eða skerðingar af ýmsu tagi. Þá geta öryggisþjónustustaðir Öryggisþjónustunnar einnig veitt þeim þjónustu sem hafa lokið meðferð á réttargeðdeild en ekki er talið forsvaranlegt vegna réttaröryggis að þeir sæti ekki lengur öryggisgæslu af neinum toga. Við mat á því á hvaða öryggisþjónustustað einstaklingur kemur til með að dvelja liggur mat á aðstæðum og þjónustupörf viðkomandi. Sérfræðingar koma til með að meta hvers konar þjónustu viðkomandi þarf á að halda, t.d. hvort þörf sé á sérhæfðri geðmeðferð og endurhæfingu vegna alvarlegs geðsjúkdóms. Öryggisþjónustustaður er ákveðinn á grundvelli

Þessa sérfræðimats og út frá því hvaða staður veitir þá þjónustu sem viðkomandi hefur þörf fyrir. Sé það t.d. læknisfræðilegt mat að einstaklingur hafi þörf fyrir sérhæfða geðmeðferð vegna geðsjúkdóms sem veitt er á réttargeðdeild liggur það til grundvallar ákvörðunar þess efnis að viðkomandi leggist inn á réttargeðdeild.

**h. Tilsjónarmaður:** Tilsjónarmaður er skipaður á grundvelli almennra hegningarlaga til að hafa eftirlit með því að öryggisráðstafanir sem einstaklingur sætir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur. Gert er ráð fyrir því að einnig verði unnt að skipa tilsjónarmann á grundvelli annarra laga til að sinna sambærilegu hlutverki fyrir þá einstaklinga sem sæta öryggisvistun.

**i. Barn:** Miðað er við að sama skilgreining eigi við um börn og í barnalögum og barnaverndarlögum, þ.e. einstaklingur sem er yngri en 18 ára. Eins og fram kemur í 3. mgr. 1. gr. og athugasemd við það ákvæði er gert ráð fyrir að sérreglur um börn í lögum þessum gildi einnig um einstaklinga sem eru eldri en 18 ára að því marki sem unnt er að framlengja úrræði samkvæmt barnaverndarlögum eftir 18 ára aldur. Þannig er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga að unnt sé að framlengja ákveðin úrræði til 20 ára aldurs. Þykir rétt að hið sama eigi við um framkvæmd öryggisráðstafana.

**j. Barnaverndarúrræði:** Með úrræðum á vegum barnaverndar er vísað til þeirra úrræða sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum.

#### Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna ákvæði um stjórnýslu öryggisþjónustumála. Ráðherra fer með yfirstjórn og eftirlit málaflokksins. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Öryggisþjónustu ríkisins, sem sér um framkvæmd öryggisþjónustu á Íslandi. Í kaflanum eru ákvæði um hæfniskröfur, þjálfun og starfsskyldur starfsfólks stofnunarinnar og öryggisþjónustustaða, þverfaglegt matsteymi, ásamt heimild til samningagerðar við sveitarfélög og einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu.

#### Um 5. gr.

Ráðherra fer með yfirstjórn og hefur eftirlit með öryggisþjónustumálum, þ.e. framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar samkvæmt lögum þessum. Með ákvæðinu eru áréttáðar almennar heimildir og skyldur ráðherra sem hann hefur samkvæmt almennum reglum, þ.e. IV. kafla laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands sem og á grundvelli óskráðra reglna. Þá leiðir af almennum reglum að ákvarðanir um rétt eða skyldu manna samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 eru kærnanlegar til ráðherra samkvæmt 26. gr. sömu laga að því marki sem ekki er kveðið á um annað í lögum, svo sem að tiltekin mál skuli sæta úrlausn dómstóla. Í lögum þessum er mælt fyrir um sérstaka kærheimild til úrskurðarnefndar velferðarmála í tengslum við beitingu nauðungar. Að auki er unnt að bera ýmsar ákvarðanir undir dómstóla.

Í tengslum við þennan málaflokk er lögð áhersla á mikilvægi eftirlits með öryggisþjónustustöðum, þ.e. stofnunum þar sem frelsissviptir einstaklingar dvelja. Eftirlit ráðherra með öryggisþjónustustöðum tekur mið af eftirlitshlutverki annarra stjórnvalda sem kunna að hafa eftirlit með starfsemi Öryggisþjónustu ríkisins og öryggisþjónustustaða en ekki t.d. svokölluðu OPCAT eftirliti sem embætti umboðsmanns Alþingis sinnir.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur eftirlit með öryggisþjónustustöðum á vegum Öryggisþjónustu ríkisins og þeim öryggisþjónustustöðum sem reknir eru af sveitarfélögum eða einkaaðilum samkvæmt samningi við Öryggisþjónustuna. Þegar barn hefur verið dæmt eða úrskurðað í öryggisgæslu og ákveðið hefur verið að það skuli vera í barnaverndarúrræði

Þá hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eftirlit með vistuninni eins og í tilviki annarra barna. Þar sem Öryggisþjónustustaðir falla undir eftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála ber þeim einnig að hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni, sbr. 11. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Þar að auki skulu þeir skrá óvænt atvik og tilkynna stofnuninni án tafar um alvarleg óvænt atvik, sbr. 12. gr. sömu laga.

Þá hefur Landlæknir eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki, sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. Embættið hefur þar af leiðandi eftirlit með öryggisþjónustustöðum sem tilheyra heilbrigðiskerfinu.

#### Um 6. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að komið verði á fót sérstakri undirstofnun sem heyrir undir yfirstjórn og eftirlit ráðherra og heitir Öryggisþjónusta ríkisins. Stofnuninni er falin framkvæmd dóma og úrskurða um öryggisráðstafanir á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga og öryggisvistunar á grundvelli annarra laga. Stofnunin sér einnig um önnur verkefni í samræmi við lög þessi og þau almennu stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli þeirra. Öryggisþjónusta ríkisins mun m.a. hafa umsjón með rekstri öryggisþjónustustaða sem heyra undir stofnunina. Sumir öryggisþjónustustaðir munu starfa á vegum Öryggisþjónustunnar en lög þessi gera einnig ráð fyrir því að unnt sé að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að reka slíka staði að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Öryggisþjónusta ríkisins hefur umsjón og eftirlit með þeim öryggisþjónustustöðum sem starfa á vegum stofnunarinnar sem og eftirlit með þeim öryggisþjónustustöðum sem starfa á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila á grundvelli samnings við Öryggisþjónustuna, öryggisþjónustustöðum sem teljast vera heilbrigðisstofnanir og stöðum þar sem börn eru í öryggisgæslu. Er það nauðsynlegt til að tryggja réttindi þeirra einstaklinga sem þar dvelja og gæta samræmis og jafnræðis á milli einstaklinga, sama hvar þeir dvelja.

Að auki hafa aðrir aðilar eftirlit með fyrrnefndum stöðum. Eftirlit með öryggisþjónustustöðum sem starfa innan Landspítalans eins og réttargeðdeild er á höndum Embættis Landlæknis og heilbrigðisráðuneytisins. Rétt er að taka fram að þetta er ekki sama eftirlit og svokallað OPCAT eftirlit sem umboðsmaður Alþingis fer með. Til nánari skýringar á því eftirliti sem kveðið er á um í ákvæðinu er um að ræða eftirlit innan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins sem miðar að því að framkvæmd mála þessara sé í samræmi við lög þessi og þau alþjóðlegu viðmið sem gæta skal að. Eftirlitið snýr með öðrum orðum að því hvort framkvæmd öryggisþjónustu sé í samræmi við lög þessi og er til viðbótar öðru eftirliti sem aðrir aðilar fara með á grundvelli annarra laga. Jafnframt mun Öryggisþjónustan annast framkvæmd annarra öryggisráðstafana sem einstaklingi er gert að sæta samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.

Þá er stofnunni falið að halda skrá um alla þá sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Er það nauðsynlegt til þess að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Hlutverk þetta er óháð skyldum annarra aðila, t.d. Ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnunar, en þeim er með lögum falið tiltekið hlutverk gagnvart þessum sama hópi. Þá er brýnt að fyrir liggi á einum stað skrá um þá sem hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum.

#### Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um skipun og hæfnisskilyrði forstjóra Öryggisþjónustu ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera með háskólapróf og víðtæka starfsreynslu sem nýtist í starfi. Til nánari skýringar þá þarf forstjóri að hafa háskólapróf sem

nýtist í starfi og víðtæka starfsreynslu sem nýtist í starfi. Helstu starfstéttir sem til greina koma eru sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, geðhjúkrunarfræðingar eða geðlæknar, þroskaþjálfar og lögfræðingar. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Jafnframt koma aðrir til greina sem hafa reynslu af því að vinna með þeim hópum sem falla undir lögin. Í skilyrðinu um að starfsreynsla nýtist í starfi felst reynsla af stjórnunarstörfum. Almenn þetta er að líta til þess hvort stjórnunarreynsla og leiðtogafærni sé til marks um forystu- og stjórnunarhæfni. Forstjóri Öryggisþjónustu ríkisins ræður annað starfsfólk Öryggisþjónustunnar og öryggisþjónustustaða sem undir hana heyrar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um starfsfólk öryggisþjónustustaða. Í 1. mgr. 8. gr. er fjallað um ráðningu og hæfnisskilyrði forstöðumanna öryggisþjónustustaða sem heyrar undir Öryggisþjónustu ríkisins. Forstjóri Öryggisþjónustunnar ræður forstöðumann öryggisþjónustustaðar sem heyrir undir stofnunina. Málsgreinin á ekki við um öryggisþjónustustaði sem t.d. heyrar undir Landspítalann eða reknir eru af sveitarfélögum eða einkaaðilum samkvæmt samningi við Öryggisþjónustuna. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og víðtæka starfsreynslu sem nýtist í starfi. Starfstéttir sem helst koma til greina og kröfur um starfsreynslu sem nýtist í starfi eru þær sömu og vísað er til í athugasemdum við 7. gr. Þá er gert ráð fyrir því að fleiri en einn öryggisþjónustustaður geti haft sama forstöðumann.

Í 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um menntunar- og hæfniskröfur starfsfólks öryggisþjónustustaða. Á öryggisþjónustustöðum sem reknir eru af Öryggisþjónustu ríkisins kemur forstjóri til með að ráða starfsfólk með nauðsynlega menntun og hæfni í samræmi við það starf sem því er ætlað að sinna og starfsemi öryggisþjónustustaðar. Gert er ráð fyrir að á hverjum öryggisþjónustustað starfi fagmenntaðir einstaklingar með ólíka menntun en nauðsynlegt er að fjölbreytt starfslið komi þar að til að markmiði öryggisgæslu og öryggisvistunar sé náð. Á öryggisþjónustustöðum þarf aðkomu m.a. sérhæfðra ráðgjafa, þroskaþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga eða geðlækna o.s.frv.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má ekki ráða fólk til starfa hjá öryggisþjónustustað sem hlotið hefur refsisdóm vegna kynferðisbrota skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga, manndráps skv. 211. gr. eða meiriháttar líkamsárásar skv. 218. gr. sömu laga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða öðrum lögum skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sérstaklega þarf að kanna hæfi viðkomandi og hvort einstaklingi sé treystandi til að starfa með notendum. Þannig skiptir máli hvort einstaklingur hafi brotið gegn skjólstæðingi sínum, fötludum einstaklingi eða barni, t.d. hlotið refsingu fyrir brot gegn 99. gr. barnaverndarlaga. Þá er kveðið á um að sakavottorð eða heimild forstjóra Öryggisþjónustunnar til að afla upplýsinga úr sakaskrá skuli liggja fyrir við ráðningu, sem og gilt starfsleyfi eftir því sem við á.

Samkvæmt 4. mgr. skal starfsfólk öryggisþjónustustaða bera áberandi skilríki í störfum sínum. Almenn þetta er þó ekki gert ráð fyrir að starfsfólk sé í einkennisfatnaði í störfum sínum að undanskildum yfirhöfnum sem skulu vera merktar. Ráðherra er heimilt að kveða á um skilríki og einkennisfatnað í reglugerð.

Samkvæmt 5. mgr. getur ráðherra sett nánari kröfur um menntun, reynslu og hæfni starfsfólks öryggisþjónustustaða. Kröfurnar geta ýmist tekið til starfsfólks ákveðinna öryggisþjónustustaða, s.s. aðeins þeirra sem starfa á vegum Öryggisþjónustunnar, eða allra

öryggisþjónustustaða. Ráðherra getur þannig útfært og afmarkað hvaða menntun og hæfni telst vera nauðsynleg til að gegna ákveðnum störfum á öryggisþjónustustöðum.

Samkvæmt 6. mgr. skal ríkissjóður bæta starfsfólki öryggisþjónustustaða líkamstjón og munatjón sem það verður fyrir vegna starfs síns. Þessi regla þykir eðlileg í ljósi eðlis starfsins og í samræmi við gildandi rétt. Starfsfólk öryggisþjónustustaða getur orðið fyrir tjóni, t.d. þegar nauðsyn krefur að beita notanda nauðung.

#### Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þjálfun og þekkingu starfsfólks allra öryggisþjónustustaða. Í 1. mgr. er lögð skylda á öryggisþjónustustaði að sjá til þess að starfsfólk hafi nauðsynlega þekkingu og færni til að sinna því starfi á öryggisþjónustustað sem það er ráðið í. Meðal þess sem nauðsynlegt er að starfsfólk hafi þekkingu á eru þau mannréttindi sem lúta að starfsemi auk þess að nauðsynlegt er að starfsfólk hafi þekkingu og færni í að beita aðferðum sem koma í veg fyrir þörf á beitingu nauðungar. Einnig getur falist í þessu að starfsfólki sé boðið upp á sjálfsvarnarnámskeið og að því sé veitt fagleg handleiðsla eftir þörfum.

Samkvæmt 2. mgr. er ráðherra falið að setja nánari kröfur um nám, þjálfun, símenntun og raunfærnimat starfsfólks öryggisþjónustustaða í reglugerð. Gert er ráð fyrir því að starfsfólki öryggisþjónustustaða standi reglulega til boða námsleið sem ber með sér grunnám og símenntun um öryggisþjónustu. Getur ráðherra kveðið á um það í reglugerð að starfsfólk hafi lokið náminu áður en það hefur störf eða innan ákveðins tíma eftir að það hefur störf.

Mikilvægt er að starfsfólk haldi og bæti við þekkingu sínu á málefnum sem nýtast í starfi þeirra. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði á um frekari þjálfun og símenntun sem starfsfólki skal standa til boða í reglugerð.

#### Um 10. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 27. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ákvæðið á þó við um alla notendur að breyttu breytanda. Mikilvægt er að brýna fyrir öllu starfsfólki Öryggisþjónustu ríkisins og öryggisþjónustustaða, þar sem einstaklingar eru í öryggisgæslu eða -vistun, að koma fram við þá af virðingu og hafa mannlega reisn notenda ávallt að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Í samræmi við markmið laga þessara er jafnframt lögð sú skylda á starfsfólk að gæta að sjálfsákvörðunarrétti notenda að því marki sem unnt er.

Að lokum er lögð sérstök tilkynningarskylda á starfsfólk í þeim tilvikum þegar það verður þess áskynja að réttindi notenda séu brotin. Skal það tilkynna brotið viðeigandi aðila. Eðlilegt er að starfsfólk geri yfirmanni sínum grein fyrir því og að athugasemdin eða minnisblaðið verði skráð í skjalakerfi stofnunarinnar. Sé ekki fullnægjandi að láta næsta yfirmann, s.s. forstöðumann öryggisþjónustustaðar, vita getur verið þörf á að láta Öryggisþjónustu ríkisins eða forstöðumann hennar vita. Teljist það ekki fullnægjandi getur verið þörf á að gera ráðuneytinu viðvart. Jafnframt getur verið þörf á að tilkynna réttindagæslumanni í samræmi við 6. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk þegar svo ber undir. Að öðru leyti gilda almennar reglur stjórnsluréttar um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna. Þá er rétt að vekja athygli á lögum nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Vernd uppljóstrara er einnig tryggð þeim sem greina umboðsmanni Alþingis frá brotum á lögum, vönduðum stjórnsluháttum, siðareglum eða öðrum reglum og starfsháttum, sbr. 18. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

## Um 11. gr.

Í ákvæðinu er áréttað að heilbrigðisstarfsfólki og öðru starfsfólki, sem vinnur með notendum, ber að virða þær siðareglur sem gilda um starfstétt þess. Í ákvæðinu felst ekki sjálfstæð krafa til þess að siðareglur verði settar heldur aðeins að þeim sé fylgt séu þær á annað borð til um viðkomandi starfsstétt.

## Um 12. gr.

Fjallað er um þagnarskyldu í X. kafla stjórnsýslulaga. Hún er áréttuð og útfærð í þessu ákvæði. Er það gert í ljósi eðlis þeirrar starfsemi sem um ræðir. Starfsemin varðar viðkvæman hóp einstaklinga og starfsfólk Öryggisþjónustunnar og öryggisþjónustustaða fær víðtækar og viðkvæmar persónulegar upplýsingar um notendur og eftir atvikum aðra í starfi sínu.

Samkvæmt ákvæði þessu tekur þagnarskyldan til starfsfólks Öryggisþjónustu ríkisins og starfsfólks allra öryggisþjónustustaða, hvort sem öryggisþjónustustaður er starfræktur á vegum Öryggisþjónustunnar, heilbrigðisstofnana, sveitarfélaga eða einkaaðila. Skyldan á einnig við um tilsjónarmenn notenda. Þá er rétt að minna á 4. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga en í ákvæðinu segir að þegar stjórnvald kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróðan mann þar sem þörf krefur til skuli í verksamningi tekið fram að um þagnarskyldu hans fari samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga og gildi þá ákvæði kaflans. Hér er gert ráð fyrir því að ákvæðið gildi um starfsfólk allra öryggisþjónustustaða. Rétt þykir þó að áréttuð skylduna í þeim samningi sem er gerður við öryggisþjónustustaði sem eru starfræktir á vegum annarra en Öryggisþjónustunnar og í samningum við starfsfólk.

Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga og eftir atvikum 141. gr. sömu laga.

Þá má ekki gleyma því að lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda um starfsemina.

## Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um matsteymi sem starfar á vegum Öryggisþjónustunnar. Hlutverk þess er að meta með faglegum hætti og veita álit á því hvers konar þjónustu einstaklingur, sem dæmdur hefur verið í öryggisgæslu eða öryggisvistun, þurfi á að halda sem og hvaða öryggisþjónustustaður er best til þess fallinn að mæta þörfum hans. Inn í matið kemur þannig m.a. hvort viðkomandi teljist í þörf fyrir sérhæfða geðmeðferð og þarfnist því innlagnar á réttargeðdeild. Matsteyminu er einnig ætlað að meta hvort tilefni sé til að breyta öryggisstigi og/eða vistunarstað einstaklings, þ.e. færa hann úr ítrustu öryggisgæslu í almenna eða öfugt eða hvort annar öryggisþjónustustaður en hann dvelst á sé betur til þess fallinn að mæta breyttum þörfum hans. Um álitsgjöfina gilda ákvæði IV. kafla þessara laga. Nánar er fjallað um hvaða atriða skal líta til við mat matsteymisins í 21. gr. Um er að ræða lögbundna og skyldubundna álitsgjöf sem hefur það að markmiði að ákvarðanir um öryggisþjónustustað séu teknar á faglegum forsendum. Álitið skal vera skriflegt og rökstutt.

Matsteymið skal vera þverfaglegt og skipað þremur sérfræðingum. Þeir skulu skipaðir af ráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann matsteymisins án tilnefningar en hina sérfræðingana eftir tilnefningu frá heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra. Við skipun og tilnefningu í matsteymið ber að gæta þess að þar veljist einstaklingar sem hafi viðeigandi sérfræðiþekkingu eða þekkingu á þeim málefnasviðum sem á reynir. Þannig gæti heilbrigðisráðherra tilnefnt sérfræðing frá réttargeðdeild til að sitja í matsteyminu. Þrátt fyrir tilhögun skipunarinnar telst matsteymið og starf þess vera hluti af starfsemi Öryggisþjónustunnar.



Í 2. mgr. er fjallað um það þegar matsteymi metur hvaða öryggisþjónustustaður og öryggisstig það telur henta þjónustubörfum barns best skal kalla til fulltrúa Barna- og fjölskyldustofu. Hlutverk fulltrúans er að veita matsteyminu upplýsingar um barnaverndarúrræði sem kunna að henta barninu og meta ásamt öðrum sérfræðingum matsteymisins hvaða ráðstöfun henti barninu best, hvort sem það er á vegum Öryggisþjónustunnar eða barnaverndar.

#### Um 14. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að Öryggisþjónusta ríkisins geti samið við sveitarfélag eða einkaaðila um framkvæmd öryggisgæslu fyrir tiltekinn einstakling. Slíkir staðir teljast vera öryggisþjónustustaðir samkvæmt lögum þessum og gilda þannig ákvæði þessara laga um þá. Fer það þá eftir einstökum ákvæðum hvort þau gildi aðeins um tiltekna öryggisþjónustustaði eða alla öryggisþjónustustaði. Þannig gilda t.d. ákvæði VI. kafla um heilbrigðisþjónustu og VII. kafla um réttindi og skyldur um alla öryggisþjónustustaði. Hið sama á við um starfsskyldur starfsfólks á öryggisþjónustustöðum gagnvart notendum, sbr. 10. gr. Rekstraraðili samkvæmt samningi, þ.e. sveitarfélag eða einkaaðili, ber ábyrgð á því að öryggisþjónustustaður sem og starfsfólk uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til öryggisþjónustustaða og starfsfólks þess samkvæmt lögum þessum.

Samkvæmt 2. mgr. er óheimilt að semja við einkaaðila sem ekki hafa gilt rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, en samkvæmt II. kafla laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun er einkaaðilum sem hyggjast veita þjónustu sem lýtur eftirliti stofnunarinnar skylt að afla rekstrarleyfis áður en byrjað er að veita þjónustuna, sbr. 5. gr. tilvitnaðra laga.

Í 3. mgr. er fjallað um eftirlit Öryggisþjónustunnar með öryggisþjónustustað sem rekinn er samkvæmt samningi. Þar kemur fram að Öryggisþjónustan skuli hafa aðgang að öryggisþjónustustað sem og að fá allar þær upplýsingar sem þörf krefur til að geta sinnt eftirliti sínu. Jafnframt er Öryggisþjónustunni heimilt að beina tilmælum um úrbætur til öryggisþjónustustaðar. Verði öryggisþjónustustaður ekki við tilmælunum eða rekstrinum er að öðru leyti ábótavant eða öryggisþjónustustaður vanrækir skyldur sínar gagnvart notanda er Öryggisþjónustunni heimilt að rifta samningi sínum við rekstraraðila. Þá getur Öryggisþjónustan hvenær sem er fært notanda yfir á annan öryggisþjónustustað sé aðbúnaður eða þjónusta við hann ekki fullnægjandi. Er það mikilvægt til að notandi geti ávallt notið þeirrar þjónustu sem hann á rétt á samkvæmt þessum lögum.

Vert er að taka fram að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur einnig eftirlit með öryggisþjónustustöðum sem reknir eru á grundvelli laga þessara, sbr. a-liður 76. gr. frumvarpsins.

#### Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um tilsjónarmenn sem skipaðir eru þeim sem dæmdir eða úrskurðaðir eru til að sæta öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Samkvæmt gildandi lögum er fjallað um tilsjónarmenn í 62. gr. almennra hegningarlaga. Þar er byggt á því að sé einstaklingur dæmdur eða úrskurðaður til að sæta svokallaðri öryggisgæslu skuli Hæstiréttur Íslands skipa honum tilsjónarmann. Hlutverk tilsjónarmanns sé að hafa eftirlit með því að dvöl á hæli verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þá getur tilsjónarmaður krafist þess þegar ár er liðið eða fyrr, ef ráðherra samþykkir, að mál skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls. Að öðru leyti eru ákvæði í íslenskum lögum fátækleg um tilsjónarmenn. Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði úr. Kveðið er m.a. á um tilhögun skipunar, hæfisskilyrði, hlutverk tilsjónarmanna sem og heimildir. Er mikilvægt að mæla skýrar fyrir um þessi atriði í lögum enda fara

tilsjónarmenn með þýðingarmikið hlutverk í þágu hagsmuna einstaklinga sem eru í afar viðkvæmri stöðu. Enn fremur er lagt til að hlutverk tilsjónarmanna verði aukið og munu þeir gegna ákveðnu eftirliti í þágu skjólstæðinga sinna. Þá er lagt til að ekki aðeins þeim sem eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisgæslu verði skipaðir tilsjónarmenn heldur einnig þeim sem gert er að sæta öðrum öryggisráðstöfunum eða öryggivistun. Er það í þágu réttaröryggis og jafnræðis þeirra einstaklinga sem sæta slíkum ráðstöfunum.

Skipun tilsjónarmanns er mikilvægur liður í ytra eftirliti með öryggisþjónustu. Með skipun tilsjónarmanns hefur hver og einn einstaklingur aðila utan öryggisþjónustustaðar eða annars þjónustuveitanda sem fylgist með framgangi þjónustunnar og getur óskað eftir endurskoðun á þeim öryggisráðstöfunum eða -vistun sem hann sætir. Það er til viðbótar þeirri skyldu öryggisþjónustustaða og Öryggisþjónustu ríkisins að gæta þess að öryggisþjónusta sé ekki umfangsmeiri, meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til, sbr. 2. mgr. 6. gr. og X. kafli.

#### Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um skipun tilsjónarmanns. Vegna þess að það kemur í hlut héraðsdómara fyrsta kastið að dæma eða úrskurða öryggisráðstöfun eða öryggisvistun þykir heppilegt að dómurinn skipi einstaklingi, sem er gert að sæta slíkri ráðstöfun, tilsjónarmann. Verður það gert með ákvörðun sem bókuð er í þingbók og verður henni ekki skotið til æðra dóms. Þegar einstaklingi er fyrst gert að sæta öryggisráðstöfun eða öryggivistun með dómsúrlausn æðra dómstóls skal héraðsdómari skipa honum tilsjónarmann svo fljótt sem honum verða úrlitin kunn. Gert er ráð fyrir því að æðri dómstóll komi viðeigandi upplýsingum á framfæri við héraðsdómara. Hafi héraðsdómari skipað tilsjónarmann en máli er skotið til æðra dómstóls sem annaðhvort staðfestir niðurstöðu um öryggisráðstöfun eða öryggivistun eða breytir henni á þann veg að aðili skuli engu að síður sæta ráðstöfun, þ.e. niðurstaðan er ekki sú að aðili sæti engri ráðstöfun, þá gildir skipun héraðsdómara um tilsjónarmann. Sé niðurstaða æðri dómstóls aftur á móti sú að aðili skuli ekki sæta neinni ráðstöfun þá fellur skipun tilsjónarmanns úr gildi enda er einstaklingi aðeins skipaður tilsjónarmaður sé honum gert að sæta ráðstöfun.

Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um hæfisskilyrði tilsjónarmanns. Í 2. mgr. er bætt úr því. Nauðsynlegt er að sá sem skipaður er hafi lögmansréttindi þar sem það felst í hlutverki tilsjónarmanns að gæta þess að ráðstöfun sé ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en þörf er á. Til að rækja það hlutverk getur tilsjónarmaður farið með mál fyrir dóm og óskað eftir endurskoðun á ráðstöfun. Sömuleiðis getur tilsjónarmaður samkvæmt lögum þessum skotið ákveðnum ákvörðunum Öryggisþjónustunnar til dómstóls. Í 6. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenntu eru gerðar ákveðnar kröfur til lögmanna. Ekki þykir nauðsynlegt að endurtaka þær hér enda er gert ráð fyrir því að lögmenn uppfylli þær. Til viðbótar við skilyrðið um að vera lögmaður er gerð vammleysiskrafa, þ.e. að viðkomandi hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem rýrt getur það traust sem tilsjónarmenn verða að hafa. Við mat á því verður að hafa í huga hlutverk tilsjónarmanna og þá mikilvægu hagsmuni sem þeim er treyst fyrir. Enn fremur þykir æskilegt að tilsjónarmaður sé ótengdur notanda. Erfið staða getur verið uppi þegar fjölskyldumeðlimur er skipaður tilsjónarmaður. Fjölskyldumeðlimur getur hins vegar að sjálfsgöðu komið á bændingum um aðstæður eða reynslu af öryggisþjónustu notanda til tilsjónarmanns viðkomandi. Ef skjólstæðingur tilsjónarmanns er barn er æskilegt að tilsjónarmaður hafi sérstaka þekkingu á málefnum barna, enda þarf að taka tillit sérstaklega til þeirra og geta sérþjónarmið gilt um öryggisgæslu og aðrar öryggisráðstafanir í málum þeirra. Þá getur barn verið vistað á vegum barnaverndar og lýtur framkvæmd vistunar þá reglum barnaverndarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skal héraðsdómur tilkynna Öryggisþjónustu ríkisins um skipun tilsjónarmanns notanda. Er það til að tryggja að stofnunin hafi upplýsingar um tilsjónarmenn þeirra sem eru í öryggisþjónustu til að auðvelda samskipti þeirra á milli og auðvelda starf tilsjónarmanns þar sem þeir eiga rétt á upplýsingum o.fl. til að geta sinnt starfi sínu.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu ríkisins til að bjóða tilsjónarmönnum upp á námskeið um hlutverk þeirra og skyldur til að þeir geti sinnt starfi sínu á sem bestan hátt. Námskeiðið er hugsað til þess að fræða tilsjónarmenn um hvernig sé best að ræða við notanda, hvað beri að hafa sérstaklega í huga og hvernig tilsjónarmenn geti nálgast hlutverk sitt á barnvænan hátt sé skjólstæðingur þeirra barn.

Í 5. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar tilsjónarmaður andast, óskar eftir lausn frá starfanum eða héraðsdómari vikur honum skv. 17. gr. og skal þá héraðsdómari tafalaust skipa annan mann í hans stað. Óski tilsjónarmaður eftir lausn frá starfanum skal hann áfram gegna því þar til að nýr tilsjónarmaður hefur verið skipaður. Með þessu er leitast við að tryggja að einstaklingur hafi ávallt tilsjónarmann.

Loks er í 6. mgr. fjallað um kostnað af störfum tilsjónarmanns. Hann skal greiddur úr ríkissjóði. Tekur það til þóknunar tilsjónarmanna sem og útlagðs kostnaðar, s.s. ferðakostnað.

#### Um 16. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk tilsjónarmanns. Hann á að gæta þess að öryggisráðstafanir eða öryggisvistun séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn ber til. Hingað til hefur aðeins sagt í 62. gr. almennra hegningarlaga að tilsjónarmaður hafi eftirlit með því að dvöl þess sem dæmdur er „á hælínu verði ekki lengri en nauðsyn ber til.“ Misjafnt hefur verið hvernig tilsjónarmenn hafa litið á hlutverk sitt og sinnt því. Með ákvæðinu er skerpt á skyldum tilsjónarmanns.

Gert er ráð fyrir að tilsjónarmaður fylgist með reglubundnum hætti með högum og aðbúnaði notanda, hvort sem er í öryggisgæslu eða -vistun eða í öðrum öryggisráðstöfunum. Sé notandi í öryggisgæslu eða -vistun skal tilsjónarmaður heimsækja notanda í það minnsta á hverjum ársfjórðungi, ræða við viðkomandi og þjónustuteymi hans um hvað sé verið að gera, hvernig hefur gengið og hvort ástæða sé til að óska eftir endurmati á þeim ráðstöfunum sem viðkomandi sætir. Þar sem notandi er ekki í gæslu eða vistun en sætir öðrum ráðstöfunum fylgist tilsjónarmaður með því að ráðstafanirnar eða framkvæmd þeirra sé ekki meira íþyngjandi en nauðsyn ber til og hvort áfram sé þörf á þeim. Tilsjónarmaður skal sinna skyldum sínum á barnvænan hátt þegar skjólstæðingur hans er barn.

Telji notandi eða tilsjónarmaður ástæðu til að óska endurmats á framkvæmd öryggisráðstafana, tegund eða umfangi þeirra gerir tilsjónarmaður það í samræmi við ákvæði X. kafla laga þessara.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skal tilsjónarmaður fá þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt starfi sínu. Er hér aðallega átt við upplýsingar frá Öryggisþjónustunni og öryggisþjónustustöðum eða öðrum þjónustuveitendum. Jafnframt skal tilsjónarmaður hafa aðgang að öryggisþjónustustað eða barnaverndarúrræði, þar sem notandi dvelur, og geta heimsótt skjólstæðing sinn.

#### Um 17. gr.

Ákvæðið fjallar um lok skipunar tilsjónarmanns. Meginreglan er sú að skipun tilsjónarmanns gildir þar til öryggisráðstöfun eða öryggisvistun lýkur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að notandi, trúnaðarmaður og réttindagæslumaður notanda geti beint skriflegum aðfinnslum til þess héraðsdómara sem skipaði tilsjónarmann. Sömuleiðis getur héraðsdómari fengið vitneskju um aðfinnsluverða háttsemi með öðrum hætti, s.s. frá Öryggisþjónustunni eða öryggisþjónustustað. Aftur á móti þykir ekki rétt að kveða á um rétt þessara stofnana í ákvæðinu enda er tilsjónarmanni ætlað að gegna ákveðnu eftirliti með þeim. Þessir aðilar geta þó vakið athygli héraðsdómara á aðfinnsluverðri háttsemi. Kemur það þá í hlut héraðsdómara að meta upplýsingarnar. Meðal þess sem telst til aðfinnsluverðrar háttsemi er að vanrækja starfið, s.s. að heimsækja notanda og öryggisþjónustustað ekki reglulega eða koma fram við notanda á vanvirðandi hátt. Héraðsdómari getur kveðið tilsjónarmenn sem og aðra á fund til að upplýsa málið. Vegna þess að skipun tilsjónarmanns getur varað í lengri tíma þykir rétt að kveða á um það að sé héraðsdómari, sem skipaði tilsjónarmann, ekki lengur við störf kemur dómstjóri í hans stað. Á það við þegar héraðsdómari hefur t.d. hætt, andast eða sé í leyfi.

Í 3. mgr. er fjallað um möguleika héraðsdómara á að gefa tilsjónarmanni kost á að bæta ráð sitt telji hann að aðfinnslur sé á rökum reistar. Þó getur aðfinnsluverð háttsemi verið með þeim hætti að rétt sé að víkja tilsjónarmanni þá þegar úr starfi. Þá skal héraðsdómari víkja tilsjónarmanni frá ef hann fullnægir ekki lengur skilyrðum um að vera lögmaður, vammleysiskröfum og að teljast ekki vanhæfur til starfans.

Í 4. mgr. er síðan kveðið á um að fallist héraðsdómari ekki á að víkja tilsjónarmanni að kröfu notanda, trúnaðarmanns eða réttindagæslumanns skuli það gert með úrskurði. Úrskurðir sæta kæru til Landsréttar, sbr. 5. mgr.

#### Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um fyrstu skrefin eftir að dómsúrlausn um öryggisráðstöfun eða öryggisvistun liggur fyrir. Fjallað er um tilkynningar til þess aðila sem í hlut á sem og Öryggisþjónustunnar. Einnig er ákvæði um að Öryggisþjónustan tilkynni þeim sem dæmdur eða úrskurðaður hefur verið í öryggisgæslu eða -vistun um hvar hann kemur til með að dveljast og um upphaf dvalarinnar. Þá er tekið á því hvernig fer um mál ef viðkomandi er ekki í gæslu eða vistun þegar dómur eða úrskurður fellur eða ef hann mætir ekki á tilskildum tíma. Enn fremur eru ákvæði um öryggisstig á öryggisþjónustustöðum, ákvörðun um öryggisþjónustustað og um aðrar öryggisráðstafanir.

#### Um 18. gr.

Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um tilkynningar um niðurstöðu dómsúrlausnar þar sem kveðið er á um öryggisráðstafanir eða öryggisvistun. Er hér bæði átt við upphaflegar dómsúrlausnir en einnig úrlausnir um niðurstöðu endurskoðunar á öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Með þessu á að tryggja að einn aðili, Öryggisþjónusta ríkisins, hafi yfirsýn yfir alla einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfun eða öryggisvistun og er því lagt til að ákveðnir aðilar beri ábyrgð á að koma upplýsingum um niðurstöðu dóms til stofnunarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sendir Ríkissaksóknari Öryggisþjónustu ríkisins dómsúrlausn þar sem einstaklingur er dæmdur eða úrskurðaður til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum. Ríkissaksóknara er þó heimilt að fela öðrum handhöfum ákærvalds að senda dómsúrlausn en tilkynningin er á ábyrgð embættisins. Með þessu er leitast við að tryggja að ábyrgð á sendingu dómsúrlausnar hvíli á ákveðnum aðila.

Í 2. mgr. er fjallað um tilkynningu um dómsúrlausn er varðar öryggisvistun. Sá aðili sem óskar eftir öryggisvistun skal senda hana til Öryggisþjónustunnar sem tekur við henni til

framkvæmdar. Gert er ráð fyrir því að félagsþjónusta þess sveitarfélags sem viðkomandi býr í leggi fram kröfu um öryggisvistun fyrir dómi.

Í 3. mgr. er tekið fram að Öryggisþjónusta ríkisins skuli sjá til þess að dómsúrlausn sé framkvæmd eins fljótt og auðið er.

Í 4. mgr. er lögð skylda á verjanda og tilsjónarmann, hafi slíkur aðili nú þegar verið skipaður, að gera skjólstæðingi sínum grein fyrir niðurstöðu og þýðingu dómsúrlausnar sem felur í sér að skjólstæðingurinn skuli sæta öryggisráðstöfun á grundvelli VII. kafla hegningarlaga. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem gætir hagsmuna aðila í máli fyrir dómi þar sem aðila er gert að sæta öryggisvistun. Þessi skylda er lögð á lögmenn sem gæta hagsmuna þessara einstaklinga til þess að tryggja, að því marki sem unnt er, að þeir skilji afleiðingar dómsúrlausnarinnar.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um upphaf dvalar í öryggisgæslu eða -vistun og flutning á öryggisþjónustustað. Í 1. mgr. er fjallað um tilkynningar og ráðstafanir Öryggisþjónustu ríkisins. Öryggisþjónustan skal tilkynna notanda um upphaf vistunar. Eðli máls samkvæmt tekur efni tilkynningarinnar mið af því hvort notandi er nú þegar á öryggisþjónustustað sem hann skal vistaður, á öðrum öryggisþjónustustað eða ekki á öryggisþjónustustað. Jafnframt tekur efni tilkynningarinnar mið af því hvort þá liggi fyrir hvar notandi verður vistaður en mögulega verður að vista notanda til bráðabirgða á öðrum öryggisþjónustustað áður en ákvörðun um öryggisþjónustustað liggur fyrir. Tilkynna skal svo fljótt og auðið verður en það ræðst m.a. af því hvort ákvörðun um öryggisþjónustustað liggur fyrir eða hvenær hún er fyrirhuguð. Jafnframt skal tilkynnt með sannanlegum hætti. Æskilegt er að það verði gert skriflega þegar það er unnt. Enn fremur ber að tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Skal það jafnan vera með skriflegum hætti. Miklu máli skiptir að tilsjónarmaður sé upplýstur um helstu ráðstafanir svo að hann geti sinnt hlutverki sínu. Dvelji notandi nú þegar á stofnun eða heimili sem telst ekki vera öryggisþjónustustaður þá ber Öryggisþjónustunni að gera nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart stofnuninni eða heimilinu svo unnt sé að framkvæma vistunina. Þannig getur þurft að upplýsa stofnunina eða heimilið um fyrirhugaða ráðstöfun. Í þessu getur falist miðlun upplýsinga um notanda. Í samræmi við sjónarmið um persónuvernd ber þó að gæta að ganga ekki lengra en þörf krefur. Mikilvægt er að gæta þess að sú þjónusta sem notandi þiggur sé samfelld.

Í 2. mgr. er fjallað um þær aðstæður þegar notandi er nú þegar vistaður á öryggisþjónustustað. Sé notandi nú þegar á þeim öryggisþjónustustað sem hann skal vistaður þá hefst öryggisgæslan þá þegar. Sé notandi á öðrum öryggisþjónustustað þá skal hann fluttur, eins fljótt og auðið er, á þann öryggisþjónustustað sem hann skal vistaður. Þrátt fyrir að notandi sé nú þegar á öryggisþjónustustað ber að gæta að því að tilkynna notanda um ráðstöfunina í samræmi við 1. mgr. Þá er rétt að áréttta það að sé notanda gert að sæta öryggisgæslu eða öryggisvistun í ákveðinn tíma og notandi er nú þegar á öðrum öryggisþjónustustað þá telst sá tími sem notandi er vistaður á þeim öryggisþjónustustað áður en hann er fluttur á annan öryggisþjónustustað með við útreikning á tímanum.

Í 3. mgr. er fjallað um þær aðstæður þegar notandi er ekki nú þegar vistaður á öryggisþjónustustað. Í samræmi við 1. mgr. ber að tilkynna notanda um upphaf gæslu. Mæti notandi aftur á móti ekki á tilskildum tíma í samræmi við boðunina getur Öryggisþjónustan falið sérhæfðu starfslíði sínu að færa notanda á öryggisþjónustustað. Í samræmi við rannsóknar- og meðalhófsreglur metur Öryggisþjónustan á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur um hagi notanda, þ. á m. um hversu hættulegur hann er sjálfum sér eða öðrum, og

ástæður þess að notandi mætti ekki hvort tilefni sé til að ítreka boðunina áður en notandi er færður á öryggisþjónustustað. Verði viðkomandi ekki við boði er Öryggisþjónustunni heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við flutning á öryggisþjónustustað. Það skal þó ekki gert nema aðrar leiðir séu fullreyndar.

Í 4. mgr. er síðan fjallað um flutning notanda á öryggisþjónustustað svo og á milli öryggisþjónustustaða. Ekki er æskilegt að lögregla komi að flutningnum og skal aðeins kalla lögreglu til sinni notandi ekki boðun og neiti að koma sjálfviljugur. Að flutningnum skal standa fólk með sérfræðipækkingu og skal notuð sérútbúin bifreið.

#### Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um öryggisstig á öryggisþjónustustöðum. Þau eru tvö. Annars vegar almenn og hins vegar ítrasta öryggisgæsla og öryggisvistun. Rétt þykir að hafa ólík öryggisstig svo unnt sé að koma til móts við þarfir og þá hættu sem stafar af ólíkum notendum. Með þessu er leitast við að ná markmiðum laga þessara. Annars vegar að tryggja að ekki stafi hætta af notanda og hins vegar að frelsi notanda sé ekki skert umfram það sem nauðsyn ber til. Eins og staðan er í dag er ítrasta öryggisgæsla á réttargeðdeild Landsspítalans. Í almennri öryggisgæslu og öryggisvistun felst meira svigrúm með tilliti til öryggis en í ítrustu gæslu. Gert er ráð fyrir að hún verði veitt við heimilislegar aðstæður og á sérútbúnum öryggisþjónustustöðum. Ekki er til sérstakur öryggisþjónustustaður sem sinnir almennri öryggisgæslu og öryggisvistun en húsnæði hennar er í byggingu. Gert er ráð fyrir því að það verði fullbyggt fyrri hluta árs 2024.

Í 2. mgr. kemur fram að Öryggisþjónusta ríkisins ákveði öryggisstig á öryggisþjónustustöðum. Jafnframt kemur fram að heimilt sé að hafa mismunandi öryggisstig innan og milli öryggisþjónustustaða. Þannig getur öryggisþjónustustað verið skipt upp í hluta með misháum öryggisstigum en einnig getur verið nokkuð svigrúm innan hvers stigs. Þannig gæti t.d. öryggisþjónustustað á almennu stigi verið skipt upp í hluta sem öll uppfylla öryggiskröfur almennrar gæslu en haft svigrúm til að breyta að einhverju leyti því öryggi sem notendur sæta. Notendur fá þá herbergi eða íbúð í þeim hluta sem er með öryggisstig við hæfi. Notandi getur færst yfir á lægra öryggisstig eftir því sem honum fer fram og öfugt.

Í 3. mgr. er ráðherra síðan falið að setja reglugerð þar sem öryggisstigin eru nánar útfærð. Þar skal fjalla nánar um öryggiskröfur og -viðmið. Jafnframt er heimilt að kveða m.a. á um sérstakan öryggisgang og örugg herbergi þar sem gerðar eru auknar öryggiskröfur en í almennu rými öryggisþjónustustaðar.

#### Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um ákvörðun um öryggisþjónustustað. Að því marki sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess í dómsúrlausn fellur það í skaut Öryggisþjónustu ríkisins. Áður en Öryggisþjónustan ákveður öryggisþjónustustað ber að afla álits matsteymis. Í álitinu skal tekin afstaða til þess hvort notandi hafi þörf á almennri eða ítrustu öryggisgæslu eða öryggisvistun. Þótt Öryggisþjónustan sé ekki bundin af álitinu verður almennt við það að miða að byggt sé á því enda liggur einstaklingsbundið og þverfaglegt mat á notanda því til grundvallar. Markmiðið er að ákvörðun um öryggisþjónustustað taki mið af þörfum og högum notanda. Mikilvægt er að matið byggji á núverandi högum og aðstæðum notanda en ekki aðeins atburðum úr fortíðinni. Jafnframt að notandi sjálfur sé skoðaður, verði því við komið, í stað þess að byggja aðeins á t.d. sjúkraskrá hans. Þessi atriði ráðast þó að nokkru af eðli málsins, t.d. því hversu skammur tími hefur liðið frá síðasta áliti matsteymis á notanda. Ákvörðun um öryggisþjónustustað byggir m.ö.o. á mati sérfræðinga, m.a. læknisfræðilegu mati, á þeim einstaklingi sem um ræðir og þjónustuþörf hans. Eins og áður hefur komið fram felst í

þjónustubörf mat á því hvort og þá hvers konar stuðningi, meðferð, hæfingu o.s.frv. viðkomandi þarf á að halda. Þá er öryggisþjónustustaður valin m.t.t. hvar sú þjónusta sem viðkomandi þarf á að halda er veitt.

Í 2. mgr. eru jafnframt tilgreind nokkur sjónarmið sem matsteymið skal líta til við mat sitt. Sjónarmiðin eru ekki tæmandi talin. Þar er einnig áréttað að þegar um barn er að ræða skal hafa hagsmuni þess í fyrirrúmi þegar tekin er ákvörðun um úrræði sem hentar því.

Í 3. mgr. er tekið fram að við val á öryggisþjónustustað og öryggisstigi skuli ekki ganga lengra en þörf er á. Í samræmi við meðalhóf er þá haft í huga að ólík öryggisstig kunna að vera innan og milli öryggisþjónustustaða.

Í 4. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar þörf er á að vista notanda á heilbrigðisstofnun, einkum á réttargeðdeild, eða í barnaverndarúrræði. Þar sem slíkur staður starfar hvorki á vegum Öryggisþjónustunnar né á grundvelli samnings við Öryggisþjónustuna er kveðið á um að heilbrigðisstofnun, þ. á m. réttargeðdeild, sé skylt að taka við notanda í samræmi við ákvörðun Öryggisþjónustunnar þar um. Telst þá réttargeðdeild vera öryggisþjónustustaður sem hlíta ber reglum laga þessara um slíka staði. Sama á við þegar ákveðið er að barn skuli vistað í barnaverndarúrræði. Barnaverndarúrræði telst þó ekki vera öryggisþjónustustaður samkvæmt þessum lögum og fer um dvölinu í barnaverndarúrræði eftir barnaverndarlögum. Um málsmeðferð og ákvarðanatöku gilda eftir sem áður lög þessi, sbr. 2. mgr. 1. gr. Í samræmi við rannsóknarregluna og vandaða stjórnsýsluhætti skal að jafnaði leita eftir afstöðu t.d. réttargeðeildar sem og Barna- og fjölskyldustofu og viðkomandi barnaverndarúrræðis til þess að notandi vistist á þeirra vegum áður en ákvörðunin er tekin. Í þágu málshraða er mikilvægt að afstaða þessara aðila liggja fyrir svo fljótt sem auðið er.

Í 5. mgr. er Öryggisþjónustunni veitt heimild til að ákveða til bráðabirgða hvar notandi skuli vistaður. Ekki er hér um sjálfstæða stjórnvaldsákvörðun að ræða, heldur er þetta liður í ákvarðanatöku um öryggisþjónustustað. Upp getur komið sú staða að bregðast þurfi strax við þegar einstaklingur hefur verið dæmdur eða úrskurðaður í öryggisgæslu eða öryggivistun en mat matsteymisins og ákvörðun Öryggisþjónustunnar um hvaða öryggisþjónustustaður henti viðkomandi liggur ekki fyrir. Er þá Öryggisþjónustunni veitt heimild til að ákveða að viðkomandi skuli dvelja á tilteknum öryggisþjónustustað til bráðabirgða þar til ákvörðun skv. þessu ákvæði liggur fyrir.

Í 6. mgr. er fjallað um heimild notanda og tilsjónarmanns til að krefjast úrskurðar héraðsdóms um ákvörðun Öryggisþjónustu ríkisins um öryggisþjónustustað. Slíkar ákvarðanir sæta því ekki stjórnsýslukæru. Rétt þykir að kveða á um endurskoðun dómstóla í þágu réttaröryggis. Þrátt fyrir að mál sæti almennri meðferð einkamála er kveðið á um ákveðin atriði í ákvæðinu, svo sem um aðila, varnarþing, málshraða, að niðurstaða dómara sé í formi úrskurðar, málskostnað og frestun réttaráhrifa. Beri notandi eða tilsjónarmaður ákvörðunina undir héraðsdóm frestar það ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Þá er sérstaklega vikið frá reglum almenns einkamálaréttarfars um forræði aðila máls á ýmsum atriðum. Er það gert í þágu þess að niðurstaða máls byggist á því sem sannast og réttast er að mati dómara. Í því sambandi hefur verið litið til eðlis mála þessara og þess að dómari getur í samræmi við VII. kafla almennra hegningarlaga kveðið nánar á um fyrirhugaða öryggisgæslu í málum sem fara eftir meðferð sakamála.

Að lokum er í 7. mgr. kveðið á um mögulega niðurstöðu dómsúrskurðar og eftirmál hans. Ef ákvörðun Öryggisþjónustunnar er felld úr gildi ber Öryggisþjónustunni að taka nýja ákvörðun svo fljótt sem auðið er. Ber þá að afla nýs álits matsteymis sem tekur afstöðu til þess hvort tilefni sé til að breyta fyrra mati sínu.

Um 22. gr.

Öryggisþjónusta ríkisins annast framkvæmd annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu sem notanda er gert að sæta á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga. Meðal slíkra ráðstafana eru rafrænt eftirlit, ákvörðun varðandi dvalarstað og vinnu, lyfjameðferð, meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar eða geðmeðferð. Notandi sætir þá ekki öryggisgæslu eða öryggisvistun. Notandi kann þó að vera í búsetu á vegum félagsþjónustu sveitarfélags. Þegar svo háttar til ber Öryggisþjónustan ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstöfunar en félagsþjónustan ber ábyrgð á búsetunni og annarri þjónustu við einstaklinginn samkvæmt lögum þar um. Öryggisráðstöfun getur haft áhrif á þjónustuna eða búsetuna á vegum sveitarfélagsins. Því er eðlilegt að samstarf sé á milli Öryggisþjónustu ríkisins og félagsþjónustu sveitarfélagsins um hvernig öryggisráðstöfununum skuli háttað. Í því felst m.a. að upplýsa félagsþjónustuna eða þann stað þar sem notandi býr um öryggisráðstöfunina.

Gert er ráð fyrir því að hafi nánari tilhögun öryggisráðstöfunar ekki verið ákveðin í dómi, svo sem hvar og hvenær aðili skuli sæta geðmeðferð, komi það í hlut Öryggisþjónustunnar að ákveða hana. Öryggisþjónustunni er heimilt að óska eftir áliti matsteymis skv. 13. gr. og Barna- og fjölskyldustofu, í þeim tilvikum þegar um barn er að ræða, áður en nánari tilhögun ráðstöfunar er ákveðin.

Í 2. mgr. er kveðið á um tilkynningu Öryggisþjónustunnar til notanda. Tilkynna skal með sannanlegum hætti og skal það jafnan gert skriflega. Jafnframt skal tilkynna tilsjónarmanni um fyrirhugaða ráðstöfun. Öryggisþjónustunni er heimilt að boða notanda á fund til að fara yfir framkvæmd ráðstöfunar og er notanda skylt að mæta á fundinn. Heimilt er að halda fundinn á stað sem hentar betur hag notanda en t.d. húsakynni Öryggisþjónustunnar, svo sem þar sem notandi dvelur. Miða ber við að fundarstaður sé ákveðinn í samræmi við þarfir og óskir notanda eftir því sem við verður komið miðað við aðstæður hverju sinni. Á fundinum er bæði unnt að fara yfir þá tilhögun sem nú þegar hefur verið ákveðin eða til að óska eftir afstöðu notanda til nánara fyrirkomulags tilhögunar verði því við komið. Verði notandi ekki við boðun á fundinn er Öryggisþjónustunni heimilt að leita eftir aðstoð lögreglu til að færa notanda á fundinn. Öryggisþjónustunni er jafnframt heimilt að óska eftir því að notandi sanni á sér deili með viðeigandi skilríkjum, svo sem vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini. Þá skal Öryggisþjónustan skrá helstu upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar og kynna fyrir notanda á tungumáli sem hann skilur helstu reglur sem gilda um framkvæmd hennar. Varðandi skráningu upplýsinga er jafnframt rétt að áréttu þær skyldur sem leiða af upplýsingalögum nr. 140/2012, óskráðri reglu stjórnsluréttar og vönduðum stjórnsluháttum.

Í 3. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar notanda hefur verið gert að sæta meðferð, svo sem vegna áfengis- og vímuefnanotkunar eða geðmeðferð, á heilbrigðisstofnun, eða í barnaverndarúrræði. Er ákvæðið hliðsætt sambærilegu ákvæði í 21. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt Öryggisþjónustu ríkisins til upplýsinga sem stofnunin hefur þörf fyrir til að geta sinnt hlutverki sínu. Þeim aðilum sem getur verið skylt að veita Öryggisþjónustunni upplýsingar eru t.d. heilbrigðisstofnun, barnaverndaryfirvöld og -úrræði eða félagsþjónusta sveitarfélaga. Upplýsingarnar geta varðað t.d. hvort notandi hlíti ráðstöfun, s.s. hvort hann mæti í meðferð.

Að lokum er í 5. mgr. tekið fram að notanda er heimilt að óska eftir úrskurði dómara um nánari tilhögun ráðstöfunar og fer þá um málið eftir sömu reglum og gilda um mál er varða ákvarðanir um öryggisþjónustustaði í 6. og 7. mgr. 21. gr.



Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til handa Öryggisþjónustunni svo hún geti framkvæmt aðrar öryggisráðstafanir en öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir því að Öryggisþjónustan muni sjá um framkvæmd annarra öryggisráðstafana að því marki sem þær eru ekki liður í öryggisgæslu eða svo samofnar við hana að ekki verður í sundur skilið. Til dæmis gæti meðferð verið þáttur í öryggisgæslu og því kæmi það í hlut öryggisþjónustustaðar að sjá um hana. Þessi greinarmunur hefur fyrst og fremst þýðingu þegar öryggisþjónustustaður er rekinn af öðrum en Öryggisþjónustunni. Samkvæmt 14. gr. er aðeins unnt að gera samninga við sveitarfélög og einkaaðila um rekstur öryggisþjónustustaða en ekki um framkvæmd annarra öryggisráðstafana.

Í 1. mgr. er fjallað um rafrænt eftirlit. Þar er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja búnað eins og öklaband á notanda til að fylgjast með ferðum hans. Jafnframt er kveðið á um upplýsingaskyldu Öryggisþjónustunnar gagnvart notanda í þeim tilvikum þegar notandi hefur verið gert að halda sig á tilteknum stað eftir atvikum á ákveðnum tímum. Er þetta gert til að útskýra fyrir notanda að afleiðingar þess að hann hlíti ekki ráðstöfun kunnri að vera þær að leitað verði eftir dómsúrlausn um aðrar og meira íþyngjandi ráðstafanir.

Í 2. mgr. er fjallað um heimildir Öryggisþjónustunnar til að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum einstaklingum um ferðir og samskipti notanda í þeim tilvikum þegar notandi hefur verið gert að halda sig á ákveðnum stöðum, umgangast ekki ákveðið fólk eða halda skilyrði um vinnu. Er þetta mikilvægt til þess að Öryggisþjónustan geti gengið úr skugga um það að notandi hlíti ráðstöfun. Í ákvæðinu er aðeins kveðið á um heimild Öryggisþjónustunnar en ekki lögð skylda á einstaklinga að veita umbeðnar upplýsingar.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu meðferðaraðila til að veita upplýsingar um meðferð notanda svo Öryggisþjónustan geti sinnt hlutverki sínu. Sá munur er á meðferð notanda og meðferð almennt séð að meðferð notanda er liður í framkvæmd öryggisráðstöfunar sem hefur verið ákveðin með dómsúrlausn. Vegna þess þurfa ákveðnar upplýsingar um hvernig meðferðinni miði að vera aðgengilegar Öryggisþjónustunni svo unnt sé að fylgjast með því að meðferðin nái tilgangi sínum sem öryggisráðstöfun svo og að hún vari ekki lengur eða sé meira íþyngjandi en nauðsyn ber til. Þessar upplýsingar geta m.a. lotið að því hvort notandi sé að mæta í meðferð og hvernig hún almennt gangi. Finna þarf jafnvægi á milli trúnaðarskyldu heilbrigðisstarfsfólks og möguleika Öryggisþjónustunnar að sinna hlutverki sínu. Hér sem endranær þarf að gæta meðalhófs og ekki óska eftir ítarlegri upplýsingum en nauðsyn ber til. Gert er ráð fyrir að þær upplýsingar sem Öryggisþjónustan fái séu þess eðlis að unnt sé að leggja mat á hvort vægari eða meira íþyngjandi ráðstafanir séu nauðsynlegar. Í þessu sambandi má til hliðsjónar benda á að geðlæknar veita mat sitt á ástandi notanda fyrir dómi. Um hliðstæða upplýsingagjöf er að ræða í þessu tilviki.

Í 4. mgr. er fjallað um heimild Öryggisþjónustunnar til að afla upplýsinga frá vinnuveitanda og öðrum aðilum um það hvort notandi hafi verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna í þeim tilvikum þegar öryggisráðstöfun lýtur að banni við því að neyta áfengis eða vímuefna. Rétt eins og í 2. mgr. er ekki lögð skylda á aðila að veita umbeðnar upplýsingar heldur er aðeins kveðið á um heimild Öryggisþjónustunnar til að óska eftir þeim. Jafnframt er kveðið á um að Öryggisþjónustunni sé heimilt að óska eftir því að notandi undirgangist rannsókn á öndunarsýni og blóð- og þvagrannsókn. Með þessu getur Öryggisþjónustan kannað hvort notandi sé að fylgja banni við að neyta áfengis og vímuefna. Aftur á móti er ekki kveðið á um að Öryggisþjónustan geti þvingað notanda í slíka rannsókn. Neiti notandi að undirgangast rannsókn ber Öryggisþjónustunni að upplýsa hann um mögulegar afleiðingar þess, svo sem að reyna kunnri á það fyrir dómi hvort grípa þurfi til meira íþyngjandi

ráðstöfunar. Reynt getur á samspil þessara heimilda með ýmsum hætti. Þannig gæti Öryggisþjónustan t.d. byrjað á því að ræða við vinnuveitanda um það hvort notandi hafi verið ölvaður við störf. Í framhaldi af því að vinnuveitanda gruni það getur Öryggisþjónustan óskað eftir því að notandi undirgangist rannsókn.

Í 5. mgr. er fjallað um það að Öryggisþjónustunni er heimilt að kveðja notanda reglulega á sinn fund og óska eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig hann fylgi öryggisráðstöfun. Hafi t.d. verið ákveðið að notandi mæti í meðferð hjá tilteknum heilbrigðisstarfsmanni tvisvar í viku þá er Öryggisþjónustunni heimilt að óska eftir upplýsingum m.a. um hvort notandi hafi mætt.

Í 6. mgr. er að finna almenna upplýsingaheimild til handa Öryggisþjónustunni svo stofnunin geti sinnt eftirliti sínu og framkvæmt þá öryggisráðstöfun sem notanda hefur verið gert að sæta með dómsúrlausn. Vegna þess að fyrirkomulag öryggisráðstafana getur verið margvíslegt er nauðsynlegt að játa Öryggisþjónustunni víðtækar upplýsingaheimildir. Til að mynda kann að vera ákveðið í dómsúrlausn að aðili skuli sæta geðheilbrigðismati með reglulegu millibili án þess að nánar sé kveðið á um framkvæmd þess. Kæmi það þá í hlut Öryggisþjónustunnar að ákveða t.d. hvar slíkt mat skyldi fara fram í samræmi við 22. gr. Af þessu ákvæði leiðir að Öryggisþjónustan á rétt á upplýsingum í tengslum við matið.

Í 7. mgr. er kveðið á um þau tilvik þegar notandi hlítir ekki öryggisráðstöfun, t.d. mætir ekki í meðferð. Gert er ráð fyrir því fyrsta kastið að Öryggisþjónustan leitist við að framkvæma ráðstöfun í samráði við notandi, eftir atvikum með aðstoð sérhæfðs starfslíðs síns. Í því getur m.a. falist að ræða við notanda og flytja hann á milli staða, svo sem í meðferð, í sérútbúinni bifreið. Gangi það ekki eftir, t.d. vegna þess að notandi neitar að fara í meðferð, er heimilt að óska eftir líðsinni lögreglunnar til að framkvæma ráðstöfunina. Í þessu lagaákvæði felst ekki sjálfstæð heimild til að þvinga notanda til að t.d. þiggja lyf.

#### Um V. kafla.

Í kafla V. er að finna ákvæði um upphaf dvalar í öryggisgæslu og öryggisvistun á öryggisþjónustustað. Eins og áður hefur komið fram teljast barnaverndarúrræði ekki öryggisþjónustustaðir. Þess vegna gildir t.d. þessi kafla ekki um dvölinu í barnaverndarúrræði. Við upphaf dvalar er þess gætt að um réttan einstakling sé að ræða, líkamlegt og andleg ástand hans er skoðað og skráðar eru nauðsynlegar upplýsingar um hann. Viðkomandi eru kynntar, á máli sem hann skilur, reglur og ferlar sem gilda um dvölinu, réttindi hans og skyldur, virkni og þjálfun sem stendur til boða sem og kvörtunarleiðir. Við upphaf dvalar eða eins fljótt og hægt er gera þjónustuteymi og notandi einstaklingsbundna þjónustuáætlun þar sem fram koma markmið með öryggisgæslunni og hvernig stefnt er að þeim.

#### Um 24. gr.

Í greininni er byggt á því að gengið sé úr skugga um það hver einstaklingur er við upphaf dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun. Skal notandi sýna fram á það með framvísun á skilríkjum, þ.e. vegabréfi, nafnskírteini eða ökuskírteini, eða með öðrum sannanlegum hætti. Reynist notandi ófær um það verður að gera ráð fyrir því að öryggisþjónustustaður leiti annarra leiða til að ganga úr skugga um hver einstaklingur er. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal skrá nafn og kennitölu notanda við upphaf dvalar ásamt upphafsdegi dvalarinnar og dvalartíma. Í því felst að sé dvöl tímabundin skal skrá lokadag dvalar. Á það ávallt við um öryggisvistun en öryggisgæsla á grundvelli núgildandi laga er almennt ótímabundin. Breytist það skal einnig skrá lokadag öryggisgæslu eins og hann er ákveðinn í dómi eða úrskurði. Sé öryggisgæsla endurmetin og framlengd skal skrá uppfærðan lokadag öryggisgæslu. Ef dvöl er

ótímabundin skal skrá þann dag sem endurmat á öryggisráðstöfun skal fara fram. Þar sem Öryggisþjónusta ríkisins á að gæta þess að öryggisráðstafanir séu ekki meira íþyngjandi eða vari lengur en nauðsyn krefur, sbr. 6. gr., er mikilvægt að skrá upplýsingar um hvenær fram skuli fara endurskoðun á ráðstöfunum.

Í 2. mgr. gert ráð fyrir því að fram fari skoðun á líkamlegu og andlegu heilbrigði notanda við upphaf dvalarinnar. Tilgangur þess er að tryggja að fyrir liggi upplýsingar um heilbrigði, líkamlegt og andlegt, við komuna. Skoðun fer einnig fram seinna meðan á dvöl stendur þegar þess er þörf. Gert er ráð fyrir að lækni eða annar einstaklingur til þess bær framkvæmi skoðunina, t.d. sálfræðingur. Í 2. mgr. er jafnframt kveðið á um skráningu upplýsinga sem mikilvægt er að liggi fyrir við upphaf dvalar. Verði breytingar á þessum upplýsingum þarf að uppfæra skráninguna.

Samkvæmt 3. mgr. skal við upphaf dvalar kynna fyrir notanda á tungumáli sem hann skilur reglur sem gilda um dvölinu, réttindi hans og skyldur og annað sem máli skiptir. Einnig þarf að kynna fyrir notanda hvert hann getur leitað telji hann brotið á sér. Upplýsingarnar skulu einnig vera aðgengilegar notanda til að kynna sér síðar. Til að mynda geta þær verið aðgengilegar í sameiginlegu rými þar sem notendur og aðrir geta kynnt sér þær. Kynna verður upplýsingarnar fyrir notanda á tungumáli sem hann skilur. Með því er bæði átt við tungumál, svo sem íslensku eða ensku, og að notað sé auðskilið mál eftir þörfum.

Sá öryggisþjónustustaður sem viðkomandi er að hefja dvöl á ber ábyrgð á framkvæmd þeirra atriða sem í ákvæðinu eru talin.

#### Um 25. gr.

Við upphaf dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun skal gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun þar sem skilgreindir eru helstu þættir gæslunnar, umfang og eðli þjónustunnar og markmið gæslunnar og/eða meðferðarinnar. Mikilvægt er að notandi taki þátt í gerð þjónustuáætlunarinnar ásamt þverfaglegu teymi öryggisþjónustustaðar, þar sem notandinn er í forgrunni þjónustunnar og þátttakandi í henni. Endurskoða skal þjónustuáætlun eftir þörfum en að minnsta kosti á sex mánaða fresti.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að heimilt sé að kalla eftir aðkomu þjónustuveitanda, svo sem félagsþjónustu sveitarfélags, annars öryggisþjónustustaðar sem viðkomandi hefur áður dvalið á og barnaverndaryfirvalda, að gerð þjónustuáætlunar þegar ástæða er til þess. Er þessi heimild veitt þar sem mikilvægt er að tengja saman þá þjónustu sem viðkomandi hefur fengið áður en hann fer í dvöl og þá þjónustu sem hann mun fá í dvölinni. Á þetta einnig við þegar einstaklingur hefur t.d. dvalið á réttargeðdeild en flyst yfir á annan öryggisþjónustustað. Þá er mikilvægt að þeir aðilar sem komið hafa að þjónustu við viðkomandi geti komið að gerð nýrrar þjónustuáætlunar. Áréttað er að ekki þurfi alltaf aðkomu þjónustuaðila heldur skuli það aðeins gert þegar við á og ef ástæða er til. Ekki er gert ráð fyrir að aðrir utanaðkomandi aðilar, svo sem fjölskylda, komi að gerð þjónustuáætlunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að notandi skuli fá afrit af þjónustuáætluninni og hafa að jafnaði aðgang að henni eftir það. Fari notandi t.d. fram á að fá afrit af þjónustuáætlun sinni er ekki gert ráð fyrir því að honum sé meinað að skoða hana í langan tíma í senn. Ekki væri þó óeðlilegt að notandi gæti þurft að bíða til næsta dags krefjist hann þess að fá afrit um miðja nótt eða að ástand notanda mælir því í mót.

#### Um 26. gr.

Samkvæmt greininni skal notandi hafa kost á því að velja sér trúnaðarmann sér til halds og trausts meðan á öryggisráðstöfun eða öryggisvistun stendur. Hlutverk trúnaðarmanns er annað

en hlutverk tilsjónarmanns. Sá munur er á trúnaðarmanni og tilsjónarmanni að notandi velur sér trúnaðarmann á meðan tilsjónarmaður er skipaður af dómstóli. Ákveðin skilyrði eru fyrir því að vera skipaður tilsjónarmaður. Til að mynda er gert ráð fyrir því að tilsjónarmaður sé lögmaður enda krefst starf hans þess að hann gæti þess að notandi sæti ekki öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun lengur en nauðsynlegt er eða að ráðstafanirnar séu meira íþyngjandi en nauðsyn ber til. Í því sambandi getur tilsjónarmanni borið að leita til dómstóla. Mætti því segja að hlutverk tilsjónarmanns sé af lagalegri toga en trúnaðarmanns, sem hefur það hlutverk að vera notandanum til halds og trausts á meðan á öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun stendur. Eins og áður segir velur notandi sér trúnaðarmann en trúnaðarmaðurinn þarf einnig að samþykka að gegna því hlutverki.

Eigi notandi rétt á persónulegum talsmanni samkvæmt núgildandi 9. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu við fatlað fólk kemur sá aðili í stað trúnaðarmanns.

#### Um VI. kafla.

Í VI. kafla er kveðið á um að notandi skuli hafa aðgang að heilbrigðis- og félagsþjónustu. Skal sú þjónusta vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir viðkomandi, sbr. 27. gr. Þá er fjallað um samþykki notanda fyrir þjónustu, en skv. 28. gr. er óheimilt að veita notanda í öryggisgæslu eða öryggisvistun meðferð eða aðra sambærilega heilbrigðisþjónustu nema samþykki hans liggja fyrir. Er þetta áréttað hér til að undirstrika mikilvægi þess að notandi hafi valkosti um hvernig þjónusta hans sé háttáð og að hann sé ekki beittur óþarfa þvingunum. Þá er kveðið á um þröngar undantekningar frá þessari reglu. Í lokin er áréttað að um meðferð og aðgang að sjúkraskrá fari eftir lögum um sjúkraskrá.

#### Um 27. gr.

Í greininni er fjallað um heilbrigðis- og félagsþjónustu notanda. Samkvæmt fyrsta málslið 1. mgr. skal notandi hafa aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni. Í þessu sambandi vísast til markmiðsákvæðis 1. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Þegar lagt er mat á þá heilbrigðisþjónustu sem val er um hverju sinni verður líta til allra aðstæðna, s.s. hversu raunhæft er að veita heilbrigðisþjónustuna og hvaða heilbrigðisþjónusta stendur öðrum landsmönnum til boða. Notandi á ekki að njóta lakari heilbrigðisþjónustu en aðrir sem búa hér á landi. Í öðrum málslið kemur fram að notandi skuli hafa aðgang að almennri heilbrigðisþjónustu. Til slíkrar þjónustu telst t.d. tannlækningar. Sá fyrirvari er gerður að unnt sé að veita almenna þjónustu í samræmi við þær öryggiskröfur sem eru gerðar. Þegar notandi getur ekki farið annað til að þiggja þjónustu ber almennt að kanna hvort notandi geti fengið hana á öryggisþjónustustað. Í þriðja málslið er fjallað um geðheilbrigðisþjónustu. Notandi skal njóta slíkrar þjónustu hafi hann þörf fyrir hana. Þó að slík þjónusta teljist til heilbrigðisþjónustu, sbr. upphafsmálsliðinn, þykir ástæða til að áréttta hana sérstaklega. Leggja þarf mat á þörf notanda við upphaf dvalar og síðan reglubundið eftir það. Slík þjónusta er hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun notanda.

Í 2. mgr. er áréttað að heilbrigðis- og félagsþjónusta, sem veitt er notanda, skuli vera einstaklingsbundin og viðeigandi miðað við þarfir hans.

#### Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um frjálst og upplýst samþykki notanda í öryggisgæslu eða -vistun fyrir meðferð og annarri sambærilegri heilbrigðisþjónustu. Samþykki telst ekki vera upplýst nema að notandi hafi fengið upplýsingar um tilgang og eðli inngrípsins svo og afleiðingar þess

og þá hættu sem það hefur í för með sér. Áréttað er að notandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Í 2. mgr. er undantekning frá banni 1. mgr. en samkvæmt málsgreininni má víkja frá banni 1. mgr. þegar skilyrði til að beita nauðung eru uppfyllt eða þegar dómari úrskurðar að brýn nauðsyn sé á meðferð til að varna alvarlegu heilsutjóni notanda. Það leiðir af eðli þessarar heimildar að henni ber aðeins að beita í algjörum undantekningartilfellum enda getur hún falið í sér verulegt inngrip í sjálfsákvörðunarrétt notanda. Vegna þess er meðalhöfsreglan sérstaklega áréttuð í 3. mgr. Þegar meðferð er veitt án samþykkis notanda getur hún þurft að ganga skemur en æskilegt væri með samþykki notanda. Ástæða er til að árétta að þvinguð meðferð skv. a-lið 2. mgr. verður aðeins veitt til að varna alvarlegu heilsutjóni notanda en ekki til að t.d. róa notanda niður eða til að gæta öryggis. Í þeim tilvikum kann að reyna á aðrar leiðir, þ. á m. örugg herbergi og öruggan gang skv. IX. kafla um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað.

Ákvæði laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga gilda einnig um heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilbrigðisstofnunum, þ. á m. réttargeðdeild, en í 7.-9. gr. þeirra laga er fjallað um upplýst samþykki sjúklings fyrir meðferð, heimild hans til að hafna meðferð og um undanþágu frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

Í 4. mgr. er fjallað um réttarfarsleg atriði þegar krafa er borin undir dóm skv. a-lið 2. mgr. Gert er ráð fyrir því að Öryggisþjónustan geri kröfu þótt notandi sé á öryggisþjónustustað á vegum annars aðila, svo sem réttargeðdeildar eða sveitarfélags. Með þessu móti er tryggt að einn aðili fari fram með slíkar kröfur. Vegna þess að meðferð, þ. á m. lyfjagjöf gegn samþykki notanda, felur í sér verulegt inngrip í sjálfsákvörðunarrétt hans og um er að ræða mál sem ráðast af læknisfræðilegum rökum þykir rétt að kveða á um það að dómur skuli skipaður sérfróðum meðdómsmanni eða -mönnum. Þá er einnig gert ráð fyrir því að í þessum málum liggja fyrir viðeigandi læknisfræðileg gögn um mat á nauðsyn meðferðar. Að öðru leyti gildir 6. mgr. 21. gr. um meðferð málsins en þar er kveðið á um frávík frá reglum almenns einkamálaréttarfars, svo sem um forræði aðila máls á ákveðnum atriðum. Í þessum málum liggur ekki fyrir stjórnvaldsákvörðun um meðferð af hálfu Öryggisþjónustunnar eða öryggisþjónustustaðar. Þessa vegna reynir ekki á ákvæðið í 6. mgr. 21. gr. um frestun réttaráhrifa. Sömuleiðis lýtur dómkrafa í þessum málum að því er tiltekin meðferð skuli veitt notanda en ekki að gildi stjórnvaldsákvörðunar.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er áréttað að um sjúkraskrár gildi lög um sjúkraskrá, þ. á m. um aðgang að sjúkraskrá.

## Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur þeirra sem eru í öryggisgæslu eða -vistun á öryggisþjónustustað. Þó gildir ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði notanda einnig um aðrar öryggisráðstafanir. Sama á við um ákvæðið um réttindi samkvæmt öðrum lögum sem og um réttindi erlendra notanda. Ákvæði kaflans eiga ekki við um dvöl barna í barnaverndarúrræði. Í kaflanum er áréttað mikilvægi þess að virða sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði notanda eins og kostur er og tekið fram að notendur njóti áfram réttar samkvæmt öðrum lögum en þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Í kaflanum eru tiltekin réttindi sem þeir sem sæta öryggisgæslu eða öryggisvistun skulu njóta, svo sem hvað varðar aðbúnað á öryggisþjónustustað, til að fá heimsóknir til sín og leyfi til heimsókna af öryggisþjónustustað, samskipti við umheiminn, útveru, tómsundur, o.fl., en einnig skilyrði sem uppfylla ber til að takmarka réttindin.

## Um 30. gr.

Í öryggisgæslu og öryggisvistun felst frelsisskerðing og þar með ákveðin skerðing á sjálfsákvörðunarrétti, sjálfstæði og lífsgæðum notanda. Þrátt fyrir það er mikilvægt að notandi njóti sjálfsákvörðunarréttar, sjálfstæðis og lífsgæða að því marki sem það samrýmist þeirri öryggisgæslu eða -vistun sem hann sætir. Þýðing þess er undirstrikuð í ákvæðinu.

Í 1. mgr. er fjallað um sjálfsákvörðunarrétt notanda og sjálfstæði. Í fyrsta málsliðnum er kveðið almennt á um þessi réttindi. Til að virða réttindin verða þeir sem framkvæma öryggisgæslu og -vistun að nálgast allt sitt starf með þau að leiðarljósi. Á það við um starfsfólk öryggisþjónustustaða sem hefur samskipti við notanda, úrskurðaraðila og ráðuneyti sem setur almenn stjórnvaldsfyrirmæli á grundvelli laganna. Í réttindunum felst að ákvarðanir taka ekki aðeins mið af mati t.d. starfsfólks öryggisþjónustustaðar á hagsmunum notanda heldur ber einnig að taka með í reikninginn vilja og val notanda sjálfs. Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði notanda tekur þó mið af þeirri öryggisgæslu eða -vistun sem hann sætir. Þannig verður notandi að una því að ákveðnar öryggiskröfur eru gerðar sem hann verður að hlíta. Þá er í algerum undantekningartilvikum unnt að beita notanda nauðung og fjarvöktun í samræmi við reglur IX. kafla þessara laga.

Í öðrum málsliðnum er áréttaður þýðingarmikill þáttur í réttindunum en þar kemur fram að leita skuli eftir afstöðu notanda til ákvarðana, sem varða hann, nema slíkt þyki bersýnilega óraunhæft. Í þriðja málsliðnum eru réttindin sérstaklega áréttuð fyrir börn. Í ákvæðunum felst ekki andmælaréttur í skilningi stjórnsýslulaga heldur ákveðin þátttökuréttindi sem taka til ýmiss konar ákvarðana. Þannig getur starfsfólki öryggisþjónustustaða borið að leita eftir afstöðu notanda til ýmissa atriða er varða daglegt líf hans, svo sem hreyfingar, veru í almennu rými og lyfjagjafar. Í öðrum ákvæðum laga þessara er þessi skylda sérstaklega áréttuð og jafnvel útfærð. Með þessu móti er stuðlað að því að notandi verði þátttakandi í öryggisþjónustunni og hafi áhrif á inntak og framkvæmd hennar. Oft er unnt að fullnægja skyldunni með því að starfsfólk öryggisþjónustustaðar spyrji notanda munnlega t.d. hvort hann vilji vera í almennu rými í dag. Þegar um þýðingarmikla ákvörðun er að ræða, t.d. lyfjagjöf, ber að skrá afstöðu notanda. Þrátt fyrir mikilvægi þess að leitað sé eftir afstöðu notanda þarf stundum að fara á svig við óskir hans. Leita skal þó eftir afstöðu notanda og reyna að fara þá leið sem er næst óskum hans. Í sumum tilvikum kann þó að vera bersýnilega óraunhæft að leita eftir afstöðu notanda. Til að mynda vegna ástands notanda, skamms tíma til ákvarðanatöku eða þegar ákvörðun varðar fjölda notanda. Um andmælarétt fer eftir almennum reglum stjórnsýsluréttar og sérlögum. Sá réttur sem er mælt fyrir um hér er til viðbótar við andmælaréttinn.

Í 2. mgr. er fjallað um lífsgæði notanda. Lífsgæði er samheiti yfir fjölmörg atriði. Um sum þeirra er fjallað nánar í þessum kafla, svo sem vistarverur og persónulega muni. Lífsgæði taka einnig til atriða eins og viðunandi klæðnaðar, næringar, afþreyingar og heimilislegs umhverfis. Allur aðbúnaður þarf að vera viðunandi og í samræmi við virðingu fyrir mannlegri reisn notanda. Gæta þarf að heilbrigði og hreinlæti, viðunandi birtuskilyrðum, hitun og loftræstingu. Með sömu formerkjum og í 1. mgr. er mælt fyrir um að stuðla skuli að lífsgæðum notanda og tekur skyldan til allra þeirra sem framkvæma öryggisgæslu og öryggisvistun. Eins takmarkast hún af þeirri öryggisgæslu eða öryggisvistun sem notandi sætir.

Í síðustu málsgrein ákvæðisins kemur fram að ákvæðið eigi einnig við um aðrar öryggisráðstafanir sem einstaklingur sætir. Ber þar af leiðandi að virða sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði þeirra notenda sem sæta t.d. eftirliti eða tiltekinni meðferð. Sömuleiðis skal stuðla að lífsgæðum þeirra. Því ber m.a. að leita eftir afstöðu notanda til ákvarðana sem varða hann. Til að mynda getur þurft að hafa samráð við notanda um hvernig best sé að háttá öryggisráðstöfun, svo sem hvenær henti honum að mæta í meðferð sem honum er gert að sæta. Jafnframt að tillit sé tekið til óska notanda og hagræðis fyrir hann þegar framkvæmd annarra öryggisráðstafana er ákveðin.

#### Um 31. gr.

Í greininni er áréttað að notandi nýtur áfram allra sömu réttinda og aðrir í samfélaginu að því marki sem þau eru ekki skert samkvæmt lögum, ákvörðun dóms eða því sem leiðir af eðli þeirrar öryggisráðstöfunar eða öryggisvistunar sem hann sætir. Þannig getur ákvörðun, sem tekin er á grundvelli laganna, falið í sér skerðingu á réttindum notanda.

Gert er ráð fyrir því að öryggisþjónustustaður sjái notanda fyrir húsnæði, mat o.þ.h. og að notandi greiði ekki fyrir það, enda sæti hann öryggisgæslu á grundvelli dómsúrlausnar. Af því leiðir að ákvæði almannatryggingalaga um að bætur falli niður gildi um notendur, sbr. 56. gr. laga nr. 100/2007, en þar segir að sæti lífeyrisþegi gæsluvarðhaldi eða sé hann á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun skulu falla niður allar bætur til hans eftir fjögurra mánaða samfellt gæsluvarðhald eða dvöl. Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða ráðstöfunarfé í samræmi við 8. mgr. 48. gr. sömu laga.

#### Um 32. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal notandi hafa aðgang að viðunandi klæðnaði hafi hann ekki efni á eigin klæðnaði sem og næringarríkum mat og drykkjarföngum.

#### Um 33. gr.

Í greininni er fjallað um vistarverur notanda, nauðsynlegan búnað og annað sem notandi getur haft í vistarverum sínum. Notandi skal hafa sérherbergi eða íbúð á þeim öryggisþjónustustað sem hann dvelst. Í því felst að vera einn í herbergi eða íbúð. Það fer eftir öryggisþjónustustað og aðstæðum hvort notanda stendur til boða herbergi eða íbúð. Herbergi eða íbúð notanda er hans rými. Notandi getur t.d. skreytt vistarverur sínar. Að sama skapi er gert ráð fyrir því að notandi haldi því í standi, taki til, þrifi o.þ.h. Notandi þarf að hafa aðgang að sínu rými hvenær sem er dags. Honum er ekki skylt að dvelja í sameiginlegu rými á daginn heldur á að standa til boða að fara til vistarvera sinna þegar hann vill. Þá á notandi almennt séð einn að hafa aðgang að vistarverum sínum. Jafnframt á notandi almennt að geta lokað að sér. Undantekningar frá þessu eru t.d. í 54. gr. um leit í vistarverum. Þá getur starfsfólk þurft að tryggja öryggi notanda og annarra.

Í 2. mgr. er fjallað um aðbúnað í vistarverum notanda og muni sem þar skulu vera. Í vistarverum notanda skal vera gluggi og helstu húsgögn og munir sem nauðsynlegir eru, s.s. rúm, fataskápur, skrifborð og stóll. Öryggisþjónustustaður skal sjá til þess að slíkt sé til staðar og að vistarverur uppfylli kröfur um heilbrigði, hreinlæti og öryggi. Mikilvægt er að húsgögn, munir og annað í vistarverum og öðru rými öryggisþjónustustaða ógni ekki heilsu og öryggi notanda.

Í 3. mgr. er kveðið á um persónulega muni í herbergi eða íbúð notanda. Þannig getur notandi t.d. geymt fötin sín, bækur og muni til að skreyta herbergi eða íbúð. Þó má notandi ekki hafa persónulega muni sem eru hættulegir eða ólögmætir. Í þessu sambandi er sérstaklega tekið fram að notanda er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi, ávana- og fíkniefni og vopn. Notandi má ekki hafa lyf í vistarverum sínum nema það sé nauðsynlegt skv. læknisráði og með samþykki forstöðumanns eða yfirlæknis þess öryggisþjónustustaðar sem hann dvelst á. Enn fremur er gerður sá fyrirvari að persónulegir munir séu í samræmi við vistun notanda. Er þá átt við þær öryggiskröfur sem eiga við um vistun notanda og aðstæður á öryggisþjónustustað.

Tekið er af skarið um það í 4. mgr. að óheimilt er að svipta notanda aðgengi að persónulegum munum eða öðrum aðgengilegum munum á öryggisþjónustustað í viðurlagaskyni eða til að þvinga notanda til athafna eða athafnaleysis. Þannig mætti t.d. ekki taka bækur af notanda vegna þess að hann hefur ekki þrifið herbergi sitt eða banna honum að horfa á sjónvarpið vegna þess að hann hefur ekki burstað tennurnar. Þó er gert ráð fyrir því að aðgengi að ákveðnum munum, s.s. sjónvarpi í almennu rými, sé í samræmi við þær reglur sem gilda á hverjum stað. Aftur á móti felst í 3. mgr. að það getur þurft að takmarka aðgengi notanda að munum af öryggisástæðum.

Ráðherra er veitt heimild í 5. mgr. til að setja nánari reglur í reglugerð um muni sem leyfilegt er að hafa á öryggisþjónustustað, s.s. sjónvarp, tölvur eða annað slíkt. Hér er gert ráð fyrir því að um sé að ræða muni sem ekki eru nauðsynlegir en öryggisþjónustustaðir geta ákveðið að hafa í vistarverum notanda eða í almennu rými. Gæta skal þó jafnræðis á milli notanda. Því skal slíkur búnaður vera í vistarverum allra notanda séu þeir í sambærilegum aðstæðum. Til að mynda getur öryggisþjónustustaður haft sjónvarp í vistarverum notanda eða í almennu rými. Í fyrra tilvikinu skal slíkt tæki vera í öllum vistarverum, notendum að kostnaðarlausu.

#### Um 34. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að allir notendur á öryggisþjónustustað geti tekið þátt í daglegu starfi saman og deilt sameiginlegu rými en að kynin séu aðskilin að næturlagi. Þar sem gert er ráð fyrir að hver notandi sé með eigin vistarverur gæti þetta t.d. falist í því að vistarverur kynjanna séu á sitt hverjum gangi öryggisþjónustustaðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um undantekningu frá 1. mgr. en samkvæmt ákvæðinu getur forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar í samráði við Öryggisþjónustuna ákveðið annað ef brýnir hagsmunir notandans eða annarra notanda krefjast þess. Við matið ber almennt að hafa í huga að fólk upplifir sig af ólíkum kynjum og kynvitund og kyntjáning notanda getur verið önnur en kyneinkenni. Sjá í þessu sambandi m.a. lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfstæði. Þá þarf einnig að gæta þess að fullnægt sé þeim skyldum sem hvíla á íslenska ríkinu um vernd kvenna gegn mismunun og ofbeldi, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979.



## Um 35. gr.

Í greininni er fjallað um rétt notanda til að fá heimsóknir frá fjölskyldu sinni og vinum á þann öryggisþjónustustað þar sem hann dvelur. Notandi skal eiga kost á því að fá heimsókn eigi sjaldnar en vikulega ef slíkt telst ekki vera skaðlegur þáttur í meðferð hans. Mikilvægt er að notandi geti átt í samskiptum við og ræktað sambönd sín við ættingja sína og vini þrátt fyrir að sæta öryggisgæslu eða -vistun. Bæði er það mikilvægt fyrir einstaklinginn og aðstandendur hans en einnig stuðlar það frekar að bata og bættri líðan og að auðveldari aðlögun þegar dvöl lýkur. Er þetta þó með þeim fyrirvara að heimsóknir aðila séu ekki skaðlegar notandanum, en heimilt er að takmarka heimsóknir frá aðilum sem taldir eru skaðlegir heilsu og líðan notanda. Túlka ber þetta skilyrði þröngt og þarf þungvæg rök til að takmarka heimsóknir til notanda á grundvelli þess að heimsóknin sé talin skaðleg notandanum. Nánar er fjallað um takmarkanir á heimsóknum og um heimsóknargesti í 36. og 37. gr. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að aðstæður geti með tímabundnum hætti verið þær að ekki sé unnt að leyfa heimsóknir í jafn ríkulegum mæli. Þó ber að leitast við að finna aðrar leiðir til að tryggja heimsóknarréttinn áður en gripið er til þessarar sérstöku undantekningarheimildar. Hana ber að túlka þröngt.

Samkvæmt 2. mgr. setur Öryggisþjónusta ríkisins nánari reglur um heimsóknir, m.a. um heimsóknartíma, heimsóknaraðstæður og skilyrði. Þar sem aðstæður á öryggisþjónustustöðum eru ólíkar geta heimsóknarreglur verið mismunandi milli öryggisþjónustustaða sem og á milli öryggisstiga. Þó er talið rétt að Öryggisþjónustan setji reglur um útfærslu heimsókna til að tryggja samræmi að því marki sem hægt er. Reglurnar þurfa að vera aðgengilegar notendum, aðstandendum þeirra, tilsjónarmönnum, trúnaðarmönnum, réttindagæslumönnum sem og öðrum.

## Um 36. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar geti ákveðið að heimsóknir tiltekinnna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum öryggisþjónustustaðar eða með því að banna líkamlega snertingu gests og notanda eða banna tilteknum mönnum að heimsækja notanda. Það skal ekki gert nema nauðsynlegt þyki til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað, þ. á m. til að tryggja öryggi notanda og heimsóknargesta, og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða ef ástæða er til að ætla að heimsóknin verði misnotuð að öðru leyti. Ákvörðun um takmarkanir á heimsóknum skal forstöðumaður eða yfirlæknir rökstyðja skriflega. Samkvæmt 2. mgr. má rjúfa heimsókn ef nauðsynlegt þykir vegna sömu ástæðna og nefndar eru í 1. mgr.

Mikilvægt er að notandi geti rætt við lögmann, tilsjónarmann, trúnaðarmann, réttindagæslumann og persónulegan talsmann í einrúmi og trúnaði. Því er rétt að heimsóknir þeirra séu án eftirlits nema viðkomandi óski annars sérstaklega. Rétt er að notandi geti einnig óskað eftir því að heimsókn þessara einstaklinga til hans séu undir eftirliti.

## Um 37. gr.

Í greininni er forstöðumanni eða yfirlækni öryggisþjónustustaðar veitt heimild til að kanna bakgrunn og sakaferil heimsóknargests áður en heimsókn er samþykkt. Er það talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir misnotkun á heimsókn, gæta öryggis og tryggja að heimsóknir séu ekki skaðlegur þáttur í öryggisgæslu eða öryggisvistun notanda. Sé öryggisþjónustustaður á vegum annars en Öryggisþjónustunnar getur bakgrunnskönnun þurft að fara fram með aðstoð hennar.

Í 2. mgr. er heimild til að leita á heimsóknargesti áður en heimsókn fer fram. Leit getur annars vegar verið leit í fatnaði og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur

það. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að ólöglegir eða hættulegir munir komi inn á öryggisþjónustustað og til að gæta öryggis þeirra sem þar dvelja. Samþykki gestur ekki leit skal heimsóknin fara fram með öðrum hætti eða synjað um hana, sbr. 1. mgr. 36. gr., þar sem fjallað er um takmarkanir á heimsóknum. Væri í þeim tilfellum þá t.d. hægt að ákveða að heimsókn fari fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum öryggisþjónustustaðar eða með því að banna líkamlega snertingu gests og notanda.

Samkvæmt 3. mgr. er heimilt að skoða muni og annað sem farið er með til notanda. Þá skulu munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og notanda er óheimilt að hafa á öryggisþjónustustað vera í vörslu öryggisþjónustustaðar meðan á heimsókn stendur.

Að síðustu er í 4. mgr. ákvæði um að upplýsa skuli þann sem kemur í heimsókn til notanda um þær reglur er gilda um heimsóknir. Eðlilegt er að öryggisþjónustustaður sem viðkomandi ætlar að heimsækja sjái til þess að væntanlegur gestur sé upplýstur um þær reglur sem gilda á þeim öryggisþjónustustað áður en til heimsóknarinnar kemur.

#### Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um heimsóknir barna á öryggisþjónustustað. Ákvæðið er til áréttingar á því að börnum skuli sýnd sérstök nærgætni þar sem þau eru viðkvæmur hópur. Aðstæður á öryggisþjónustustað þurfi að vera þannig að þau geti komið með í heimsóknir. Þá skulu heimsóknir fara fram í barnvænu umhverfi. Gæta skal þess að heimsóknir séu í samræmi við hagsmuni barna að öllu leyti.

Með barnaverndaryfirvöldum er átt við Barna- og fjölskyldustofu og eftir atvikum barnaverndarnefnd á því svæði sem barnið á lögheimili.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimsóknir barna yngri en 18 ára skuli að jafnaði fara fram í fylgd forsjáraðila eða aðstandanda enda liggja skriflegt samþykki forsjáraðila fyrir því. Sá varnagli er settur að heimsókn skuli *að jafnaði* fara fram í fylgd forsjáraðila eins í ákvæðinu greinir, en það sé ekki nauðsynlegt. Getur það t.d. verið ónauðsynlegt ef barn er stálpað eða ef það er að heimsækja foreldri sitt.

#### Um 39. gr.

Dæmi þekkist þess að kveðið hefur verið á um heimsóknir frá öryggisþjónustustað í úrskurði um öryggisráðstafanir. Til viðbótar við slíka ákvörðun dóms þykir rétt að kveða á um að forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar geti heimilað slíkar heimsóknir. Mikilvægt er að leyfa notanda sem treystandi er til þess að fara í heimsóknir frá öryggisþjónustustað. Slíkt getur líka verið liður í því að undirbúa notanda eða leggja mat á hvort léttu skuli af öryggisgæslu eða öryggisvistun. Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um markmið heimsóknarleyfis og atriði sem líta skal til við mat á því hvort veita skuli leyfi til heimsókna af öryggisþjónustustað. Atriðin eru ekki tæmandi talin og er ráðherra í 5. mgr. fengin heimild til að kveða nánar á um skilyrði í reglugerð. Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar tekur ákvörðun og leggur mat á það hvort heimsóknarleyfi telst vera skaðlegur þáttur í öryggisgæslu eða -vistun viðkomandi og sé að öðru leyti forsvaranlegt út frá öryggisþjónarmiðum.

Í 3. mgr. kemur fram að ákveða skuli tímalengd heimsóknarleyfis. Þannig væri t.d. unnt að ákveða að notandi fengi leyfi til að dveljast allt að 8 klukkustundum utan öryggisþjónustustaðar. Jafnframt er kveðið á um það að heimilt sé að setja skilyrði fyrir heimsóknarleyfi. Meðal þeirra er að heimsókn fari fram í fylgd starfsfólks sé það talið æskilegt, t.d. vegna öryggisþjónarmiða. Í þessu sambandi þarf að hafa hugfast að notandi hefur verið dæmdur eða úrskurðaður til að sæta öryggisgæslu eða -vistun vegna þess að hann þykir

hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Þó kann sú staða að vera uppi eftir því sem lengra líður að rétt sé að prófa að notandi fari í heimsókn einn síns liðs.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að heimilt sé að binda endi á heimsókn þá þegar brjóti notandi í bága við þau skilyrði sem sett voru fyrir heimsókninni, sýni af sér ógnandi hegðun eða háttsemi hans gefur á annað borð tilefni til að ætla að hætta stafi af honum. Í þessu sambandi skiptir máli að markmið öryggisgæslu og -vistunar er meðal annars að varna því að háski verði að manni gagnvart sjálfum sér og öðrum. Áréttað er að unnt er að binda enda á heimsókn „þá þegar“. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að notandi njóti t.d. andmælaréttar áður en slík ákvörðun er tekin. Það getur komið í hlut þess starfsfólks sem fylgir notanda í heimsókn að meta hátterni notanda og binda enda á heimsóknina. Rannsóknarskyldan tekur mið af aðstæðum, svo sem þess tíma sem er til stefnu.

Í 5. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um skilyrði til veitingar leyfis til heimsókna af öryggisþjónustustað og skilyrði í leyfinu í reglugerð. Meðal skilyrða sem ráðherra getur kveðið á um í reglugerð eru atriði eins og reynsla úr fyrri heimsókn ef notandi hefur áður fengið heimsóknarleyfi. Ekki er heimilt að nota skilyrði fyrir heimsóknarleyfi til að verðlauna góða hegðun, svo sem að viðkomandi hafi tekið til í herberginu sínu eða álíka. Að sama skapi má ekki banna heimsókn í refsingarskyni.

#### Um 40. gr.

Í greininni er sérstök heimild notanda til að ákveða fyrirfram að öryggisþjónustustaður megi veita tilteknum aðstandanda hans upplýsingar um öryggisþjónustu viðkomandi. Er það talið rétt að notandi geti veitt samþykki sitt fyrir því að aðstandandi geti fengið upplýsingar um öryggisráðstafanir og þjónustu sem viðkomandi fær á öryggisþjónustustað sem persónuverndarreglur kæmu annars í veg fyrir. Hér er því lagt til ákvæði sem tekur á þessu.

Mikilvægt er að gengið sé úr skugga um hver raunverulegur vilji einstaklingsins er varðandi það hvort hann vilji veita þessar upplýsingar, hverjum megi veita upplýsingarnar og til hvers þær megi taka. Eftir atvikum getur verið rétt að leita til réttindagæslumanns leiki vafi á því hver vilji viðkomandi er. Þá getur notandi afturkallað heimildina að hluta eða öllu leiti, hvenær sem hann vill. Að sama skapi getur hann breytt henni, svo sem til hvaða þátta hún tekur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skrá skuli upplýsingar um það ef notandi hefur veitt aðstandanda heimild til að fá upplýsingar um öryggisþjónustu sína. Skrá skal allar upplýsingar sem máli skipta, svo sem til hvaða aðstandanda eða aðstandenda hún nær og hvaða upplýsingar megi veita. Einnig skal skrá upplýsingar um það hvort réttindagæslumaður hafi haft aðkomu að ákvörðun og þá hvaða réttindagæslumaður og með hvaða hætti hann kom að ákvörðuninni.

#### Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um samskipti við notanda á tungumáli sem hann skilur. Allajafna verða samskiptin á íslensku. Ef notandi skilur ekki íslensku vel getur þurft að eiga samskipti við hann á öðru tungumáli, svo sem ensku. Sá fyrirvari er gerður að því verði við komið. Aðstæður geta verið með þeim hætti að notandi tali tungumál sem almennt má ætlast til að starfsfólk öryggisþjónustustaðar og Öryggisþjónustunnar tali. Vegna sérstaklega mikilvægra ákvarðana getur borið að leita til túlks. Þó verður ekki gerð sú krafa við þessar aðstæður að öll samskipti við notanda verði á því tungumáli. Skilji notandi tungumál sem ætlast má til að starfsfólk öryggisþjónustustaðar og Öryggisþjónustunnar tali, svo sem ensku, geta samskiptin farið fram á því tungumáli. Þó ber að gæta að lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Til viðbótar skulu samskipti við notanda vera á auðskildu máli þegar þörf er á því svo notandinn skilji þau. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga eðli samskiptanna.

#### Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um símtöl notanda við fólk utan öryggisþjónustustaðar. Notandi getur hringt í fólk utan öryggisþjónustustaðar á þeim tímum dags sem reglur öryggisþjónustustaðar segja til um. Gert er ráð fyrir að á öryggisþjónustustöðum sé sími í sameiginlegu rými sem notendur geta notað fyrir símtöl. Eins og fram kemur í 2. málslíð 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að heimilt sé að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauðsynlegt reynist til að aðrir notendur fái notið þessa réttar.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að hlusta á eða taka upp símtöl notanda ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits til að viðhalda góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti notanda hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn notanda.

Sé talið nauðsynlegt að hlusta á eða taka upp símtal skal ákvörðun þess efnis tilkynnt notanda fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar, sbr. 3. mgr. Þá er heimilt að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem starfsmaður skilur en ella þýði túlkur samtalið. Samkvæmt síðasta málslíð 3. mgr. skal eyða upptökum þegar þeirra er ekki lengur þörf. Í samræmi við meðalhófsregluna skal ekki geyma upptökur lengur en nauðsyn krefur. Upptökum skal í síðasta lagi eytt eftir 90 daga nema sérstakar ástæður leiði til þess að nauðsynlegt sé að varðveita þær lengur, svo sem vegna atviks sem kemur upp eða að þær verði notaðar sem sönnunargögn í málum.

Í 4. mgr. eru taldir upp aðilar sem ekki er heimilt að hlusta á eða taka upp símtöl notanda við. Það eru lögmaður, tilsjónarmaður, trúnaðarmaður, réttindagæslumaður, persónulegur talsmaður, prestur eða annar sambærilegur fulltrúi trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem notandi tilheyrir, opinberar stofnanir og umboðsmaður Alþingis.

Samkvæmt 5. mgr. getur forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar ákveðið að ekki verði hringt í símanúmer úr öryggisþjónustustað, óski réttthafi símanúmersins þess.

Notandi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, tilsjónarmanns, trúnaðarmanns, réttindagæslumanns, persónulegs talsmanns, ráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis, Öryggisþjónustu ríkisins og sendiráð lands erlends notanda eða ræðismanns þess, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

#### Um 43. gr.

Í greininni er fjallað um bréfaskipti notanda. Notanda er heimilt að senda og taka við bréfum á öryggisþjónustustað og er meginreglan sú að bréfaskiptin eru einkamál notanda. Forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar getur þó ákveðið að opna og lesa bréf til og frá notanda í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti notanda hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn notanda. Forstöðumaður eða yfirlæknir getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti notanda við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá notanda. Þá er heimilt að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem starfsmaður skilur en annars verði skjalafýðanda falið að þýða bréf.

## Um 44. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang notanda að fjölmiðlum. Gæta verður að beiting ákvæðisins sé í samræmi við vernd tjáningarfrelsis skv. 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

## Um 45. gr.

Í greininni er fjallað um virkniúrræði sem skulu vera til staðar á öryggisþjónustustöðum. Þar skulu notendum standa til boða fjölbreytt virkniúrræði við hæfi, svo sem nám og vinna, hæfing og endurhæfing.

## Um 46. gr.

Í greininni er fjallað um útiveru, tómsundur og líkamsrækt. Mikilvægt er að notendur geti notið útivistar, sinnt áhugamálum og tómsundum sem og líkamsrækt á þeim öryggisþjónustustað sem þeir dveljast. Í ákvæðinu er tiltekinn lágmarksréttur til slíkrar ástundunar en hún skal vara í að minnsta kosti eina og hálf klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi á öryggisþjónustustað. Gert er ráð fyrir að öryggisþjónustustaðir gæti þess að til staðar sé útivistarsvæði sem notendur geti notað. Æskilegt er að notendur hafi aðgang að útivistarsvæði eftir þeirra hentisemi. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að öryggisþjónustustaðir móti sér stefnu um hvernig útivera og tómsundur skuli framkvæmdar. Með þeim hætti liggur fyrir hvernig staðurinn hyggst tryggja réttindin.

## Um 47. gr.

Í greininni er fjallað um rétt notanda til aðgangs að bókum. Æskilegt er að notandi hafi aðgang að bókasafni, svo sem á öryggisþjónustustað. Þegar notandi getur ekki fengið aðgang að bókasafni þarf að gæta þess að notandi geti fengið aðgang að bókum með öðrum hætti.

## Um 48. gr.

Samkvæmt greininni á erlendur notandi rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess. Sé notandi ríkisfangslaus eða flóttamaður skal öryggisþjónustustaður aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga. Sama regla gildir um að ekki skuli hlustað á símtöl og taka upp bréf ríkisfangslausra einstaklinga og flóttamanna við þessa aðila og gildir um samskipti erlendra ríkisborgara við sendiráð lands síns eða ræðismann þess. Hið sama á við um kostnað af samskiptunum.

Þegar erlendum notanda er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í öryggisráðstöfun eða -vistun á viðkomandi rétt á túlki. Mikilvægt er að notandi skilji hver réttindi hans og skyldur eru. Að sama skapi á hann rétt á að hafa samband við lögmann sinn eða tilsjónarmann með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

## Um 49. gr.

Í greininni er fjallað um iðkun trúar eða siðar. Taka skal tillit til trúar, siðar og lífsskoðana notanda og gera honum kleift að iðka trú sína eða sið á öryggisþjónustustað. Í því felst m.a. að tillit sé tekið til matarvenja og bænátíma í virkniúrræðum notanda eins og unnt er. Einnig skal notandi eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu er áréttuð skylda notenda til að hlýða lögmætum fyrirmælum sem starfsfólk öryggisþjónustustaðar sem það dvelur á gefur þeim. Er hér átt við fyrirmæli um að t.d. fylgja reglum öryggisþjónustustaðarins.

Um 51. gr.

Í greininni er lögð skylda á Öryggisþjónustu ríkisins og öryggisþjónustustaði, hvort sem er á vegum Öryggisþjónustunnar eða annars aðila, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi notenda, starfsfólks, heimsóknargesta og annarra gegn hvers kyns ofbeldi og misnotkun á öryggisþjónustustöðum. Viðeigandi öryggisráðstafanir þurfa að vera til staðar, umhverfi og aðbúnaður á öryggisþjónustustöðum að vera í lagi, og skýrar og aðgengilegar leiðir til að koma ábendingum á framfæri um grunsemdir um misbresti. Þá er ekki síður mikilvægt að fylgja ábendingum eftir. Allir þurfa að geta komið á framfæri ábendingum, hvort sem er notendur sjálfir, aðstandendur þeirra, trúnaðarmenn eða tilsjónarmenn þeirra, starfsfólk og aðrir.

Um 52. gr.

Í greininni er kveðið á um að forstöðumaður eða yfirlæknir öryggisþjónustustaðar geti tekið ákvörðun um að leggja hald á og gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til á öryggisþjónustustað. Með ákvæðinu er forstöðumanni eða yfirlækni öryggisþjónustustaðar fengin nauðsynleg heimild til að bregðast við finnist munir á öryggisþjónustustað sem óheimilt er að hafa þar, sbr. 33 gr. Um er að ræða ólöglega og/eða hættulega muni, svo sem fíkniefni og vopn.

Samkvæmt 2. mgr. getur forstöðumaður eða yfirlæknir ákveðið að gera upptæka muni eða peninga sem finnast innan öryggisþjónustustaðar ef ekki er vitað hver eigandi þeirra er.

Um 53. gr.

Ákvæðið áréttar heimild notenda til að kjósa sér talsmenn úr röðum sínum til að vekja athygli á og vinna að málefnum sínum og til að koma fram fyrir þeirra hönd. Í þessu sambandi má minnast á vernd félagafrelsis í 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn. Þar er að finna ákvæði um skilyrði fyrir leit, líkamsleit og líkamsrannsókn, um ákvarðanatöku, tilkynningar vegna þeirra o.fl.

Um 54. gr.

Í 54. gr. er veitt heimild til að leita í vistarverum notanda í ákveðnum tilvikum. Í 1. mgr. er fjallað um þær ástæður sem ákvörðun um leit getur byggst á. Í 2. mgr. er kveðið á um leit vegna almenns eftirlits. Í 3. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að notandi skuli að jafnaði vera viðstaddur leit. Forstöðumanni eða yfirlækni öryggisþjónustustaðar er þó heimilt að víkja frá þessu, t.d. ef viðvera notanda getur truflað leitina. Jafnframt er fjallað um það að gera skuli skýrslu um leitina. Skýrslan skal send Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni.

Í 4. mgr. er kveðið á um að notanda skuli skýrt frá ástæðum fyrir leit nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Þá er mælt fyrir um að ákvörðun um leit skuli tekin með rökstuddri bókun.

Í 5. mgr. kemur fram að tilsjónarmanni skuli tilkynnt um leit í vistarverum notanda og ástæður hennar. Gert er ráð fyrir því að tilsjónarmaður geti fengið afrit af rökstuddri bókun sem og notandi.

Um 55. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til að leita á notanda og í fötum hans við komu á öryggisþjónustustað, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit. Er þessi heimild nauðsynleg til að koma í veg fyrir að notandi hafi í vörslum sínum muni eða efni sem honum er óheimilt að hafa á öryggisþjónustustað.

Í 2. mgr. er áréttað að ef leitað er á notanda innanklæða skuli það gert af starfsmanni sama kyns. Forstöðumanni eða yfirlækni er veitt heimild til að ákveða annað ef brýnir hagsmunir notanda krefjast þess.

Um 56. gr.

Í greininni er forstöðumanni eða yfirlækni veitt heimild til að taka ákvörðun um líkamsrannsókn á notanda ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 54. gr. Um er að ræða muni eða efni sem refsivert er að hafa í vörslum sínum, hafa orðið til við refsiverðan verknað, smyglað hefur verið inn á öryggisþjónustustað, eða notanda er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í vistarverum samkvæmt reglum öryggisþjónustustaðar. Er heimild þessi nauðsynleg til að tryggja öryggi notenda og starfsfólks öryggisþjónustustaða. Þá er einnig heimilt að taka öndunar-, blóð- eða þvagsýni eða annars konar lífsýni úr notanda ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna. Heimilt er að gera það þegar notandi kemur á öryggisþjónustustað, t.d. eftir heimsókn frá öryggisþjónustustað, og við almennt eftirlit. Áréttað skal að meðalhöfsregla gildir þegar heimildum samkvæmt kafla þessum er beitt.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á notanda skal taka með rökstuddri bókun og skal tilkynna Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni notanda um hana. Skulu fyrrnefndir aðilar einnig að jafnaði fá afrit af bókuninni, sbr. 2. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. skal lækni eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis. Þegar líkamsrannsókn er gerð skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd, sbr. 4. mgr., og senda ber Öryggisþjónustunni og tilsjónarmanni notanda skýrsluna.

Um 57. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að stjórnsýslukæra fresti ekki aðgerðum samkvæmt ákvæðum kaflans. Er það vegna eðlis aðgerðanna, en þær ná ekki tilgangi sínum ef hægt er að fresta þeim með því að kæra þær.

Um IX. kafla.

Kaflí IX. fjallar um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað. Að baki ákvæðum kaflans býr það markmið að tryggja að nauðung sé ekki beitt nema í algjörum undantekningartilvikum. Mikilvægi meðalhófs verður seint undirstrikað nægilega í þessu sambandi. Jafnframt verður nauðung að vera framkvæmd faglega og af hæfum einstaklingum. Enn fremur verður að tryggja réttaröryggi notenda. Ákvæði kaflans eru að mörgu leyti sambærileg ákvæðum laga um hliðstæð efni, s.s. V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

## Um 58. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er áréttuð meginreglan um bann við beitingu nauðungar á öryggisþjónustustað og bann við fjarvöktun. Bannið á við um þá nauðung sem er umfram það sem felst eðli málsins samkvæmt í þeirri öryggisgæslu eða -vistun sem einstaklingur sætir. Í þessu sambandi má áréttá ólíkar öryggiskröfur sem felast í mismunandi öryggisstigum innan og á milli öryggisþjónustustaða. Fjarvöktun og beiting nauðungar er bönnuð samkvæmt þessu ákvæði nema samkvæmt ákvörðun á grundvelli 60. gr. eða ef um er að ræða neyðartilvik samkvæmt 61. gr.

Í 2. mgr. er áréttuð að óheimilt er að grípa til nauðungar í refsiskyni.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skulu öryggisþjónustustaðir sjá til þess að starfsfólk fái viðhlítandi fræðslu um hvað nauðung sé og til hvaða aðgerða megi grípa til þess að koma í veg fyrir að beita þurfi nauðung. Þetta skal gert áður en starfsfólk hefur störf eða eins fljótt og hægt er eftir það. Í þessu samhengi er vert að minna á að í II. kafla þessa frumvarps er ákvæði um hjálfun og þekkingu starfsfólks öryggisþjónustustaða sem gerir ráð fyrir að starfsfólk hafi sótt nám þar sem það öðlast m.a. þekkingu og færni hvað þetta varðar. Þá skal fræðslufni um aðferðir til að draga úr nauðung sem og um heimildir til að beita nauðung vera aðgengilegt notendum, aðstandendum þeirra og öðrum sem gæta hagsmuna notenda. Til þeirra sem gæta hagsmuna notenda teljast m.a. tilsjónarmenn, trúnaðarmenn, réttindagæslumenn og persónulegir talsmenn.

Í 4. mgr. er tekið fram að lög þessi gangi framar en V. kafli laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk m.s.b. Sá kafli fjallar einnig um bann við beitingu nauðungar og á við þegar til greina kemur að beita þurfi fatlaðan einstakling nauðung á heimili sínu.

## Um 59. gr.

Í greininni er nauðung og fjarvöktun skilgreind. Jafnframt eru talin upp dæmi um nauðung. Þau eru ekki tæmandi talin. Nauðung samkvæmt lögnum er athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum.

Þá eru talin upp dæmi um tilvik sem teljast til nauðungar.

Með líkamlegri valdbeitingu í a-lið er átt við það þegar líkamlegu valdi er beitt, t.d. í því skyni að koma í veg fyrir sjálfsskaða eða draga úr skaðlegri hegðun, hvort sem er gagnvart öðrum einstaklingum eða að notandi valdi stórfelldu tjóni á eignum sínum eða annarra.

Undir lið b fellur það að læsa vistarverum notanda eða hluta þeirra, t.d. eldhúsi, þvottahúsi, geymslu eða öðru svæði sem tilheyrir notanda.

Með öryggisherbergi í c-lið er átt við að notandi sé læstur inni á sérstökum öruggum gangi eða í sérstöku öruggu herbergi á öryggisþjónustustað.

Samkvæmt d-lið telst það til nauðungar að notandi er fluttur milli staða gegn vilja sínum. Hér er t.d. átt við það ef notandi neitar að fara úr vistarverum annars notanda eða öðru svæði sem hann er ekki velkominn á.

Það að takmarka aðgang notanda að eignum sínum eða fjarlægja þær gegn vilja hans telst til nauðungar skv. e-lið. Um getur verið að ræða ýmis konar muni svo sem síma, matvæli, snyrti- og hreinlætisvörur og föt. Munir sem óheimilt er að hafa á gæslustað falla ekki hér undir.

Í 2. mgr. er fjarvöktun skilgreind sem rafræn vöktun með myndavél eða hljóðnema.

Skal það áréttuð að óheimilt er að banna notanda að fá sér t.d. kaffi eða sígarettu. Er því ekki heimilt að nota það til að þvinga notanda til að gera eða láta hjá líða að gera tilteknar athafnir.



## Um 60. gr.

Í greininni er fjallað um undanþágur frá banni við fjarvöktun og beitingu nauðungar. Eins og þar segir er óheimilt að víkja frá banni við beitingu nauðungar nema í sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum. Tilgangur nauðungarinnar þarf að vera annað hvort að koma í veg fyrir að notandi valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni eða að uppfylla grunnþarfir notanda, svo sem varðandi mat, heilbrigði og hreinlæti, eða til þess að draga úr hömluleysi sem af stuðningsþörf kann að leiða.

Áréttað skal að um sérstakar aðstæður þarf að vera að ræða og sterkar ástæður að liggja því að baki að beita nauðung. Þannig er t.d. óheimilt að beita nauðung til að koma í veg fyrir minniháttar eignatjón. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að beita nauðung til að koma í veg fyrir stórfellt eignatjón. Einnig er óheimilt að beita nauðung til að þvinga notanda til daglegra athafna, svo sem að bursta tennur eða borða morgunmat. Sé ástandið hins vegar farið að ógna heilbrigði notanda verulega getur í sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum verið nauðsynlegt að beita nauðung til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi.

Með fyrirbyggjandi aðgerðum er átt við aðgerðir til þess að koma í veg fyrir aðstæður sem geti kallað á hegðun þá sem lýst er í fyrri málslið 1. tölul., til dæmis ef fyrir liggur að viðkomandi bregðist illa við ákveðnum aðstæðum.

## Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um neyðartilvik. Ákvæðið á aðeins við um einstök tilvik sem ekki eru fyrirsjáanleg. Sé tilvik fyrirsjáanlegt getur hins vegar 60. gr. átt við, uppfylli tilvikið þau skilyrði sem sett eru þar.

Ákvæði þetta er sambærilegt 13. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk m.s.b., en í athugasemdum við þá grein segir eftirfarandi: „Í ákvæðinu er áréttað að þrátt fyrir bann 1. mgr. 10. gr. sé heimilt að beita nauðung í neyðartilvikum til þess að afstýra yfirvofandi líkamstjóni, stórfelldu eignatjóni eða röskun á almannahagsmunum. Í þeim tilvikum er ekki gerð krafa um að veitt hafi verið leyfi til undanþágu skv. 18 gr., enda mundi ákvæðið þá ekki þjóna tilgangi sínum. Gerð er sú krafa að þjónustuveitandi skrái ávallt slík tilvik og sendi upplýsingarnar til sérfræðiteymis skv. 14. gr. innan viku. Þó ber að árétta að þjónustuveitandi getur ekki byggt endurtekna beitingu nauðungar á þessu ákvæði enda er því ætlað að taka á einstökum tilvikum sem ekki eru fyrirsjáanleg. Ef hegðun sú sem um ræðir í ákvæðinu er endurtekin eða er fyrirsjáanleg afleiðing tiltekinna aðstæðna þarf þjónustuveitandi að sækja um undanþágu frá banni í samræmi við ákvæði laganna. Ákvæðið tekur eðli máls samkvæmt aðeins til beitingar nauðungar en ekki til fjarvöktunar enda yrði henni ekki beitt í neyðartilvikum líkt og hér um ræðir.“

## Um 62. gr.

Í greininni er fjallað um ákvarðanatöku um hvort veita eigi undanþágu frá banni við beitingu nauðungar eða fjarvöktun.

Í 1. mgr. er yfirlækni eða forstöðumanni öryggisþjónustustaðar falið að taka ákvörðun skv. 60. gr. um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun. Áður en hann tekur ákvörðun um undanþágu ber honum að leita eftir afstöðu notanda eftir því sem við verður komið. Einnig skal hann leita eftir afstöðu tilsjónarmanns notanda.

Þar sem kveðið er á um það að á öryggisþjónustustöðum skuli vera til staðar þekking um leiðir til að koma í veg fyrir þörf á beitingu nauðungar og aðferðir þegar nauðsynlegt er að grípa til þess er í frumvarpinu talið að yfirmenn öryggisþjónustustaða hafi nauðsynlega

þekkingu til að taka ákvörðun um hvort veita eigi undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Er sú leið farin í stað þess að hafa utanaðkomandi teymi sem metur það, eins og gert er t.d. í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Er þetta gert þar sem ákvarðanataka getur þurft að eiga sér stað á tiltölulega skömmum tíma. Þá er gert ráð fyrir því að úrskurðarnefnd velferðarmála meti ákvörðunina, en kveðið er á um sjálfkrafa kærufé til nefndarinnar í 64. gr.

Við mat á því hvort veita skuli undanþágu frá banninu skal yfirlæknir eða forstöðumaður líta til þess hvort skilyrði séu uppfyllt skv. 60. gr., en einnig til þeirra atriða sem talin eru upp í fjórum liðum í 2. mgr. ákvæðisins. Þau atriði sem þar eru talin eru í fyrsta lagi hvort leitað hafi verið annarra leiða sem ekki fela í sér nauðung. Í þessum lið felst árétting á meðalhófsreglunni en samkvæmt henni er óheimilt að beita nauðung séu aðrar leiðir færar sem ekki fela í sér beitingu nauðungar. Samkvæmt 2. tölulið skal líta til þess að sú nauðung sem fyrirhugað er að beita gangi ekki lengra en nauðsynlegt telst til þess að tilgangi hennar verði náð. Hér er einnig um að ræða sjónarmið um meðalhóf. Samkvæmt því skal ekki veita undanþágu frá banni við beitingu nauðungar sem felur í sér meira íþyngjandi nauðung en þörf er á að beita til að ná því markmiði sem að er stefnt. Beita verður því úrræði sem er minnst íþyngjandi. Samkvæmt 3. tölulið skal líta til menntunar og reynslu þeirra sem bera faglega ábyrgð á framkvæmd nauðungar. Mikilvægt er að starfsfólk hafi nægilega þekkingu og reynslu til að framkvæmd nauðungar sé eins fagleg og kostur er og framkvæmd á nærgætinn hátt með virðingu fyrir mannlegri reisn einstaklingsins. Þá skal samkvæmt 4. tölulið lítið til þess hvort nauðung geti komið niður á öðrum notendum á öryggisþjónustustaðnum.

Samkvæmt 3. mgr. skal ákvörðun um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun vera skrifleg og rökstudd. Þar skal greina með skýrum hætti til hvers konar aðgerða hún tekur og kveðið á um gildistíma hennar. Einnig skal greina þau skilyrði sem sett eru fyrir beitingu nauðungarinnar, svo sem hvernig skuli staðið að henni, hvaða kröfur séu gerðar til starfsfólks sem henni beitir og annað sem yfirlæknir eða forstöðumaður telur mikilvægt. Ef veitt er heimild til líkamlegrar valdbeitingar skal það gert að skilyrði að viðkomandi starfsfólk hafi sótt námskeið um líkamlega valdbeitingu. Í 4. mgr. eru talin fleiri atriði sem koma skulu fram í ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns.

Í 5. mgr. er það áréttað að verði breytingar á aðstæðum á meðan ákvörðun um undanþágu er í gildi, sem leiða til þess að ekki er lengur þörf á að beita nauðung, ber að láta af nauðunginni strax.

Í 6. mgr. er kveðið á um að yfirlækni eða forstöðumanni beri að kynna ákvörðun sína notandanum og tilsjónarmanni hans. Þá ber eftir atvikum að tilkynna réttindagæslumanni um ákvörðunina. Lagt er til að tilsjónarmanni og réttindagæslumanni sé tilkynnt um þessar ákvarðanir til að þess sé gætt að utanaðkomandi aðila sé gerð grein fyrir ákvörðuninni strax. Þannig sé hægt að tryggja aðhald og ytra eftirlit með ákvörðunum um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Í 64. gr. er kveðið á um sjálfkrafa kærufé til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal notanda og tilsjónarmanni gerð grein fyrir því ásamt rétti notanda til að bera málið undir dómstóla, sbr. 64. og 65. gr. Er þetta einnig með það að leiðarljósi að gæta réttinda einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

Um 63. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu öryggisþjónustustaða til að halda nákvæma og ítarlega skráningu um öll atvik þar sem einstaklingur er beittur nauðung eða fjarvöktun, hvort sem er á grundvelli undanþágu eða í neyðartilvikum. Nauðsynlegt er að til séu ítarlegar og góðar upplýsingar um hvers konar nauðung verið er að beita og hvers vegna og að hægt sé að kalla

þær fram með lítilli fyrirhöfn. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um tiltekin atriði sem taka skal fram í skráningu.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt 5. mgr. skulu öryggisþjónustustaðir mánaðarlega senda Öryggisþjónustu ríkisins skýrslu um beitingu nauðungar og fjarvöktunar. Upplýsingar um beitingu nauðungar í neyðartilvikum skulu hins vegar sendar innan viku frá atviki.

Um 64. gr.

Ákvörðun yfirlæknis eða forstöðumanns um að víkja frá banni við beitingu nauðungar og/eða banni við fjarvöktun sætir sjálfkrafa kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála. Ákvarðanir sem gilda í tiltekinn tíma þurfa almennt aðeins að fara einu sinni til úrskurðarnefndarinnar, þ.e. þegar ákvörðunin er tekin, en ekki í hvert skipti sem henni er beitt.

Þar sem um er að ræða ákvarðanir um mikil inngrip í sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga skal úrskurða í máli þótt gildistíminn sé liðinn, þ.e. ekki skal vísa máli frá á grundvelli þess að lögvarðir hagsmunir séu ekki lengur fyrir hendi. Sá sem er beittur nauðung hefur hagsmuni af því að fá afstöðu æðra stjórnvalds til þess hvort ákvörðun um beitingu nauðungar og framkvæmd hennar hafi verið í samræmi við lög þótt hún sé yfirstaðin.

Um 65. gr.

Ákvæðið kveður á um heimild til að bera úrskurð úrskurðarnefndar velferðarmála undir héraðsdóm. Héraðsdómur skal úrskurða í málinu innan viku frá því að kæra berst, jafnvel þótt aðgerðir sem málskot tekur til hafi liðið undir lok. Notandi hefur ríka hagsmuni af því að fá úr því skorið hvort nauðung sem hann hefur verið beittur hafi verið lögmæt, jafnvel þótt nauðungin hafi liðið undir lok. Í dómaframkvæmd er oft byggt á því að aðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnis þegar ráðstöfun sú er málið varðar er yfirstaðin. Líklegt má telja að oft yrði það raunin þegar mál af þessum toga kæmi fyrir dóm. Ákvarðanir þær sem hér um ræðir eru oftast skammtímaúrræði. Vegna þess væri það næsta þýðingarlaust að hafa heimild lögum samkvæmt til að láta reyna á nauðung fyrir dómi þegar næsta víst er að málinu yrði vísað frá sökum skorts á lögvörðum hagsmunum. Með ákvæðinu er þeim einstaklingum sem eru beittir nauðung tryggður réttur til að fá þær athafnir og ákvarðanir endurskoðaðar af dómstólum. Er þessu ætlað að auka réttaröryggi þessa viðkvæma hóps. Ekki þykir nægjanlegt að þessum einstaklingum standi helst til boða að höfða síðar skaðabótamál.

Um X. kafla.

Í kaflanum er fjallað um endurskoðun öryggisþjónustustaðar, öryggisstigs og framkvæmd annarra öryggisráðstafana. Öryggisþjónustan getur endurskoðað öryggisþjónustustað og öryggisráðstafanir innan marka dóms eða úrskurðar og gilda um þær ákvarðanir sambærilegar reglur og við upphaflega ákvörðun. Í kaflanum er einnig kveðið á um hvernig fara skal með mál þegar óskað er breytinga á öryggisgæslu eða -vistun eða öðrum öryggisráðstöfunum. Fer um þau mál eftir reglum þeirra laga sem öryggisráðstafanir eða öryggisvistun er byggð á. Í lokin er ákvæði um lok dvalar í öryggisgæslu eða öryggisvistun. Þar er kveðið á um gerð einstaklingsbundinnar áætlunar um áframhaldandi stuðning og þjónustu og eftirfylgni Öryggisþjónustunnar. Er það gert til að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu við einstakling þegar ábyrgð á þjónustu við hann flyst á milli þjónustuveitenda.

## Um 66. gr.

Í 1. mgr. er lögð skylda á Öryggisþjónustu ríkisins, öryggisþjónustustað og Barna- og fjölskyldustofu að gæta þess að notandi sé vistaður á þeim stað þar sem þörfum hans er best mætt. Í þessu felst að Öryggisþjónustan, öryggisþjónustustaðir og Barna- og fjölskyldustofa verða að vera vakandi fyrir breytingum á högum og þörfum notanda. Ef notandi er vistaður í ítrustu öryggisgæslu eða öryggisvistun en hefur náð framförum og betur fer á því að vista hann nú í almennri öryggisgæslu eða öryggisvistun ber að leggja málið í þann farveg að unnt sé að taka ákvörðun um breytingu á öryggisþjónustustað. Sama gildir ef notandi er vistaður í almennri öryggisgæslu eða öryggisvistun en hefur hrakað og hefur nú þörf á að vera vistaður í ítrustu öryggisgæslu eða öryggisvistun. Hið sama á við hafi barn verið vistað í barnaverndarúrræði sem hentar ekki lengur sökum aldurs eða breyttra aðstæðna barnsins. Þótt skyldan sé lögð á Öryggisþjónustuna, öryggisþjónustustaði og Barna- og fjölskyldustofu leiðir af starfsskyldum starfsfólks t.d. öryggisþjónustustaða að því ber að vekja athygli rétttra aðila á þeim breytingum sem hafa orðið á högum og þörfum notanda og sem þýðingu hafa fyrir ákvörðun um öryggisþjónustustað. Þannig getur starfsfólki borið að koma á framfæri ábendingu til yfirmanns síns innan öryggisþjónustustaðar og eftir atvikum Öryggisþjónustunnar. Til að tryggja reglubundna endurskoðun á dvalarstað notanda er mælt fyrir um í lok málsgreinarinnar að slík endurskoðun skuli fara fram á a.m.k. árs fresti.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að notandi, tilsjónarmaður, öryggisþjónustustaður eða Barna- og fjölskyldustofa geti óskað eftir því að Öryggisþjónusta ríkisins endurskoði öryggisþjónustustað telji þessir aðilar að notandi hafi þörf á að vera vistaður á öðrum öryggisþjónustustað. Komi fram beiðni frá þessum aðilum ber Öryggisþjónustu ríkisins að taka ákvörðun um hvort breyta eigi öryggisþjónustustað notanda. Áður en ákvörðun um endurskoðun eða breytingu á öryggisþjónustustað er tekin ber að afla álits matsteymis í samræmi við 21. gr., sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Sé mjög skammur tími liðinn frá því að notandi óskaði síðast eftir breytingu á öryggisþjónustustað er matsteymi heimilt að vísa til síðasta álits. Það felst í orðunum „að því marki sem það á við“.

Í 3. mgr. er áréttað að ákvæði 21. gr. laga þessara gilda um ákvarðanir um endurskoðun á öryggisþjónustustað, hvort sem er á grundvelli 1. eða 2. mgr. þessarar greinar. Það á m.a. við um álitsgjöf matsteymis og heimild notanda og tilsjónarmanns til að krefjast úrskurðar héraðsdóms.

## Um 67. gr.

Í greininni er fjallað um endurskoðun á framkvæmd annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu sem ákvörðuð er af Öryggisþjónustunni, þ.e. framkvæmd ráðstafana innan marka dóms. Ekki er því hægt að fella niður ráðstafanir samkvæmt þessu ákvæði, en um það gildir ákvæði 68. gr. um endurskoðun á öryggisráðstöfun fyrir dómi.

## Um 68. gr.

Um endurskoðun á öryggisráðstöfunum, þ. á m. öryggisgæslu, gildir VII. kafli almennra hegningarlaga. Í 1. mgr. greinarinnar er áréttað að notandi eða tilsjónarmaður geta óskað eftir endurskoðun á öryggisráðstöfunum fyrir dómi í samræmi við ákvæði hegningarlaga. Sama gildir um Ríkissaksóknara. Um endurskoðunina gilda ákvæði VII. kafla hegningarlaga og ákvæði laga um meðferð sakamála.

Í 2. mgr. er fjallað um feril máls þegar Öryggisþjónustan eða öryggisþjónustustaður telja tilefni til að endurskoða öryggisráðstöfun notanda. Skal þá Öryggisþjónustan koma þeirri afstöðu á framfæri við Ríkissaksóknara. Gert er ráð fyrir því að Ríkissaksóknari hlutist til um

að koma málinu í réttan farveg innan ákærvaldsins. Telji Öryggisþjónustustaður, þar sem notandi er vistaður, tilefni til að endurskoða Öryggisráðstöfun notanda ber Öryggisþjónustustaðnum að koma þeirri afstöðu á framfæri við Öryggisþjónustuna. Öryggisþjónustan skal þá koma þeirri afstöðu á framfæri við Ríkissaksóknara. Með þessu er tryggt að Ríkissaksóknari fái afstöðu þeirra stofnana þar sem notandi er vistaður og geti þar með sinnt þeirri skyldu sem er gert ráð fyrir að muni hvíla á embættinu um að gæta þess að Öryggisráðstöfun vari ekki lengur en nauðsyn krefur.

Sömuleiðis er í 3. mgr. áréttað að endurskoðun á Öryggisvistun fer eftir ákvæðum þeirra laga sem vistunin byggist á. Jafnframt er kveðið á um feril máls þegar Öryggisþjónustan eða Öryggisþjónustustaður, þar sem notandi er vistaður, telur tilefni til að endurskoða Öryggisvistunina. Með þessu er leitast við að tryggja að sú afstaða komist til skila til viðeigandi aðila.

#### Um 69. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gerð þjónustuáætlunar við lok dvalar, hvort sem er í Öryggisgæslu eða Öryggisvistun. Markmið ákvæðisins er að tryggja samfellu og samræmi í þjónustu og meðferð notanda eftir að dvöl lýkur. Með ákvæðinu er Öryggisþjónustunni veitt heimild til að hlutast til um að gerð sé áætlun um þjónustu og stuðning og eftir atvikum áframhaldandi meðferð eftir að dvöl lýkur í samvinnu við viðeigandi þjónustuaðila. Gera skal þjónustuáætlun nema notandi sé mótfallinn því og ljóst er að ekki sé þörf á henni. Öryggisþjónustan þarf því að meta hvers konar þjónustu, stuðning eða meðferð notandi hefur þörf fyrir eftir að dvöl lýkur og hafa samband við viðeigandi þjónustuveitendur, einkum viðeigandi þjónustuveitanda innan sveitarfélags, svo sem félagsþjónustuna. Þjónustuveitandi hefur forgöngu um gerð þjónustuáætlunarinnar í samvinnu við Öryggisþjónustuna og er skylt að gera slíka áætlun. Rétt þykir að notandi komi að gerð slíkrar áætlunar. Mikilvægt er að viðeigandi þjónustuveitandi bregðist skjótt og vel við beiðni Öryggisþjónustunnar og að sama skapi að haft sé samband við þjónustuveitendur með góðum fyrirvara svo nægur tími sé til að gera viðeigandi ráðstafanir. Æskilegt er að viðeigandi þjónustuveitandi innan sveitarfélags tilnefni fulltrúa til að vinna með Öryggisþjónustunni til að tryggja að notandi fái þá þjónustu sem hann hefur þörf fyrir eftir að dvöl lýkur. Ábyrgð á veitingu þjónustu eftir að dvöl lýkur er á hendi viðeigandi þjónustuveitanda. Til að mynda getur þurft að tryggja að einstaklingur fái búsetu við hæfi í því sveitarfélagi þar sem hann býr eða bjó áður en honum var gert að sæta Öryggisgæslu eða Öryggisvistun. Notandi skal aldrei vistaður lengur en nauðsyn krefur á Öryggisþjónustustað vegna skorts á félagslegum úrræðum.

Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar notanda hefur með dómsúrlausn verið veitt lausn úr Öryggisgæslu en gert að sæta öðrum Öryggisráðstöfunum. Þegar svo háttar til er mikilvægt að Öryggisþjónustan og þeir aðilar sem bera ábyrgð á að veita notanda þjónustu, s.s. félagsþjónusta sveitarfélags, eigi með sér samstarf um samþættingu Öryggisráðstöfunarinnar, sem Öryggisþjónustan ber ábyrgð á, og þjónustunnar, sem aðrir aðilar bera ábyrgð á. Þannig þarf að vera samvinna um framkvæmd Öryggisráðstafanna og ákveða tilhögun þeirra áður en aðili t.d. flytur í búsetuúrræði á vegum sveitarfélags.

#### Um 70. gr.

Samkvæmt ákvæðinu getur Öryggisþjónusta ríkisins boðið þjónustuveitendum upp á stuðning og eftirfylgni með þjónustu notanda í allt að sex mánuði eftir lok Öryggisgæslu eða eftir þörfum. Eftirfylgninni er ætlað að brúa bil á milli kerfa og tengja saman þjónustu sem notandi hefur fengið í Öryggisgæslu og þá þjónustu sem hann fær eftir að Öryggisgæslu lýkur.

Þegar stuðningur er veittur fylgir starfsmaður Öryggisþjónustunnar sem hefur þekkingu á þörfum notandans honum í þjónustu hjá sveitarfélagi. Starfsmaðurinn gæti t.d. verið einhver sem hefur verið í þverfaglegu teymi notandans.

#### Um XI. kafla.

Í XI. kafla eru ýmis lokaákvæði. M.a. er þar kveðið á um rétt til bóta sem auðveldar notanda að sækja bætur hafi hann sætt öryggisráðstöfun eða öryggisvistun án þess að lögmæt skilyrði hafi verið uppfyllt eða lengur en efni stóðu til, eða ef að ráðstöfunum hefur verið staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Þá er kveðið á um ábyrgð á framkvæmd og kostnaði við öryggisþjónustu, kveðið á um gildistöku laganna og um vinnslu persónuupplýsinga. Í lokin er kveðið á um breytingar á öðrum lögum. Annars vegar er kveðið á um breytingu á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þannig að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laga þessara. Hins vegar eru lagðar til breytingar á VII. kafla hegningarlaga. Helstu breytingarnar eru að lagt er til að ákvæði 62. gr. verði skýrt nánar og kveðið á um mælikvarða sem dómari styðst við þegar metið er hvort einstaklingi skuli vera gert að sæta öryggisráðstöfun. Þá er lagt til að öryggisráðstafanir verði ótímabundnar þegar um alvarlegustu brot er að ræða en tímabundnar til mest 5 ára í senn í öðrum tilvikum. Einnig er lagt til að sett verði nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um reglulega endurskoðun á öryggisráðstöfunum. Að öðru leyti er að mestu um orðalagsbreytingar að ræða þar sem ákvæði eru skýrð og færð til nútímalegra horfs.

#### Um 71. gr.

Fyrirmynd greinarinnar er 32. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 um rétt nauðungarvastaðs manns til bóta. Rétt þykir að kveðið sé í lögum þessum á um skýran rétt þeirra sem sæta þeim ráðstöfunum sem um ræðir til bóta, hafi skilyrði til ráðstafananna ekki verið uppfyllt, ráðstafanirnar staðið lengur en nauðsyn stóð til eða ef að framkvæmd þeirra hafi verið staðið með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti.

#### Um 72. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um kostnað vegna öryggisráðstafana. Í 1. mgr. er það áréttað að ráðherra beri ábyrgð skv. lögum þessum, sbr. 5. gr., og að þau haggi ekki ábyrgð sem aðrir aðilar bera skv. öðrum lögum. Er þar átt við m.a. ábyrgð sveitarfélaga á að veita þjónustu skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þá ber ríkið ábyrgð á heilbrigðisþjónustu, sbr. lög þar um.

Í 2. mgr. er fjallað um kostnað vegna öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir að lögheimilissveitarfélag greiði ígildi SIS-framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir einstakling í almennri öryggisgæslu á vegum Öryggisþjónustu ríkisins og að ríkissjóðir greiði umframkostnað sem fellur til. Greiðslur skulu gerðar upp árlega.

Kveðið er á um kostnað vegna annarra öryggisráðstafana en öryggisgæslu í 3. mgr., en allur kostnaður vegna þeirra greiðist úr ríkissjóði.

#### Um 73. gr.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um heimild til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga vegna þeirra verkefna sem kveðið er á um í lögnum. Verkefni Öryggisþjónustu ríkisins og annarra sem bera skyldur samkvæmt lögnum eru þess eðlis að nauðsynlegt er að stofnunin hafi heimild til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga. Frumvarpið kveður á um framkvæmd

öryggisþjónustu við einstaklinga og kemur á ákveðnu ferli og samvinnu á milli þeirra aðila sem koma að öryggisþjónustu skv. lögnum og annarri velferðarþjónustu til að hægt sé að tryggja samfellu í þjónustu við einstaklinginn og til að gæta réttaröryggis. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem fara með verkefni samkvæmt lögnum hafi heimild til vinnslu persónuupplýsinga og til að miðla upplýsingum sín á milli til að ná markmiðum laganna.

Um er að ræða upplýsingar um einstaklinga sem hafa með dómi eða úrskurði verið gert að sæta öryggisráðstöfunum eða öryggisvistun. Þeir aðilar sem þurfa að vinna með upplýsingarnar eru Öryggisþjónusta ríkisins, matsteymi skv. 13. gr., öryggisþjónustustaðir, barnaverndaryfirvöld, tilsjónarmenn, félagsþjónusta sveitarfélaga, ríkissaksóknari, úrskurðarnefnd velferðarmála og dómstólar.

Helstu verkefni sem krefjast vinnslu persónuupplýsinga eru eftirlit Öryggisþjónustunnar með öryggisþjónustustöðum (3. mgr. 6. gr.), skrá um þá sem fengið hafa dóma eða úrskurði um öryggisráðstafanir eða öryggisvistun (4. mgr. 6. gr.), mat á þjónustuþörf, ákvörðun og endurskoðun á öryggisþjónustustað og framkvæmd og endurskoðun annarra öryggisráðstafana (13., 21.-23. gr. og 66.-68. gr.), einstaklingsbundin þjónustuáætlun og eftirfylgni (25., 69. og 70. gr.), skráning upplýsinga vegna beitingu nauðungar (63. gr.) svo og önnur verkefni.

Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu þeirra sem lúta eftirliti Öryggisþjónustu ríkisins til að veita henni hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarf til að sinna verkefnum sínum. Um er að ræða öryggisþjónustustaði og staði þar sem börn eru í öryggisgæslu, en skv. 6. gr. hefur Öryggisþjónustan eftirlit með því að framangreindir staðir fari að lögum þessum.

Í 4. mgr. er áréttað að vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli ákvæðisins lýtur að öðru leyti reglum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Um 74. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um gildistöku laganna. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 1. tölul. b-liðar 75. gr. (62. gr. hgl.)

Núgildandi 62. gr. hegningarlaga kveður á um að sé „maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manningum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli.“

Ákvæðið hefur staðið efnislega óbreytt frá setningu hegningarlaga og er komið til ára sinna. Er af þeirri ástæðu og vegna þess að ákvæðið er um margt óskýrt þörf á að gera breytingar á og færa ákvæðið til nútímalegra horfs. Er hér tekið mið af dómvenju sem skapast hefur í þessum málum og framkvæmd öryggisráðstafana og kveðið skýrar á um hvenær grípa megi til hvaða öryggisráðstafana.

Hér er um að ræða einstaklinga sem eru dæmdir úr refsivörslukerfinu í heilbrigðis- og félagskerfi. Ekki er um refsingu að ræða þar sem fólk er ósakhæft eða refsing er ekki talin bera árangur. Ekki er verið að refsa fólki heldur grípa til öryggisráðstafana vegna réttaröryggis. Um er að ræða refsikennd viðurlög.

Ákvæði 1. mgr. er sambærilegt núgildandi 1. mgr. þar sem kveðið er á um að heimilt sé að gera ráðstafanir til að varna því að háski verði að manni ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, hafi maður verið sýknaður vegna sakhæfisskorts skv. 15. gr. eða refsing er ekki talin bera árangur skv. 16. gr. Þá er í stað þess að kveða á um heimild til að „koma honum

fyrir á viðeigandi hæli“ talað um öryggisgæslu. Aðrar vægari ráðstafanir eru einnig uppfærðar til samræmis við gildandi venju og breytt umhverfi. Meðal vægari ráðstafana samkvæmt ákvæðinu eru trygging, eftirlit, þar á meðal rafrænt eftirlit og fylgd eftirlitsmanns, meðferð, þar á meðal geðmeðferð og meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar, ákvörðun dvalarstaðar, vinnu og umgengni við ákveðna einstaklinga.

Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarps þessa, þar sem skilgreind eru ýmis hugtök, er með öryggisgæslu átt við ráðstöfun sem fólgin er í vistun einstaklings, sem annað hvort er ósakhæfur eða svo er ástatt um að refsing getur ekki borið árangur, á öryggisþjónustustað til að varna því að háski verði að honum. Gert er ráð fyrir því að öryggisgæsla geti verið á misháum öryggisstigum í samræmi við þarfir notanda og að þar sé veittur einstaklingsbundinn stuðningur, þjónusta og meðferð. Öryggisgæsla er veitt á viðeigandi stað og er hér gert ráð fyrir að þeir verði á réttargeðdeild, sérhæfðri geðdeild Landspítalans, þar sem veitt er sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta fyrir ósakhæfa einstaklinga sem þurfa að meginstefnu til á geðheilbrigðisþjónustu að halda. Einnig mun verða öryggisþjónustustaður á vegum Öryggisþjónustu ríkisins, en hafinn er undirbúningur við byggingu þess úrræðis. Þar er gert ráð fyrir að þeir vistist sem hafi vanda af öðru tagi en þeir sem þurfa á meðferð réttargeðdeildar að halda, að vandinn geti verið af félagslegri toga. Þá er einnig gert ráð fyrir að hið nýja úrræði geti gagnast þeim sem hafa lokið meðferð á réttargeðdeild en ekki er talið rétt að veita fulla lausn úr öryggisgæslu. Þeir geti þá farið á hinn nýja öryggisþjónustustað og fengið viðeigandi þjónustu þar áður en þeir fá lausn úr öryggisgæslu.

Með öðrum öryggisráðstöfunum er átt við ráðstafanir sem fela ekki í sér jafn íþyngjandi og yfirgripsmiklar skerðingar og öryggisgæsla. Þar er um að ræða ráðstafanir til að tryggja réttaröryggi sem ganga ekki jafn langt og öryggisgæsla á öryggisþjónustustað. Gert er ráð fyrir að notandi geti að meginstefnu búið áfram á heimili sínu þrátt fyrir að sæta öðrum öryggisráðstöfunum en öryggisgæslu. Ráðstafanirnar geta m.a. falið í sér að notandi sæti tilteknu eftirliti, að hann sé í tiltekinni meðferð, eða ákvörðun um dvalarstað, vinnu eða umgengni við tiltekna einstaklinga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Öryggisþjónusta ríkisins taki við dómum og úrskurðum um öryggisráðstafanir og öryggisgæslu og beri ábyrgð á því að framfylgja dómsúrlausnunum.

Í 2. mgr. er fjallað um atriði sem líta skal til við mat á því hvort og þá hvaða öryggisráðstöfun er nauðsynleg vegna réttaröryggis. Atriðin sem þar eru talin eru ekki tæmandi talin. Við mat samkvæmt ákvæðinu má m.a. líta til áhættumats sem hefur forspárgildi um skaðlega hegðun. Í dag er notað svokallað HCR-20 mat.

Í 3. mgr. er kveðið á um tímalengd öryggisráðstafana. Öryggisgæsla sem maður er dæmdur til að sæta skal vera ótímabundin þegar hann hefur gerst sekur um allra alvarlegustu brotin, þ.e. manndráp, rán, frelsissviptingu, alvarlega líkamsárás, brennu, nauðgun eða annað alvarlegt kynferðisbrot eða fyrir tilraun eða hlutdeild til slíkra brota. Ástæða þess að hér er kveðið á um ótímabundna ráðstöfun er að hér er um að ræða alvarlegustu afbrotin. Skal þó bent á að skv. 5. tl. b-liðar þessa ákvæðis (67. gr. a hgl. um endurskoðun) skal endurmeta öryggisráðstöfun reglulega.

Í 4. mgr. er kveðið á um tímalengd öryggisráðstafana vegna annarra brota en þeirra sem tiltekin eru í 3. mgr. Samkvæmt greininni skal hámarkstími öryggisráðstöfunar ekki vera lengri en fimm ár. Þá er heimilt að framlengja tímann um fimm ár í senn að kröfu ákærvaldsins. Ef kveðið er á um öryggisráðstafanir í nýrri dómsúrlausn telst tíminn frá uppkvaðningu þeirrar úrlausnar.



Í 5. mgr. er svo kveðið á um skipun tilsjónarmanns þeirra sem dæmdir eru til að sæta öryggisráðstöfun. Um tilsjónarmenn gildir III. kafli þessa frumvarps. Er þar m.a. kveðið á um hæfisskilyrði, hlutverk og skipun þeirra.

Um 2. tölul. b-liðar 75. gr. (63. gr. hgl.)

Í greininni er fjallað um öryggisráðstafanir er maður er dæmdur til að sæta verði svo ástatt um hann sem í 15. eða 16. gr. segir eftir að hann hefur framið refsiverðan verknað en áður en endanlegur dómur gengur í máli hans. Þ.e. sakhæfisskortur skv. 15. gr. eða refsing er ekki talin bera árangur skv. 16. gr. Er 1. mgr. ákvæðisins efnislega samhljóða núgildandi ákvæði en orðalag fært til nútímalegra horfs og til samræmis við aðrar breytingar á kaflanum.

Samkvæmt 2. mgr. eiga ákvæði 5. mgr. 1. tölul. b-liðar 75. gr. þessa frumvarps, þ.e. 62. gr. hgl. um skipun tilsjónarmanns og 5. tölul. sama ákvæðis frumvarpsins, þ.e. 67. gr. a hgl. um endurskoðun ráðstafana við þegar maður er dæmdur til að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt ákvæði þessu.

Í 3. mgr. er áréttað að hafi maður verið dæmdur til refsingar en fluttur í öryggisgæslu á grundvelli dóms skv. 1. mgr. skuli dvölin þar koma til frádráttar refsingu.

Um 3. tölul. b-liðar 75. gr. (65. gr. hgl.)

Í 65. gr. er kveðið á um að dæma megí mann sem ekki getur „haft hemil á drykkjufýsn sinni“ til lækningar á viðeigandi hæli. Dvölin geti verið allt að 18 mánuðum eða 3 árum ef ítrekun á sér stað. Ákvæði þetta er komið til ára sinna og hefur sjaldan verið beitt, og aldrei nýlega svo vitað sé til. Hér á landi er ekki til staðar „viðeigandi hæli“. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott.

Um 4. tölul. b-liðar 75. gr. (67. gr. hgl.)

Í greininni er kveðið á um öryggisráðstafanir sem einstaklingur er dæmdur til að sæta eftir að hann hefur afplánað fangelsisrefsingu. Lagt er til að núgildandi ákvæði verði breytt þannig að tiltekið sé að aðeins sé hægt að beita ákvæðinu fyrir alvarleg brot sem þar eru upp talin, þ.e. manndráp, stórfellda líkamsárás eða annað gróft ofbeldis- eða kynferðisbrot, eða tilraun til slíkra brota. Þá er að auki skilyrði um að dómur telji verulegar líkur á því í ljósi sakaferils og andlegs ástands viðkomandi við lok afplánunar, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja ofbeldis- eða kynferðisbrot þegar afplánun líkur. Hann sé því hættulegur umhverfi sínu. Séu fyrrgreind skilyrði uppfyllt má dómari ákveða í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákærvaldsins, að beita skuli öryggisráðstöfunum skv. 62. gr. almennra hegningarlaga. Ákærvaldið skal höfða mál að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir lok afplánunar. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að ákveða að vistun manns fari fram í fangelsi, sé það ekki talið andstætt hagsmunum hans.

Um 5. tölul. b-liðar 75. gr. (67. gr. a hgl.)

Í greininni er kveðið á um endurskoðun á öryggisráðstöfunum. Lögð er skylda á ríkissaksóknara að gæta þess að öryggisráðstafanir sem einstaklingi er gert að sæta vari ekki lengur eða séu umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

Samkvæmt 2. mgr. skal ríkissaksóknari leita úrskurðar dómstóls eigi síðar en 5 árum eftir uppkvaðningu dóms um ótímabundna öryggisgæslu um hvort vistunin teljist lengur nauðsynleg eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum í stað vistunar.

Einnig geta fleiri aðilar sem taldir eru í 3. mgr. óskað endurskoðunar á öryggisráðstöfun.

Samkvæmt 4. mgr. sæta úrskurðir samkvæmt þessari grein kæru til Landsréttar og Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru í sakamálum.